


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




ÚTSALA
20–80%
Bætum við vörum
Hækkum afsláttinn
Nýtt kortatímabil
byggt og búið
Sími 568 9400 KRINGLUNNI


# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
14. janúar 2011
11. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI


## Jeppagengjanna var sárt saknað



*Fjölmörg ný skjöl sem tengjast Íslandi voru birt á Wikileaks í gær þar á meðal um Afganistan.*

fréttir 12

## Eins og blint stefnumót

*Sverre Jakobsson segir frá sérstöku sambandi sínu og „Didda" í varnarmúr handboltalandsliðsins.*

föstudagsviðtalið 18




## Ekki til Íslands í bráð

*Sænski fatarisinn H&M hefur engin áform um að opna verslun á Íslandi eins og vonir stóðu til.*

fólk 38

## veðrið í dag




**STORMUR S-LANDS** fram á síðdegið en annars lægir smám saman, síst á Vestfjörðum. Víða slydda eða snjókoma einkum NV-til og rigning SA-til síðdegis. Hlýnar í veðri.

VEÐUR 4

# Börnin sitja heima vegna sorpbrennslu

**Íbúi á Kirkjubæjarklaustri gagnrýnir staðsetningu sorpbrennslu hart í bréfi til sveitarstjórnar og lýsir áhyggjum af mengun, meðal annars af díoxíni. Grunnskólinn, sundlaugin og íþróttahúsið eru svo gott sem í sama húsinu.**

**UMHVERFISMÁL** „Við sendum börnin okkar ekki í skólann á meðan þetta er svona," segir Oddur Bjarni Thorarensen, byggingatæknifræðingur á Kirkjubæjarklaustri. Hann gagnrýnir staðsetningu sorpbrennslunnar á staðnum hart í bréfi til sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

„Ég veit ekki hvernig ég leysi þetta mál en það gæti farið svo að við yrðum að flytja héðan frá Klaustri," segir Oddur Bjarni.

Fréttablaðið greindi frá því 5. janúar síðastliðinn að mæling á Kirkjubæjarklaustri árið 2007 sýndi að díoxín í útblæstri var 95-falt yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar EES um nýjar sorpbrennslur. Eins og komið hefur fram í fréttaflutningi undanfarið er díoxín mjög eitrað efni.

> **95** sinnum hærra díoxínmagn en viðmiðunarmörk segja til um, mældist á Kirkjubæjarklausti árið 2007.

„Þannig háttar til á Klaustri að allt er í einni bendu og samvaxið, sorporkustöðin, íþróttahúsið, sundlaugin, skólinn og reykháfur sorporkustöðvarinnar. Þannig eru um tuttugu metrar lárétt frá reykháf út í miðja laug, sama fjarlægð í leiksvæðið við skólann og sama fjarlægð í loftinntak loftræstikerfisins fyrir samstæðuna," skrifar Oddur Bjarni. Hann segir í viðtali við Fréttablaðið að á meðan nokkur vafi leiki á hollustu nábýlisins við sorpbrennsluna eigi þeir sem mest eiga undir, skólabörn og íbúar á Klaustri, að njóta hans.

Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, segir gagnrýnina ekki að öllu leyti réttmæta. Hún bendir á að allir, þar á meðal eftirlitsstofnanir, hafi gert lítið úr mengunarhættu þegar sorpbrennslunni var valinn staður.

Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur á Kirkjubæjarklaustri, hefur kallað saman stjórn foreldrafélagsins á staðnum í næstu viku, en hann er formaður félagsins.

- shá / sjá síðu 6




**ALLT LAGT Í SÖLURNAR** Íslenska handboltalandsliðið hefur leik í dag á heimsmeistaramótinu í Svíþjóð. Fyrsti leikurinn er gegn Ungverjum og hefst klukkan 16. Hann verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tvíhöfði aftur á skjáinn:

## Borgarstjórinn með spjallþátt

**FÓLK** Borgarstjórinn Jón Gnarr og félagi hans úr Tvíhöfða, Sigurjón Kjartansson, stýra nýjum sjónvarpsþætti, Tvímælalaust, á Stöð 2. Þátturinn hefur göngu sína í næstu viku.



JÓN GNARR

Jón segir þáttinn vera umræðuþátt sem taki á öllu milli himins og jarðar. „Ég verð svona fastagestur en Sigurjón stjórnar honum. Sigurjóni gefst tækifæri til að spyrja mig út í hluti og síðan bjóðum við fólki úr öllum stéttum þjóðfélagsins að koma og ræða við okkur um landsins gagn og nauðsynjar."

- fgg / sjá síðu 38

Ögmundur um Indlandsmál:

## Málið strandar hjá indverskum stjórnvöldum

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir mál íslensku fjölskyldunnar á Indlandi stranda hjá indverskum stjórnvöldum. Ráðuneytið sé að gera allt sem í þess valdi stendur til að fá barnið heim.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

„Við leggjum mjög ríka áherslu á að barnið komist til Íslands sem allra fyrst," segir Ögmundur. „Þetta er ekki viljaleysi innan ráðuneytisins sem veldur því að svo er ekki þegar orðið."

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segir stjórnvöldum skylt að gera það sem barninu sé fyrir bestu þar sem það er nú þegar orðið íslenskur ríkisborgari.

- sv / sjá síðu 10

Annar bankastjórinn í yfirheyrslu í allan gærdag og hinn væntanlegur eftir helgi:

## Sjö Landsbankamenn yfirheyrðir

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari yfirheyrði í gær sjö starfsmenn gamla Landsbankans vegna rannsóknar á meintri stórfelldri markaðsmisnotkun fyrir hrun. Nokkrir voru handteknir. Tugmilljarðar viðskipta eru undir í rannsókninni.

Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri, var einn hinna yfirheyrðu, líkt og Elín Sigfúsdóttir, sem var forstöðumaður á fyrirtækjasviði gamla bankans.

Steinþór Gunnarsson, forstöðumaður verðbréfamiðlunar, Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs, og Ívar Guðjónsson, forstöðumaður eigin fjárfestinga, voru einnig meðal yfirheyrðra, samkvæmt heimildum blaðsins, líkt og tveir starfsmenn eigin fjárfestinga: Júlíus Steinar Heiðarsson og Sindri Sveinsson. Enginn þeirra starfar í Nýja Landsbankanum.

Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri, sem er búsettur í Kanada, hefur verið boðaður til yfirheyrslu og er væntanlegur til landsins eftir helgi.

- sh / sjá síðu 2



Asphalia – Náttúrulegur svefn
Fæst í apótekum og heilsubúðum

HOTELBOKANIR.IS



## SPURNING DAGSINS



*Ásgeir, voru þetta þrjú tonn af sandi?*

Nei, þetta er miklu meira. Öruggléga 300.000 tonn.

Ásgeir Erling Gunnarsson er formaður íbúasamtaka Bryggjuhverfis í Grafarvogi. Íbúar kvarta sáran yfir sandfoki og sinnuleysi borgarinnar.

Innanríkisráðuneytið kallar eftir svörum frá sýslumönnum:

# Spyr sýslumenn um túlkamál

**JAFNRÉTTI** Innanríkisráðuneytið hefur sent sýslumannsembættum um allt land fyrirspurn vegna túlkaþjónustu erlendra einstaklinga í málum sem embættin hafa til meðferðar.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum finnst konum af erlendum uppruna sem réttindi þeirra séu ekki nægilega varin, því sýslumenn telja sig ekki bera skyldu til þess að útvega þeim túlk.

Jafnvel þekkist dæmi um að eiginmenn erlendra kvenna túlki fyrir þær í málum tengdum skilnaði og forræði yfir börnum.



**SÝSLUMENN** Innanríkisráðuneytið hefur spurt sýslumannsembætti landsins út í verklagsreglur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Af því tilefni óskar ráðuneytið eftir því að embættin upplýsi sem fyrst um fyrirkomulag þeirra vegna meðferðar mála sem tengjast erlendum einstaklingum.

Meðal annars er spurt hvort í þeim tilfellum, sem einstaklingi hafi verið gert að útvega sér túlk sjálfur, hafi verið gerðar kröfur um að túlkur sé ekki gagnaðili í viðkomandi máli.

Ráðuneytið veltir einnig upp þeirri spurningu hvernig sú stefna sýslumannsembætta, að útvega erlendum einstaklingum ekki túlkaþjónustu, samræmist stjórnsýslulögum sem kveði á um rétt málsaðila til andmæla og upplýsinga. - þj

Jarðskjálfti í Grímsvötnum:

# Líklega stærsti skjálfti í 77 ár

**NÁTTÚRA Tveir öflugir jarðskjálftar urðu í Grímsfjalli við Grímsvötn í Vatnajökli um níuleytið í gærmorgun. Sá fyrri mældist 3,5 og sá síðari 4,2 á Richter.**

**Talið er að ekki hafi mælst jafn öflugur skjálfti á þessu svæði síðan árið 1934. Verið er að kanna gögn hjá Veðurstofunni til að sannreyna það.**

**Skjálftinn sem varð á þessu svæði fyrir um 80 árum mældist 4,5 á Richter og leiddi sá af sér eldgos. Grímsvötn eru ein af virkustu eldstöðvum á landinu. - sv**



**ENN SAKNAÐ** Bíllinn sem fannst í gær. Matthíasar er enn leitað. MYND/LÖGREGLAN

Matthíasar enn saknað:

# Fundu bílinn í malarnámu

**LÖGREGLUMÁL Bifreið Matthíasar Þórarinssonar, sem saknað hefur verið frá því fyrir jól, fannst í gær í malarnámum nærri heimili hans en leit að Matthíasi stendur enn yfir.**

**Bifreiðin var brunnin og telur lögregla víst að hún hafi brunnið fyrir nokkru.**

**Matthías er 21 árs, um 180 sm á hæð og ljósskolhærður. Hann þykir skera sig nokkuð úr hvað varðar klæðaburð, er stundum í fötum sem hann saumar sjálfur.**

**Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir Matthíasar eru beðnir um að hafa samband við lögreglu í síma 444-1000. - þj**

Bandarísku sendiráðsskjölin:

# Opna dyr að lokuðum heimi

**WIKILEAKS** Bandarísku sendiráðsskjöl Wikileaks opna lesendum dyr að heimi diplómata sem fram til þessa hafa verið öðrum lokaðar.

Þetta segir Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins. Hann var á meðal frummælenda á fundi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála í Háskóla Íslands í gær. Þar var fjallað um það hvort skýrslur erlendra sendimanna væru traustar heimildir um íslensk stjórnmál.

Styrmir sagði skjölin sýna úrelt vinnubrögð diplómata og ekki útilokað að þau breytist í kjölfar birtingar skjalanna. - jab

# Tugmilljarða vafasöm viðskipti til skoðunar

## Sérstakur saksóknari yfirheyrði sjö starfsmenn gamla Landsbankans vegna rannsóknar á allsherjar markaðsmisnotkun bankans fyrir hrun. Milljarðalán til þriggja huldufélaga og Sigurðar Bollasonar meðal þess sem er til skoðunar.

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari yfirheyrði sjö manns í gær vegna rannsóknar sinnar á allsherjar markaðsmisnotkun Landsbankans og gerði húsleit á þremur stöðum. Nokkrir hinna yfirheyrðu voru handteknir í gærmorgun. Tugmilljarða viðskipti eru til rannsóknar.

Rannsóknin beinist aðallega að starfsmönnum gamla Landsbankans. Meðal þeirra sem sátu í yfirheyrslum í allan gærdag voru Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri, Elín Sigfúsdóttir, sem var forstöðumaður fyrirtækjasviðs gamla Landsbankans og sat í lánanefnd bankans en varð um skeið bankastjóri eftir hrun.

Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri bankans, er búsettur í Kanada en hefur verið boðaður í yfirheyrslu að sögn lögmanns hans, Friðjóns Arnar Friðjónssonar. Hann hyggst hlýða kallinu og er væntanlegur til landsins eftir helgi.

Ekki fékkst upp gefið hvar húsleitirnar voru gerðar, en þær voru ekki í Landsbankanum. Ólafur Hauksson, sérstakur saksóknari, segir að húsleitirnar hafi verið lítill hluti aðgerðanna í gær og hafi tekið skamman tíma.

Rannsóknin snýr að meintri markaðsmisnotkun Landsbankans, í því skyni að hífa upp hlutabréf í bankanum með ólögmætum viðskiptum. Þá eru til rannsóknar lán til fjögurra félaga í gegnum Landsbankann í Lúxemborg, með sjálfsskuldarábyrgð bankans hér á landi. Ástæða þess að lánin voru veitt í gegnum Lúxemborg var sú, að því er segir í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, að viðskiptavinir föluðust oft eftir því fyrirkomulagi þar sem bankaleynd í Lúxemborg var mun strangari en hér.



**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI** Starfsmenn sérstaks saksóknara yfirheyrðu sjö fyrrum starfsmenn Landsbankans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON

ELÍN SIGFÚSDÓTTIR

Félögin fjögur eru Hunslow S.A., Bruce Assets Limited, Pro-Invest Partners Corp og Sigurður Bollason ehf. Öll eru þau nefnd í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, nema Bruce Assets, á lista yfir áhættuskuldbindingar sem Landsbankinn á Íslandi keypti af Landsbankanum í Lúxemborg í aðdraganda hrunsins. Lánin sem keypt voru námu í heild tæpum 800 milljónum evra, eða um 120 milljörðum króna að núvirði. Sá gjörningur er einnig til rannsóknar.

Félagið Sigurður Bollason ehf. er, eins og nafnið gefur til kynna, í eigu athafnamannsins Sigurðar Bollasonar. Það fékk 3,5 milljarða lánaða til að kaupa bréf í Landsbankanum. Ekki liggur að fullu fyrir hverjir standa að hinum félögunum þremur og mun rannsóknin að hluta snúa að því.

Þá eru til rannsóknar kaup aflandsfélaga sem héldu um kauprétt starfsmanna bankans á hlutabréfum í bankanum og lán frá bankanum til þeirra kaupa.

stigur@frettabladid.is



**GALLAGRIPIR** Vélar frá fyritækinu Furu klippa niður ramma sem þurfti að fjarlægja vegna galla. FRÉTTABLAÐIÐ /VILHELM

Gallað stálvirki Hörpu:

# 420 tonn send í endurvinnslu

**UMHVERFISMÁL** Endurvinnslufyrirtækið Fura tók í gær við um 420 tonna farmi til endurvinnslu, en um var að ræða gallaðar einingar úr glerskreytingu utan af tónlistarhúsinu Hörpu.

Eins og fram hefur komið var stór hluti grindarinnar undir glerverginn, sem hannaður er af Ólafi Elíassyni, gallaður og mátti því skipta um stóran hluta hennar.

Haraldur Þór Ólason, framkvæmdastjóri Furu, sagði að grindurnar yrðu klipptar niður og sendar sem brotajárn út til Spánar þar sem þær verða bræddar og endurunnar. - þj

Svifryksmengun í Reykjavík:

# Yfir mörkum í sjötta sinn í ár

**UMHVERFISMÁL Styrkur svifryks í andrúmslofti í Reykjavík fór að öllum líkindum yfir heilsuverndarmörk í gær, en það er í sjötta skiptið á þessu ári sem slíkt gerist. Heilsuverndarmörk eru 50 míkrógrömm á rúmmetra lofts.**

**Samkvæmt tilkynningu heilbrigðiseftirlitsins eru margar ástæður bak við svifryksmengunina síðustu daga, meðal annars ryk úr umhverfi, bílaumferð og ryk af akvegum.**

**Báðar stöðvar eftirlitsins voru yfir heilsuverndarmörkum í gær þar sem svifryk við Grensásveg mældist 456 míkrógrömm á rúmmetra og 623 við Tunguveg. - þj**




Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra lýkur rannsókn á Lífeyrissjóði Kópavogs:

# Fór langt fram úr heimildum

**STJÓRNSÝSLA** Rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra á meintum brotum stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs er lokið.

Lífeyrissjóðurinn lánaði bæjaryfirvöldum í Kópavogi 600 milljónir króna í kjölfar bankahrunsins síðla hausts 2008 og námu lánin allt að fimmtungi eiginfjár sjóðsins. Hámark er tíu prósent.

Fjármálaeftirlitið, FME, taldi um mitt ár 2009 lánveitingar lífeyrissjóðsins ekki í samræmi við lög, stjórnina ekki hafa sinnt ítrekuðum kröfum um úrbætur og gefið rangar upplýsingar um skuldir bæjarins gagnvart sjóðnum. Í kjölfarið var þeim fjórum bæjarfulltrúum í Kópavogi, sem sæti áttu í stjórn lífeyrissjóðsins, vikið frá. Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, var formaður stjórnar lífeyrissjóðsins. FME kærði stjórn lífeyrissjóðsins til efnahagsbrotadeildar í júní 2009.

Í yfirlýsingu sem stjórnin sendi frá sér um svipað leyti segir að í kjölfar bankahrunsins hafi stjórn lífeyrissjóðsins talið að það þjóna hagsmunum sjóðsfélaga að ávaxta laust fé um tíma hjá Kópavogsbæ þótt það hafi ekki verið í fullu samræmi við heimildir.

Eftir því sem næst verður komist fer málið á borð saksóknara efnahagsbrota sem ákveður næstu skref. - jab



**TVEIR ÚR BÆJARSTJÓRNINNI** Gunnar I. Birgisson, fyrrverandi bæjarstjóri í Kópavogi, sat beggja vegna borðs þegar Lífeyrissjóður Kópavogs lánaði Kópavogsbæ háar fjárhæðir í hruninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sumarferdir.is

SUMAR 2011

# Almeria

*- falda perlan í Miðjarðarhafinu!*

ÓTRÚLEGT KYNNINGARVERÐ Á ÖLLUM BROTTFÖRUM Í SUMAR

☆☆☆ og ALLT INNIFALIÐ

Verð frá: **98.386 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku á Hotel Golf Trinidad í herbergi þar sem allt er innifalið.

☆☆☆☆ og hálft fæði

Verð frá: **89.925 kr.***

á mann. m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku á Hotel Neptuno í herbergi með háflu fæði (morgun- og kvöldmat).

☆☆☆☆☆ og hálft fæði

Verð frá: **99.974 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku á Hótel Portobello í herbergi með hálfu fæði.

## Í fyrsta skipti flogið beint frá Íslandi!

Í fyrsta sinn verður boðið uppá spennandi ferðir til Almeria sem er í næststærsta héraði Spánar, Andalúsíu. Borgin er einstaklega sjarmerandi þar sem sólríkar strendur, hvítkölkuð hús, nautaöt og seðjandi flamenco tónlist ráða ríkjum. Í Almeria eru fallegar strendur og fjölbreytilegt landslag.



**Nýr og spennandi áfangastaður í sumar!**

* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Hálft fæði = Morgun-, og hádegismatur. Allt innifalið = Morgun-, hádegis- og kvöldmatur, snarl milli mála og innlendir drykkir. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

## GENGIÐ 13.01.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,08 | 117,64 |
| Sterlingspund | 184,49 | 185,39 |
| Evra | 153,94 | 154,80 |
| Dönsk króna | 20,662 | 20,782 |
| Norsk króna | 19,798 | 19,914 |
| Sænsk króna | 17,322 | 17,424 |
| Japanskt jen | 1,4097 | 1,4179 |
| SDR | 179,86 | 180,94 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
210,4361

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innanríkisráðherra afhent mótmæli um 41 þúsund landsmanna gegn vegtollum á stofnæðum við borgina:

# Verður að taka mótmælin alvarlega

**SAMGÖNGUR** Alls settu 41.524 einstaklingar nafn sitt við undirskriftasöfnun Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) þar sem vegtollum var mótmælt. Nafnalistinn var afhentur Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra í gær.

„Skilaboðin eru mjög skýr, krafan er sú að það verði ekki teknir upp vegtollar,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, eftir fund forsvarsmanna félagsins með Ögmundi.

„Að sjálfsögðu tökum við alvarlega þegar rúmlega 40 þúsund undirskriftir safnast á nokkrum dögum,“ sagði Ögmundur í samtali við Fréttablaðið eftir fundinn.

Hann benti þó á að menn verði að vera samkvæmir sjálfum sér. Tilgangurinn með vegtollum hafi verið sá að geta flýtt mikilvægum framkvæmdum, skapað störf og aukið öryggi vega. Ríkiskassinn sé tómur og þess vegna hafi verið áhugi á því að leita annarra leiða til að fá fé til framkvæmda.

„Nú er ég ekki maður vegtolla, en ég er maður flýtimeðferðar í vegamálum,“ segir Ögmundur. Í kjölfar óánægju verði að ræða þessi mál upp á nýtt.



**UNDIRSKRIFTIR** Fulltrúar FÍB afhentu Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra undirskriftirnar á stafrænu formi á litlum minnislykli í innanríkisráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alls skrifuðu 41.524 nöfn sín með rafrænum hætti á undirskriftalista FÍB. Af þeim voru 40.787 á kosningaaldri, eða um 17,9 prósent af kosningabæru fólki í landinu.

Runólfur segir að farið hafi verið yfir hugmyndir FÍB um að leggja 2+1 veg í stað þess að tvöfalda Suðurlandsveginn til að spara fé og flýta framkvæmdum. Hann segir úrbætur á Suðurlandsveginum mikilvægasta verkefnið til að auka öryggi fólks í umferðinni, en aðrar framkvæmdir séu einnig aðkallandi. - bj



**MERKT** Í ljós hefur komið að merktar mörgæsir lifa skemur en ómerktar og eiga erfiðara með að afla sér matar. NORDICPHOTOS/AFP

Merkingar hamla mörgæsum:

## Gæti haft áhrif á rannsóknir

**VÍSINDI** Merkingar sem vísindamenn hafa notað til að fylgjast með mörgæsum á Suðurskautslandinu hafa alvarleg áhrif á líf þeirra mörgæsa sem eru merktar, samkvæmt niðurstöðum umfangsmikillar rannsóknar sem greint er frá í vísindaritinu Nature.

Þetta gæti hafa skekkt niðurstöður rannsókna þar sem þróunin hjá mörgæsunum var notuð til að meta breytingar á umhverfinu.

Mörgæsirnar eru merktar með því að festa hring úr gúmmíi um annan væng þeirra. Nú hafa vísindamenn komist að því að hringurinn hægir á mörgæsunum á sundi og er þess valdandi að þær eiga erfiðara og styttra líf en ómerktar mörgæsir. - bj

# Opnað á útgönguleið úr viðræðum við ESB

**Þau orð formanns utanríkismálanefndar að aðildarviðræðum við Evrópusambandið kunni að verða slitið ríma illa við það sem segir í stjórnarsáttmálanum og þingsályktun um umsóknina. Þar segir að þjóðin skuli kjósa um samning.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað segja grundvallaryfirlýsingar um aðildarviðræður við Evrópusambandið?

Yfirlýsing Árna Þórs Sigurðssonar, formanns utanríkismálanefndar Alþingis, um að aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið kunni að verða slitið, gengur í berhögg við leiðarvísa stjórnvalda í málinu. Viðræðurnar grundvallast á samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar og þingsályktun sjálfs Alþingis um aðildarumsóknina. Í hvorugu skjalinu er að finna fyrirvara líkt og þann sem Árni Þór gerði í Fréttablaðinu í fyrradag.

Árni sagði að ekki væri öruggt að samningur um aðild Íslands yrði lagður fyrir Íslendinga í þjóðaratkvæðagreiðslu. Vera kynni að samningaviðræðunum yrði slitið ef þingið mæti það svo í miðju ferlinu að þær myndu ekki skila tilætluðum árangri.

Enga fyrirvara af þessu tagi er að finna í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sem undirrituð var vorið 2009, né í þingsályktuninni um aðildarumsókn Íslands sem samþykkt var í júlí það sama ár. Þær kveða báðar skýrt á um að aðildarviðræðunum skuli lokið með samningi sem í kjölfarið verði borinn undir þjóðina.

Í stjórnarsáttmálanum segir einfaldlega: „Ákvörðun um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði í höndum íslensku þjóðarinnar sem mun greiða atkvæði um samning í þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum aðildarviðræðum.“

Í þingsályktuninni um aðildarumsóknina segir: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“

Eini fyrirvarinn sem settur er í þessum tveimur leiðarvísum stjórnvalda er sá að stjórnarliðar áskilja sér rétt til að fylgja sannfæringu sinni í umræðum um málið og við afgreiðslu þess. Þeir skuldbinda sig með öðrum orðum ekki til að styðja aðildarviðræðurnar eða samninginn sem þær skila.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur sagt yfirlýsingu Árna Þórs fela í sér mikil tíðindi, því hún útiloki þann möguleika að liðsmenn Vinstri grænna verði andvígir samningum þegar og ef þeir liggi fyrir. „Næsta skref VG er að greina nánar frá því hvaða atriði það eru sem eru þeim svo mikilvæg að á þeim geti viðræðurnar strandað,“ segir Bjarni í pistli á Facebook-síðu sinni.

„Ég geng út frá því að hin nýja afstaða VG feli það í sér að viðræðunum verði annaðhvort hætt vegna skilyrða ESB eða að þeim verði lokið með stuðningi VG,“ segir Bjarni enn fremur.

stigur@frettabladid.is



**EVRÓPUMÁL Í DEIGLUNNI** Bjarni Benediktsson telur að orð Árna Þórs þýði að Vinstri græn hafi afsalað sér rétti sínum til að vera á móti samningi, ef hann næst..

Umferðarslys í Borgartúni:

## Lögreglan óskar eftir vitnum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir vitnum að umferðarslysi sem varð í Borgartúni í Reykjavík um sexleytið í fyrrakvöld. Ekið var á gangandi vegfaranda á móts við Vínbúðina. Ökumaðurinn fór af vettvangi án þess að skeyta um hinn slasaða.

Talið er að dökkleitum bíl hafi verið ekið á eftir þeim sem olli slysinu og að ökumaður hans kunni að hafa orðið vitni að slysinu.Vitni að slysinu eru vinsamlegast beðin um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000. - jss



**KEFLAVÍK** Talið er að SpKef þurfi þrisvar sinnum hærra eiginfjárframlag frá ríkinu en óskað var eftir fyrir þremur árum.

SpKef þarf hátt í 20 milljarða:

## Staðan verri en áður var talið

**VIÐSKIPTI** Eiginfjárframlag ríkisins til Spkef, áður Sparisjóðsins í Keflavík, gæti numið tíu til fjórtán milljörðum króna. Þetta er tæplega þrisvar sinnum hærri upphæð en stjórnendur sparisjóðsins sóttu um í mars í hittifyrra. Upphæðin þá miðaðist við fimmtung af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins í lok árs 2007.

Eignir SpKef voru metnar á 98 milljarða króna í lok árs 2008. Í Viðskiptablaðinu í gær kom fram að samkvæmt nýju verðmati hafi eignir verið ofmetnar og útlán verri en áður var talið. SpKef þarf að afskrifa átta hundruð milljónir vegna endurútreiknings á lánum til stofnfjárbréfakaupa. - jab

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Makrílveiðar ræddar í EES

Til tíðinda getur dregið í dag í deilu Íslands við Noreg og Evrópusambandið um makrílveiðar. Á fundinum er talið líklegt að sambandið muni tilkynna löndunarbann á makrílafla íslenskra skipa. Evrópusambandið og Noregur eru ósátt við einhliða ákvörðun Íslendinga um makrílkvóta í íslenskri lögsögu.




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**LÆGIR SMÁM SAMAN** á landinu í dag, síst þó á Vestfjörðum. Á morgun verður strekkingur eða allhvasst norðvestan til en annars staðar hæg austanátt. Stöku skúrir syðra, en snjókoma á Vestfjörðum og él norðanlands fyrri partinn. Svipað veður á sunnudag.



Á MORGUN 13-18 m/s á Vestfjörðum annars víða 3-8 m/s.

SUNNUDAGUR Stíf NA-átt NV-til, annars hæg breytileg átt allra austast annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 4° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 10° |
| Mallorca | 18° |
| New York | -3° |
| Orlando | 17° |
| Ósló | -7° |
| París | 13° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -5° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is




# DILL-LAX MEÐ BAUNAMÚS OG SPÍNATI fyrir 4

*að hætti Rikku*

800 g lax
2 tsk ólífuolía
1 stk hvítlauksrif, pressað
2 msk hvítvínsedik
1 tsk rifinn límónubörkur
2 msk ferskt saxað dill
1 dós cannellini baunir, skolaðar
1 stk lárviðarlauf
250 ml vatn
½ stk kjúklingakrafts-teningur
1 msk ólífuolía
500 g ferskt spínat
salt og nýmalaður pipar

Skerið laxinn í 4 bita og raðið á disk. Blandið saman olíu, hvítlauk, ediki, límónuberki og dilli og hellið yfir fiskinn. Látið fiskinn marínerast í 10 mínútur. Setjið baunir, lárviðarlauf, vatn og kjúklingakraft í pott og látið malla í 10 mínútur. Takið lárviðarlaufið frá og maukið í matvinnsluvél. Kryddið með salti og pipar. Hitið matskeið af olíu á pönnu og steikið laxinn í 3–5 mínútur á hvorri hlið. Fjarlægið laxinn af pönnunni og hellið afganginum af maríneringunni út á pönnuna ásamt spínatinu og steikið í 2–3 mínútur. Setjið baunamúsina á disk, látið spínatið ofan á og leggið svo laxinn yfir.

| | |
|---|---|
| Kcal: | 498 / 25% |
| Prótein: | 50 g / 100% |
| Fita: | 20 g / 31% |
| Kolvetni: | 20 g / 7% |
| Trefjar: | 5 g / 22% |
| A-vítamín: | 5000 IU / 100% |
| Omega-3 fitusýrur: | 5326 mg |

Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) er miðaður við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.




**Kjúklingabringur** ferskar




**Ungnautaribeye**




**Ungnauta entrecote**




**Kjúklingabollur** foreldaðar



GIRNILEGAR
HAMBORGARA UPPSKRIFTIR

FJÖLDI UPPSKRIFTA ER AÐ FINNA Á

WWW.ISLANDSNAUT.IS

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans



HAMBORGARAR 2 STK. 175G
489 kr/pk.
Merkt verð 698.-

























24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 16. janúar á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Á að leysa Icesave-málið með samningum?*

| | |
|---|---|
| Já | 55,2% |
| Nei | 44,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga sýslumenn að sjá erlendum borgurum fyrir þjónustu túlka?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Grunnskólakennarar útskýra hvers vegna þeim hefur fjölgað meira en nemendum:

# Einsetningin kallaði á fjölgun kennara

**MENNTUN** Við einsetningu grunnskólans skapaðist veruleg þörf fyrir fjölgun kennara, segir í frétt frá Félagi grunnskólakennara (FG) í tilefni af umfjöllun Fréttablaðsins um greiningu á kostnaði við rekstur grunnskólans sem birtist undir lok nýliðins árs.



FG segir blaðið hafa gert fjölgun kennara tortryggilega og að umfjöllun þess sé í besta falli til þess fallin að vekja upp andúð á mikilvægi kennarastarfsins.

FG segir að harðar atlögur í nafni hagræðingar hafi verið gerðar síðustu tvö árin að þeirri grunnstoð samfélagsins, sem grunnskólinn sé, en mennta- og menningarmálaráðherra hafi haft kjark og framsýni til að skerða ekki menntun íslenskra barna.

Varar félagið eindregið við því að gripið verði til tillagna Sambands sveitarfélaga um sparnað og niðurskurð náms í grunnskólum. - bþs

## Ástæður fjölgunar kennara að mati FG

- Allir grunnskólar á Íslandi hafa verið einsetnir, við það skapaðist veruleg þörf fyrir fjölgun kennara.
- Öðru starfsfólki skóla en kennurum hefur fjölgað, m.a. vegna einsetningarinnar og „skóla án aðgreiningar“.
- Skólaárið hefur verið lengt.
- Kennsluskylda hefur lækkað með breyttum áherslum á starfi kennarans.
- Nemendum með miklar sérþarfir hefur fjölgað í almennum grunnskólum.
- Nýbúum hefur fjölgað.
- Kennslustundum nemenda hefur fjölgað (fækkun frá 1992 skilað til baka.)
- Tími kennara fer í auknum mæli í annað en „hefðbundna“ kennslu.

Lögregla gerði húsleit:

# Tóku meinta dópsala og þýfi

**LÖGREGLUMÁL** Talsvert af fíkniefnum fannst við húsleit lögreglu í íbúð í miðborginni í fyrrinótt.

Innandyra voru þrír karlmenn í miður góðu ástandi. Þeir voru handteknir og fluttir í fangageymslu.

Í íbúðinni voru greinileg merki um fíkniefnaneyslu. Við frekari leit fundust fíkniefni, þar á meðal um 200 grömm af amfetamíni, minna af kókaíni, hassi og marijúana. Talið er að efnin hafi verið ætluð til sölu. Á sama stað var einnig lagt hald á muni sem grunur leikur á að séu þýfi.

Mennirnir, tveir á fertugsaldri og einn um fimmtugt, hafa komið við sögu hjá lögreglu. Þeir voru yfirheyrðir í gær og sleppt að því loknu. - jss

Óbreyttir stýrivextir í Evrópu:

# Verðbólga ekki til vandræða

**VIÐSKIPTI** Stýrivöxtum á evrusvæðinu og í Bretlandi var haldið óbreyttum í gær. Stýrivextir á myntsvæðunum hafa aldrei verið lægri. Stýrivextir evrópska seðlabankans hafa staðið óbreyttir í einu prósenti í rúmt eitt og hálft ár en stýrivextir Englandsbanka í 0,5 prósentum í tæp tvö ár. Breska viðskiptablaðið Financial Times segir evrópska seðlabankann vinna af fullum krafti að því að leysa úr skuldavanda evruríkja og telji verðbólguþrýsting ekki setja áætlanir bankans úr skorðum. - jab



JEAN-CLAUDE TRICHET

# Undanþága var gefin fyrir sorpbrennsluna

**Sveitarstjóri Skaftárhrepps segir að sérfræðingar hafi ekki verið rengdir þegar fullyrt var að óþarfi væri að hafa áhyggjur af sorpbrennslu við grunnskólann. Ekki hefur komið til tals að hætta brennslu vegna mengunarumræðu.**

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun veitti Skaftárhreppi undanþágu frá reglugerð um úrgang þegar sorpkustöðin á Kirkjubæjarklaustri var reist. Reglugerðin kveður á um að slíkur rekstur skuli vera í minnst 500 metra fjarlægð frá íbúðahverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum. Undanþágan var staðfest af umhverfisráðherra 6. október 1999.

Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, segir að rökssemdafærsla Skipulagsstofnunar sé tíunduð í bréfi frá 29. júní 2001. Þar er fjallað um hugsanleg áhrif hennar á umhverfið, þar á meðal mat á umhverfisáhrifum.

„Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun sorpeyðingarstöðvar á Kirkjubæjarklaustri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum,“ segir í bréfinu á einum stað.

Eygló segir að „ef fagaðilar gera ekki athugasemdir af hverju eiga þá „leikmenn“ í sveitarstjórnum að hafa áhyggjur?“ Hún tiltekur jafnframt að Norsk Energi, sem gerði díoxínmælingu í sorpbrennslunni árið 2007, hafi jafnframt gert lítið úr mælingarniðurstöðunum. Í bréfi Norsk Energi segir meðal annars: „Díoxínmagnið var, eins og búast mátti við, frekar hátt, en þar sem gasmagnið er tiltölulega lítið er heildar magnið sem kemur út frekar lítið.“ Eins og komið hefur fram var díoxín í útblæstri 95 falt yfir viðmiðunarmörkum.

Eygló veit ekki hvort eða með hvaða hætti upplýsingum var komið til íbúa á Klaustri þegar niðurstöður díoxínmælingarinnar lágu fyrir. Umsagnir sérfræðinga hafi ekki gefið tilefni til að hafa áhyggjur, né aðhafast vegna hennar. Þá bendir Eygló á að mælingin hafi verið gerð við brennslu í eldri ofni af tveimur í sorpbrennslunni.

Í bréfi Umhverfisstofnunar 18. júlí 2008 segir að díoxínmæling í útblæstri gefi tilefni til þess að hefja viðræður um hvernig draga megi úr losun díoxínefna í útblæstri, meðal annars vegna nálægðar stöðvarinnar við byggð. „Díoxínlosun verður að minnka og skoða þarf færar leiðir til þess“, segir í bréfinu. Í bréfi Umhverfisstofnunar í júlí 2010 kemur fram að engar mengunarmælingar í útblæstri höfðu verið gerðar síðan 2007.

Oddur Bjarni Thorarensen, byggingatæknifræðingur á Klaustri, heldur börnum sínum heima vegna nálægðar grunnskólans við sorpbrennsluna. Hann minnir á að ekki sé bara um díoxínmengun að ræða heldur ekkert síður önnur efni. Til dæmis hafi komið fram í mælingu árið 2006 að magn vetnisklóríðs, sem er ertandi gas sem hefur alvarleg áhrif á lungu, hafi verið langt yfir mörkum. svavar@frettabladid.is

## Sorporkustöðin á Kirkjubæjarklaustri




MYND/LOFTMYNDIR.IS

**Skýringar:**
1 Sorpbrennsla 2 Íþróttahús 3 Sundlaug 4 Skóli 5 Íbúðir 6 Leiksvæði 7 Reykháfur







Umhverfisráðherra lætur fara fram stjórnsýsluúttekt vegna díoxínmengunar:

# Ríkisendurskoðun skoðar Funa

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur farið þess á leit við Ríkisendurskoðun að fram fari stjórnsýsluúttekt á afskiptum ráðuneytisins, Umhverfisstofnunar, sveitarfélaga og annarra aðila af sorpbrennslustöðvum. Er þetta gert í ljósi umræðu um díoxínmengun frá sorpbrennslustöðinni Funa á Ísafirði.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Markmið stjórnsýsluúttektarinnar er að leiða í ljós hvernig staðið var að undirbúningi og framkvæmd málsins og hvort hagsmuna almennings og umhverfis hafi verið gætt. Jafnframt að leggja fram tillögur um úrbætur í stjórnsýslunni og eftir atvikum á lagaumhverfi stjórnvalda ef ástæða er talin til.

Matvælastofnun rannsakar nú díoxín í sauðfjárafurðum í nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar Funa og einnig hafa verið tekin ný sýni úr mjólk og fóðurrúllum frá Engidal í Skutulsfirði. Mjólkursýni voru jafnframt tekin frá býlum í nágrenninu. Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir mun í kjölfarið fara yfir niðurstöður og taka í framhaldinu ákvörðun um frekari rannsóknir.

Þá hefur umhverfisnefnd Alþingis falið Ólínu Þorvarðardóttur þingmanni að skoða lagaumgjörð sorpbrennslu hér á landi. - shá

## Spurningar ráðherra

- Á hvaða forsendum var óskað eftir undanþágu fyrir starfandi sorpbrennslustöðvar hér á landi og á hverju byggðu íslensk stjórnvöld ósk þar að lútandi sbr. ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 57/2003?
- Hvernig var skilyrðum undanþágunnar framfylgt af hálfu íslenskra stjórnvalda?
- Viðbrögð stjórnsýslunnar, til að mynda umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnunar, sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlitsins og fleiri aðila eftir atvikum, þegar mælingar lágu fyrir árið 2008?
- Höfðu stjórnvöld upplýsingaskyldu gagnvart almenningi til að upplýsa um mælingarnar sem lágu fyrir 2008, ef svo er hvernig var þeim skyldum fullnægt?
- Voru hagsmunir almennings og umhverfis látnir víkja fyrir hagsmunum rekstraraðila sorpbrennslustöðvarinnar þegar mælingar lágu fyrir árið 2008?

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53161 01/11



**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvað verða margar íslenskar bækur þýddar á þýsku á næstu mánuðum?

2 Hvað heitir nýr ritstjóri Bændablaðsins?

3 Hvaða félag þrýstir á um heimild til nýstárlegra veiðiaðferða hér á landi?

**SVÖR**

1. Hundrað og tuttugu. 2. Hörður Kristjánsson. 3. Bogveiðifélag Íslands.

Hæstiréttur framlengdi gæsluvarðhald yfir erlendum ríkisborgara:

# Meintur nauðgari ætlaði heim

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri sem situr í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hafa nauðgað konu í Reykjavík um síðustu helgi hugðist fara úr landi tveim sólarhringum síðar. Þetta kemur fram í greinargerð lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til Héraðsdóms Reykjavíkur. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms þess efnis að maðurinn skyldi sæta gæsluvarðhaldi þar til í dag.

Atvikið átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins á skemmtistað í Reykjavík. Eftir því sem næst verður komist var konan, einnig á fimmtugsaldri, mjög ölvuð á staðnum. Maðurinn var inni á salerni skemmtistaðarins á sama tíma og hún og beitti hana kynferðislegu ofbeldi. Þau þekktust ekki. Vinkonur hennar höfðu misst sjónar af henni á skemmtistaðnum og fundu hana síðan svo til rænulausa vegna ofneyslu áfengis á gólfi salernisins. Föt hennar voru í óreiðu. Þær mættu manninum sem var á leiðinni út og áttu orðaskipti við hann. Mun hann hafa gefið í skyn að hann hafi haft samræði við konuna inni á salerninu, að því er fram kemur.

Maðurinn hefur neitað sök. Hann er erlendur ríkisborgari og ætlaði til heimalands síns á þriðjudaginn síðastliðinn. - jss



**LÖGREGLAN** Maðurinn var handtekinn skömmu eftir meinta nauðgun.

Óttast uppsagnir í leikskólum:

# Starfsmenn fái áfram afslátt

**FÉLAGSMÁL** Leikskólanefnd Kópavogs lýsir yfir áhyggjum af því að fella eigi niður afslátt starfsmanna leikskóla á leikskólagjöldum. „Enn er langt í land með að í leikskólum Kópavogs sé hlutfall leikskólakennara það sem lög gera ráð fyrir. Leikskólanefnd óttast brottfall starfsmanna. Sparnaður sem áætlað er að ná með þessum aðgerðum er ekki mikill miðað við þær afleiðingar sem þær gætu haft í för með sér," bókaði nefndin á fundi á þriðjudag. - gar



**FYLGST MEÐ VERKINU** Eitt umfangsmesta verk ÍAV nú um stundir er bygging tónlistarhússins Hörpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eigendur ÍAV skila uppgjöri:

# Hagnast um hálfa milljón

**VIÐSKIPTI IP Verktakar, félag svissneska verktakarisans Marti hér á landi, hagnaðist um rúma hálfa milljón árið 2009. Félagið var stofnað sama ár.**

**IP Verktakar keyptu verktakahluta Íslenskra aðalverktaka í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins í mars í fyrra. Fréttablaðið greindi nýverið frá því að Karl Þráinsson, forstjóri ÍAV, og framkvæmdastjórinn Gunnar Sverrisson hefðu keypt helmingshlut í ÍAV af Marti.**

**Eignir IP Verktaka, sem samanstóðu af skuldum við félagið í Sviss, námu rétt rúmum 200 milljónum króna árið 2009. Eigið fé var rétt rúm milljón og eiginfjárhlutfall 1,0 prósent.** - jab

# Greiningarfyrirtæki telur byrðina af Icesave hóflega

**Nýr Icesave-samningur gæti bætt greiðsluhæfi ríkissjóðs, að mati greiningarfyrirtækisins IFS. Lánshæfismat kunni að batna. Skuldirnar eru metnar of háar og varað er við áhrifum skattahækkana á hagvöxt.**

**ICESAVE** Ef ekkert óvænt gerist ætti Icesave-samningurinn að vera hófleg byrði á ríkissjóði, gangi grunnspár eftir.

Þetta er mat IFS, þjónustu- og ráðgjafarfyrirtækis á sviði fjármála og greininga. Fyrirtækið lagði mat á nýjan Icesave-samning að ósk fjárlaganefndar Alþingis. Nefndin fjallar þessa dagana um samninginn og fer yfir umsagnir sem um hann bárust.

Niðurstaða IFS er að samningurinn breyti ekki greiðsluhæfi ríkissjóðs að neinu marki, „nema þá helst til batnaðar í gegnum óbein áhrif svo sem betra lánshæfismat," aðrir þættir hafi mun meiri áhrif á greiðsluhæfið.

IFS telur að mögulega séu forsendur til þess að afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði geti staðið undir viðbótargreiðslum af Icesave ef aðstæður þróast áfram jákvætt og nafngengi krónunnar styrkist ekki um of. Takist það ekki þurfi að fjármagna þær viðbótarafborganir með nýjum lántökum.

Er mat IFS að undir öllum eðlilegum kringumstæðum ætti skuldsetning ríkissjóðs ekki að aukast meira en að hámarki um fimm prósent vegna samningsins.

Þó er bent á að mögulegt sé að kostnaðurinn verði mun hærri. Það myndi gerast ef krónan veiktist verulega eða endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans yrðu mun minni en áætlað er. Slíkt gæti hæglega gerst ef efnahagslífið yrði fyrir nýju áfalli eða verðbólga ykist. Einnig gætu nýjar þrengingar erlendis rýrt gæði þrotabús Landsbankans og verðmæti útflutnings héðan. Fyrirtækið segir að væntanlega yrðu slíkar aðstæður tímabundnar og að mikilvægir efnahagslegir fyrirvarar í samningnum myndu viðhalda góðu greiðsluhæfi.

IFS víkur að öðrum efnahagslegum þáttum. Fyrirtækið telur hreina erlenda skuldastöðu enn of háa og einnig háa í alþjóðlegum samanburði. Mikilvægt sé að lækka hana sem mest og hraðast. Háar erlendar skuldir hafi tilhneigingu til að draga úr hagvexti í gegnum samdrátt í fjárfestingum.

Þá geti skattahækkanir haft neikvæð áhrif á hagvöxt. Þær dragi úr fjárfestingu og vinnuafli. Óvissa sé um hagvaxtarhorfur í nágrannalöndunum og margir telji að fram undan sé stöðnunarskeið sem gæti staðið í nokkur ár. Grípa þurfi tækifæri til hagvaxtaraukningar svo hægt sé að greiða niður erlendar skuldir og auka lífsgæði.

bjorn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**BEÐIÐ EFTIR ÚRSLITUNUM** Þjóðaratkvæðagreiðsla var haldin um Icesave í fyrra. Hér má sjá stjórnmálaforingja bíða eftir niðurstöðum. Lög Alþingis voru kolfelld.





**Nemendur á Heilbrigðisvísindasviði HÍ verða með opið hús á Háskólatorgi laugardaginn 15. janúar, kl. 11–14**

Gestum og gangandi gefst kostur á að kynna sér heillandi heim heilbrigðisvísinda. Hægt verður að kynna sér ýmis forvarnaverkefni á vegum nemendafélaganna, skoða sýni í smásjá, láta mæla blóðþrýstinginn, athuga viðbragð, fá góð ráð hjá Ástráði og margt fleira.

**Bangsaspítalinn verður á staðnum og býður öllum börnum á aldrinum 3–6 ára að koma með dúkkurnar sínar eða bangsana til læknis.**

**Allir velkomnir.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ
1911-2011

PIPAR\TBWA SÍA - 110071


Skylt að fara eftir reglum um fjárhagsaðstoð:

# Fá aðstoð þrátt fyrir svik

**FÉLAGSMÁL** Félagsmálaráð Kópavogs segir sér skylt samkvæmt núgildandi reglum um fjárhagsaðstoð að veita umsækjendum fjárhagsaðstoð uppfylli þeir skilyrði, þrátt fyrir að það liggi fyrir að viðkomandi hafi ranglega þegið bætur frá Vinnumálastofnun. Yfirmaður Ráðgjafa- og íbúðadeildar bæjarins hafði óskað álits félagsmálaráðsins á fjárhagsaðstoð til einstaklinga sem hafa verið teknir af skrá Vinnumálastofnunar vegna bótasvika. „Starfsmenn eru hvattir til áframhaldandi árvekni," undirstrikaði félagsmálaráðið. - gar



**KÓPAVOGUR** Félagsmálaráð bæjarins fer að reglum.


**Heilsuátak með aukinni fiskneyslu**

Súr hvalur

Siginn fiskur

Hákarl frá Bjarnarhöfn

Humar 2.000 kr.kg

**Sjáumst eldhress á eftir,** við erum tilbúnir að taka á móti mikilli traffík. Stutt bið, þó svo það eru 30 manns í röð.

*Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-0101



# Actavis á Íslandi stækkar

Actavis hefur stækkað lyfjaverksmiðju sína í Hafnarfirði. Framleiðslugetan eykst við það úr einum milljarði taflna í **einn og hálfan milljarð taflna á ári.**

Framkvæmdir við stækkunina hófust fyrir ári. **Verktakar við smíði verksmiðjunnar eru íslenskir** og þakkar Actavis þeim fyrir frábæra samvinnu ásamt öllum þeim sem lögðu hönd á plóg.

Starfsfólki Actavis á Íslandi **fjölgaði um 100 í fyrra**, þar af 70 vegna stækkunar verksmiðjunnar. Um **700 manns** starfa nú hjá Actavis á Íslandi.



actavis



**ÁRLEG TALNING** Árleg talning dýranna í dýragarðinum í Dresden fór fram á dögunum. Þar var þessi hálfs árs gamli mörgæsarungi veginn og mældur. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópuþingmenn segjast hafa góðan skilning á sérstöðu landsins í sjávarútvegi:

# ESB vill ekki höfnun Íslands

**EVRÓPUMÁL** Evrópuþingmenn á opnum fundi utanríkismálanefndar Evrópuþingsins, sem fjallaði um aðildarferli Íslands, lýstu yfir miklum skilningi á sérstöðu Íslands í gær, að sögn Baldurs Þórhallssonar prófessors sem ávarpaði fundinn. Fundurinn er liður í stefnumótun þingsins um aðildarviðræður Íslands.

„Það var rætt um að Ísland væri minnsta ríkið sem hefði sótt um aðild og um leið það ríkasta. Í þriðja lagi sé Ísland það land sem er mest aðlagað að ESB, sem nokkurn tíma hefur sótt um aðild. Ekkert umsóknarríki hafi verið eins vel undirbúið,“ segir Baldur.

Þingmenn hafi sagst vel skilja neikvæðni á Íslandi gagnvart aðild og vilji allt fyrir Ísland gera.

Um þessar mundir er ESB veikt fyrir vegna efnahagskrísunnar og Íslendingar hagnast á því, að mati prófessorsins. ESB hafi ekki efni á því að umsóknarríki hafni aðild.

„Menn hafa áhyggjur af því að ef Ísland hafnar inngöngu í þjóðaratkvæðagreiðslu gæti það haft neikvæð og afdrifarík áhrif. Menn vilja ekki sjá norskt nei á Íslandi,“ segir Baldur og vísar til þess að Norðmenn hafa tvisvar hafnað aðild að ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Staða okkar í viðræðum er því betri núna en hún hefði verið fyrir nokkrum árum,“ segir hann. - kóþ



**BALDUR ÞÓRHALLSSON** Prófessorinn ávarpaði fund utanríkismálanefndar Evrópuþingsins í gær.

Efnin talin ætluð til sölu:

# Lögreglan fann dóp við húsleit

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann fíkniefni við húsleit í íbúð í Hafnarfirði í fyrradag. Um var að ræða bæði amfetamín og marijúana. Grunur leikur á að fíkniefnin hafi verið ætluð til sölu.

Tveir karlmenn og ein kona voru handtekin í þágu rannsóknarinnar. Fólkið sem um ræðir er á þrítugsaldri.

Aðgerðin er liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. -jss

Tökum höndum saman og tryggjum varanlegt eignarhald og fullt forræði þjóðarinnar yfir auðlindum hafsins.



FISKURINN Í ÞJÓÐAREIGN

Vinstri-græn í Reykjavík og Samfylkingarfélagið í Reykjavík boða til sameiginlegs félagsfundar um fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Stjórnir félaganna beina því til ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur að framfylgja hið fyrsta fyrirheitum í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi. Að loknum ræðum og stuttum ávörpum verða umræður og eru félagsmenn hvattir til að taka þátt.

**Fundurinn verður haldinn laugardaginn 15. janúar á Grand Hótel, Sigtúni 38 í Reykjavík, og hefst kl. 13.30.**









**Ræðumenn**
Finnbogi Vikar, laganemi og fulltrúi í starfshópi um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða
Elín Björg Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Félags fiskframleiðenda og útflytjenda

**Ávörp flytja**
Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Ólína Þorvarðardóttir, varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar

**Fundarstjórar**
Kjartan Valgarðsson formaður SffR og Sólveig Anna Jónsdóttir formaður VGR

Félagar! Nú er tækifærið til að láta þetta áratugagamla baráttumál verða að veruleika. Allir félagar Vinstri grænna og allt Samfylkingarfólk er hvatt til að fjölmenna á fundinn. **Fundurinn er öllum opinn.**

*Stjórnir Samfylkingarfélagins í Reykjavík og Vinstri-grænna í Reykjavík*

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík
VINSTRI GRÆN Vinstri-græn í Reykjavík



**JÓEL FÆRSETH EINARSSON** Er kominn með íslenskan ríkisborgararétt en fær ekki að komast til landsins þar sem óvissa er um hver fer með forræðið yfir honum.

# Ráðuneytið gerir allt til að fá Jóel heim

**Innanríkisráðherra segir ráðuneytið gera allt til að fá Jóel Færseth heim frá Indlandi. Málið strandi hjá indverskum stjórnvöldum. Umboðsmaður barna segir ríkinu skylt að gera það sem barninu er fyrir bestu.**

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta mál hefur ekki strandað í ráðuneytinu, heldur í indverskri stjórnsýslu,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra um mál íslensku fjölskyldunnar sem er föst á Indlandi. „Innan- og utanríkisráðuneytin hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til þess að greiða úr málinu hið fyrsta. Við erum að vonast til þess að niðurstaða fáist innan skamms.“

Ögmundur segir ráðuneytið leggja mjög ríka áherslu á að barnið, Jóel Færseth Einarsson, komist til Íslands sem allra fyrst. Ráðuneytið sé að taka á málinu af miklum velvilja og ásetningi um að greiða götu fjölskyldunnar, sem hefur verið föst á Indlandi í þrjá mánuði.

„Við höfum viljað fá gögn frá indversku stjórnsýslunni til að tryggja réttarstöðu einstaklinganna og á því hefur staðið. Ekki neinu öðru,“ segir Ögmundur. „Málið snýst um réttarstöðu barnsins og forræði foreldranna. Það er margt mjög ómaklegt sem hefur verið sagt í þessu máli og ég hvet til þess að menn taki á því af sanngirni. Við þurfum ekki að biðjast afsökunar á neinu í ráðuneytinu.“ Þá bendir Ögmundur á að aðstæður fjölskyldunnar séu sannarlega ekki einsdæmi og fjöldinn allur af evrópskum foreldrum á Indlandi sé í nákvæmlega sömu stöðu.

Innanríkisráðuneytið hefur kallað eftir gögnum frá Indlandi varðandi forræðisrétt foreldra Jóels. Hjónin keyptu þjónustu indverskrar staðgöngumóður til að ganga með barnið. Slíkt er ólöglegt hér á landi, og samkvæmt íslenskum lögum er staðgöngumóðirin líffræðileg móðir barnsins og því með forræði yfir því.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir málið liggja að nær öllu leyti hjá innanríkisráðuneytinu.

„Ráðuneytið bað okkur að óska eftir ákveðnum upplýsingum og höfum gert það að þeirra beiðni,“ segir Urður. „Við erum milliliður og það er okkar eina hlutdeild í þessu máli.“ Urður segir enn engin svör hafa borist frá Indlandi um hvort eða hvenær innanríkisráðuneytið fái svör við spurningum sínum.

Herra S. Swaminathan, sendiherra Indlands, hefur fylgst vel með máli fjölskyldunnar og segist standa í þeirri trú að málið leysist hið fyrsta. Hann vildi ekki tjá sig frekar um málið, né heldur vildi sendiherrann staðfesta hvort haft hefði verið samband við hann af hálfu ráðuneytisins.

sunna@frettabladid.is

## Ríkinu skylt að gæta hagsmuna Jóels

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segir að nauðsynlegt sé að hafa það að leiðarljósi sem sé barninu fyrir bestu. Hún segist reikna með því að ríkið muni hafa hagsmuni Jóels að leiðarljósi í málinu eins og því ber. „Barnið er íslenskur ríkisborgari og íslenska ríkið er bundið af barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ríkinu ber að gera það sem barninu er fyrir bestu,“ segir Margrét.



BÍTIÐ MEÐ HEIMI OG KOLLU ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50 BYLGJAN 989

SÍBS

# VINIR VINNA
# VERTU VINUR

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 552 2150**

## DRÖGUM Í DAG

SÍBS-vinir standa að baki endurhæfingar að Reykjalundi
sem byggir upp fólk eins og þig eftir sjúkdóma eða slys

500 milljónir í verðlaunapottinum þetta árið,
aðeins 1100 kr. miðinn
– vertu með, þú veist aldrei nema röðin sé komin að þér

HAPPDRÆTTI SÍBS ... *fyrir lífið sjálft*

H:N markaðssamskipti / SÍA

**FRÉTTASKÝRING:** Leyniskjöl um Ísland birt á Wikileaks

# „Jeppagengjanna“ var sárt saknað



**JEPPAGENGI** Íslensku friðargæsluliðarnir báru vopn sér til varnar og þóttu mörgum skilin milli starfa þeirra og hermanna óljós.

**Sendiráð Bandaríkjanna í Kabúl sendi langt minnisblað í Hvíta húsið, til CIA og æðstu herstjórnar, til að reyna að koma í veg fyrir brotthvarf íslensku „jeppagengjanna“ frá Afganistan. Íslendingarnir hlaðnir lofi fyrir sín störf.**

Þjóðaröryggisráðgjafi Bandaríkjaforseta, æðsta herstjórn Bandaríkjahers, CIA og sendiráð Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum voru meðal viðtakenda tveggja blaðsíðna minnisblaðs sem bandaríska sendiráðið í Kabúl skrifaði í desember 2006 til þess að hvetja bandarísk stjórnvöld til að þrýsta á íslensk yfirvöld um að hætta við að kalla „jeppagengi“ íslenskra friðargæsluliða heim frá Afganistan.

Um var að ræða tvo fimm manna hópa lögreglumanna, sjúkraflutningamanna, sérþjálfaðra bílstjóra og vélvirkja. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra ákvað í október 2006, mánuði eftir að Bandaríkjamenn lokuðu formlega herstöð sinni á Keflavíkurflugvelli, að kalla sveitina heim í febrúar 2007. Um leið var tilkynnt að íslensk friðargæsla myndi framvegis sinna borgaralegum verkefnum og voru hjúkrunarfræðingar og ljósmóðir send til Afganistan í stað „jeppagengjanna“. Mikill pólitískur stuðningur kom fram hér á landi við þessa stefnubreytingu. Fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokka fögnuðu henni.

Það kveður við annan tón í minnisblaðinu frá sendiráði Bandaríkjamanna í Kabúl. Þar segir að áform íslenskra stjórnvalda valdi þungum áhyggjum og varað við „alvarlegum afleiðingum“ þessara breytinga fyrir herliðið í Ghor-héraði.

Utanríkisráðuneytið í Washington er hvatt til að þrýsta á íslensk stjórnvöld að þau endurskoði ákvörðunina.

„Vegna samsetningar sinnar, sérstaks tækjabúnaðar og mikillar reynslu af torfæruakstri við aðstæður eins og þær sem ríkja í Ghor-héraði hafa eftirlitssveitir Íslendinganna skilað miklum árangri,“ segir í minnisblaðinu. „Vegna áreiðanleika sveitarinnar, viðleitni hennar til þess að miðla hæfni sinni til annarra sveita og einstakrar hæfni til björgunarstarfa er starf endurreisnarsveitarinnar í Chaghcharan mun skilvirkara en ella.“

Fullyrt er að Íslendingar einir séu vanir akstri á landsvæði líkt og í Ghor-héraði. Hæfni þeirra við að nýta GPS-staðsetningartækni sé einstök og geri þeim kleift að sinna eftirlits- og björgunarstörfum að nóttu sem degi.

Hins vegar séu íslensku friðargæsluliðarnir sjálfir vonsviknir vegna þess að störf þeirra njóti lítils stuðnings frá íslenskum stjórnvöldum og almenningi.




**Pétur Gunnarsson**
peturg@frettabladid.is


## Icesave-viðræður ávallt vingjarnlegar – fréttir um hörku rangar

Icesave-viðræður íslensku sendinefndarinnar undir forystu Svavars Gestssonar og breskra stjórnvalda voru ávallt árangursríkar og vinsamlegar. Frásagnir fjölmiðla um harðar deilur voru ekki á rökum reistar. Þetta segir í minnisblaði sem sendiráð Bandaríkjanna í London sendi utanríkisráðuneytinu í Washington 6. janúar 2010, daginn eftir að Ólafur Ragnar Grímsson synjaði lögum um Icesave-samninginn staðfestingar. Minnisblaðið birtir mat Breta og Bandaríkjamanna á stöðu mála á þeim tímapunkti. Þeir vonuðust eftir því að íslensk stjórnvöld afstýrðu því að málið færi í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem það gæti þvælt öll mál tengd viðræðum um aðild Íslands að ESB.

Heimildarmaður bandarískra sendimanna er Gary Roberts, skrifstofustjóri í breska fjármálaráðuneytinu. Roberts sagði Bandaríkjamönnum að erfitt yrði fyrir Breta að leggjast ekki gegn endurskoðun efnahagsáætlunar AGS fyrir Ísland meðan Icesave-deilan væri óleyst. Endurskoðun væri hvort sem er engum í hag í náinni framtíð þar sem þjóðhagsleg áhrif af ákvörðun forseta Íslands væru óljós. Bretar mundu halda til streitu kröfum um að Íslendingar standi við „skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum“ og greiða innstæðutryggingar.

Þá sagði Roberts að Bretar vildu ekki tengja Icesave-deiluna umsókn Íslendinga um aðild að Evrópusambandinu. Þeim væri þó nauðugur einn kostur ef málið kæmi til afgreiðslu í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins áður en samningar tækjust um Icesave.

## Wikileaks: Ný skjöl um Ísland birt á Wikileaks:

Fjölmörg ný skjöl sem tengjast Íslandi voru birt á Wikileaks gær. Þeirra á meðal eru skjöl sem endurspegla viðræður milli erlendra ríkja um mál sem tengjast Íslandi, svo sem hvalveiðar, ESB-aðild og Icesave. Einnig skjal um störf íslenskra friðargæsluliða á sérútbúnum jeppum í Afganistan. Ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að kalla sveitirnar heim vakti mikinn titring austur í Afganistan. Sendiherra Bandaríkjanna í Kabúl fór fögrum orðum um frammistöðu Íslendinganna og mikilvægi þeirra fyrir friðargæslu í Ghor-héraði og hvatti æðstu stjórnvöld til að þrýsta á Íslendinga að endurskoða ákvörðun um heimkvaðninguna.






## Sæti í Öryggisráði styrki samband við Bretland og BNA



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

Seta Íslendinga í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hefði veitt færi á að styrkja enn frekar samvinnu Íslendinga við Breta og Bandaríkjamenn og færa rótgróið samstarf þjóðanna inn á ný svið.

Þetta er haft eftir Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, í minnisblaði sem Zalmay Khalilzad, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, sendi utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna eftir fund með forseta Íslands í New York 22. febrúar 2008.

Þar spurði forsetinn hvort Bandaríkin hygðust styðja framboð Íslendinga til sætis í Öryggisráðinu árin 2009 og 2010. Fram kemur að Ólafur Ragnar hafi látið þá baráttu til sín taka um skeið og að frá miðju ári 2007 hafi Íslendingar fundið vaxandi stuðning við framboðið.

Svar Khalilzads sendiherra var á þá leið að aðild Íslands að NATO mundi hafa áhrif á endanlega ákvörðun Bandaríkjanna.

Forsetinn hafi sagt að næðu Íslendingar kjöri vildu þeir einbeita sér að mannréttindamálum, málefnum flóttamanna, réttindum kvenna og loftslagsmálum, auk þess að bæta upplýsingamiðlun til þeirra ríkja sem ekki eiga sæti í Öryggisráðinu.

## Auknar hvalveiðar tilraun til að koma í veg fyrir ESB-aðild



**HVALVEIÐAR** Einar K. Guðfinnsson ákvað í janúar 2009, nokkrum dögum áður en hann lét af starfi sjávarútvegsráðherra, að leyfa veiðar á 150 langreyðum og 200 hrefnum. Innan Alþjóðahvalveiðiráðsins var ákvörðunin sett í samband við umsókn Íslands um aðild að ESB.

Innan Alþjóðahvalveiðiráðsins var talið að barátta íslenskra hvalveiðimanna gegn aðild að Evrópusambandinu væri líkleg skýring á auknum hvalveiðum hér við land árið 2009.

Bandaríkin voru í hópi tuttugu og þriggja ríkja sem tóku sig saman undir forystu Breta um að hvetja Íslendinga til að endurskoða hvalveiðistefnu sína í aðdraganda haustfundar Alþjóðahvalveiðiráðsins í Síle árið 2009.

„Það er almennt talið innan Alþjóðahvalveiðiráðsins að aðild Íslands að Evrópusambandinu verði bundin því skilyrði að hvalveiðum í atvinnuskyni verði hætt,“ segir í minnisblaði sem utanríkisráðuneytið í Washington sendi sendiráði sínu í Reykjavík um þetta mál í september 2009.

Innan Alþjóðahvalveiðiráðsins velta margir því fyrir sér hvort auknar veiðar séu til marks um síðustu tilraun Íslendinga til að veiða hval áður en til aðildar að ESB kemur. „Aðrir telja að hvalveiðiiðnaðurinn sé með þessu að sýna fram á getu sína til þess að vinna gegn ESB-aðild,“ segir í minnisblaðinu.

Fyrstur kemur fyrstur fær

# ÚTSALA

Takmarkað magn

## Gerið gæða- og verðsamanburð

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

**SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**




2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**




**10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.**
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)



**BOAS**
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Svefnsófi **169.900**
Hægindastóll **79.900**

## 20-70%
## AFSLÁTTUR

Skiptidýnur,
útlitsgallaðar dýnur og
sýningardýnur.
Lök, hlífðardýnur, pífur,
sængurverasett og fleira.



**50%**
**AFSLÁTTUR**

**Svefnsófi**
með tungu hægri/vinstri og geymslu Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð **199.000**
**Nú 99.500**




**Svefn & heilsa**




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**



REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is**

# RIS
# ÚTS

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR



## UPPBOÐ!

Laugardaginn 15. janúar mun Siggi Hlö stýra uppboði sem enginn má missa af í ELLINGSEN Reykjavík.

**GASGRILL**
Fyrsta boð **20.000 kr.** Fullt verð 79.900 kr.

**LOOP FLUGUSTÖNG**
Fyrsta boð **20.000 kr.** Fullt verð 77.900 kr.

**CAMO VEIÐIJAKKI**
Fyrsta boð **18.000 kr.** Fullt verð 46.900 kr.

**COLUMBIA GÖNGUSKÓR, TVÖ PÖR**
Fyrsta boð **17.000 kr.** Fullt verð 55.980 kr.

Skoðaðu fleiri uppboðsvörur á ellingsen.is

### 30-50% AFSLÁTTUR
**AF PALLAHITURUM**
CAMPING ADVANTAGE PALLAHITARI
VERÐ KR.
**31.493**
ÁÐUR 44.900



### 20-70% AFSLÁTTUR
**AF STANGVEIÐIVÖRUM**
LOOP BELLS VÖÐLUJAKKI
VERÐ KR.
**34.993**
ÁÐUR 49.990



### 15-50% AFSLÁTTUR
**AF SKOTVEIÐIVÖRUM**
TÁLFUGLAR STOKKENDUR
VERÐ KR.
**1.408**
ÁÐUR 2.560





SKOTBELTI
VERÐ KR.
**3.493**
ÁÐUR 4.890

### 30-50% AFSLÁTTUR
**AF ÖLLUM BARNASTÍGVÉLUM**
CONWAY KULDASKÓR
VERÐ KR.
**4.760**
ÁÐUR 6.799



BROWNING PHOENIX COMPOSITE 28" HAGLABYSSA
VERÐ KR.
**149.900**
ÁÐUR 199.900



### 20-50% AFSLÁTTUR
**AF ÚTIGRILLUM**
CAMPINGAZ TEXAS DELUX GASGRILL
VERÐ KR.
**27.900**
ÁÐUR 34.900



### 30% AFSLÁTTUR
**AF DAXARA KERRUM**
DAXARA 158
VERÐ KR.
**122.850**
ÁÐUR 174.500



### 15-65% AFSLÁTTUR
**AF MINOX MYNDAVÉLUM OG SJÓNAUKUM**
VATNSHELD MINOX MYNDAVÉL DC6033 WP
VERÐ KR.
**12.072**
ÁÐUR 34.490



PIPAR\TBWA · SÍA



# Ellingsen

– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# ÚTSALA



**30-50% AFSLÁTTUR AF ÚTIVISTARFATNAÐI FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**

# SALA ELLINGSEN



## 30-50% AFSLÁTTUR

**AF VÉLSLEÐA- OG FJÓRHJÓLAFATNAÐI**

SCOTT JAKKI
VERÐ KR.

**41.930**

ÁÐUR 59.900



## 30-50% AFSLÁTTUR

**AF ÖLLUM FLÍSPEYSUM**

COLUMBIA TRAVERSE
DÖMUFLÍSPEYSA
VERÐ KR.

**16.100**

ÁÐUR 22.900



## 30-50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM SKÓM

COLUMBIA NEWTON RIDGE
DÖMU OG HERRA
VERÐ KR.

**14.990**

ÁÐUR 27.990



## 20% AFSLÁTTUR

**AF DEVOLD ULLARVÖRUM**

DEVOLD
EXPEDITION
XS-XXL DÖMU OG HERRA
VERÐ KR.

**7.540**

ÁÐUR 9.490



ULLARHANSKAR
ÚR ÍSLENSKRI ULL
VERÐ KR.

**1.575**

ÁÐUR 2.250

## 30% AFSLÁTTUR

**AF VARMA ULLARFATNAÐI**



## 30-60% AFSLÁTTUR

**AF ÖLLUM ÚLPUM**

COLUMBIA LUSTER
DÚNÚLPA FYRIR HERRA,
OMNI-HEAT FÓÐRUN
VERÐ KR.

**34.993**

ÁÐUR 49.990

föstudagur FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ Sverre Jakobsson varnar – og fjármálasérfræðingur

# Eins og blint stefnumót

**Sverre Jakobsson** hefur á undanförnum árum skipað sér í hóp bestu varnarmanna heims í handknattleiksíþróttinni. Sverre var hættur í handbolta og starfaði í banka þegar Guðmundur Guðmundsson plataði hann í Fram árið 2005. Í samtali við *Sigurð Elvar Þórólfsson* segir varnarsérfræðingurinn frá sérstöku sambandi sínu og „Didda“ í varnarmúr íslenska landsliðsins.



**LYKILMAÐUR** Sverre Jakobsson missti áhugann á handbolta og var bankastarfsmaður þegar kallið kom frá landsliðsþjálfaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Akureyringurinn fær sjaldan að bregða sér í sóknina og er því ekki áberandi í markaskorun. Hann lofar því að láta meira að sér kveða á því sviði á HM í Svíþjóð en Ísland leikur sinn fyrsta leik í dag gegn Ungverjum. Sverre getur þakkað Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara fyrir það að hann er atvinnumaður í handbolta því Sverre missti algjörlega áhugann á íþróttinni vorið 2003 og setti ekki klístur á puttana í rúmlega tvö ár.

Sverre er vel menntaður sem fjármálasérfræðingur og í alþjóðaviðskiptum. „Ég veit ekki hvort það er eitthvað „kúl“ í dag á Íslandi en ég kem bara heim og byggi orðspor Íslands upp aftur á fjármálasviðinu,“ segir Sverre í léttum tón. „Það er líklega meira spennandi að vera varnarmaður í góðu landsliði en fjármálasérfræðingur þessa stundina.“

Það er óhætt að segja að Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hafi leikið stórt hlutverk í endurkomu Sverre í handboltann haustið 2005. Guðmundur var þá þjálfari Fram og hann fékk Sverre til þess að taka fram skóna að nýju. „Ég hætti í handbolta eftir að keppnistímabilinu með Aftureldingu lauk vorið 2003. Ég fór í nám til Danmerkur í eitt ár og þar var alltaf planið að spila handbolta líka. Neistinn kom aldrei og mig langaði bara ekkert í handbolta. Ég fór síðan í hálft ár til Bandaríkjanna í nám og aftur til Danmerkur og ég æfði ekki neitt. Ég ætlaði alltaf að spila handbolta í Danmörku en áhuginn var ekki til staðar. Keppnistímabilið 2002-2003 var afleitt með Aftureldingu. Okkur gekk illa og ég var alltaf meiddur og náði ekki að beita mér almennilega. Metnaðurinn var ekki til staðar þegar ég fór í námið og áhuginn ekki heldur.“

### „Í hvað ertu búinn að koma þér?“

Sverre gleymir seint fyrstu æfingunni hinn 1. september 2005. „Ég var í hrikalega lélegu ástandi. Of þungur og þolið var lélegt. Ég sagði við sjálfan mig: „Vá Sverre, í hvað ertu búinn að koma þér?“ Það stóð stutt yfir og ég fann að neistinn og áhuginn kom aftur. Eftir rúman mánuð var Gummi búinn að koma mér í viðunandi ástand og okkur gekk vel á þessu tímabili – og enduðum mótið með Íslandsmeistaratitli. Síðan byrjaði boltinn bara að rúlla. Ég ætlaði mér bara að taka þetta eina ár og hætta á betri forsendum en ég gerði árið 2003.

Hlutirnir þróuðust með öðrum hætti. Ég komst í landsliðið og fékk í kjölfarið tilboð frá þýska liðinu Gummersbach sem Alfreð Gíslason var að þjálfa. Það var því ekki valkostur fyrir mig að hætta aftur á þessum tímapunkti. Handboltinn var ekki stór þáttur í mínu lífi um tveggja ára skeið og á þessum tímapunkti varð hann aftur aðalbreytan í mínu lífi.“

Sverre var í góðu starfi hjá Glitni vorið 2006 en hann tók þá ákvörðun að taka tilboðinu frá Gummersbach og halda á vit ævintýranna í atvinnumennsku í fyrsta sinn á ferlinum. „Ég hafði ekki planað þetta svona og starfið í bankanum var framtíðarstarfið – þangað til handboltinn tók yfirhöndina á ný.“

Varnarmaðurinn leikur nú með Grosswallstadt í Þýskalandi en þar hefur hann verið frá árinu 2008. Eftir að samningur hans við Gummersbach rann út flutti Sverre aftur til Íslands og lék með HK veturinn 2008-2009. Forráðamenn Grosswallstadt sýndu Sverre áhuga og svo fór hann að hann samdi við þýska liðið sumarið 2009. „Ég er með samning til ársins 2013 en ég get sagt honum upp eftir tímabilið 2011-2012. Þetta er síðasti samningurinn sem ég geri sem atvinnumaður og ég ætla bara að njóta þess að spila á meðan ég get. Ég verð ekki jafnlengi og Ólafur Stefánsson í atvinnumennsku.“

### Gott að rjúfa 20 marka múrinn

Það er alveg ljóst að fáir ungir handboltamenn ákveða að verða sérhæfðir varnarmenn líkt og Sverre er í dag. Það er ólíklegt að tíu ára snáði fari út á völl með boltann og segi við sjálfan sig „ég ætla að verða varnarmaður“, hvað þá dómari!

Reyndar var Sverre góður sóknarmaður og lék hann í stöðu vinstri skyttu, og lék sér að því að skora.

„Ég var sóknarmaður og fannst ekki leiðinlegt að skora – og mér þykir það reyndar enn í dag en það er ekki oft sem ég fæ tækifæri til þess með landsliðinu. Reyndar ætla ég að taka oftar sprettinn upp völlinn í hraðaupphlaupunum á HM – og vonandi skilar það mörkum. Ég er ekki búinn að útfæra nein fögn eða neitt slíkt. Það gefst ekki tími fyrir svoleiðis en það er gott að vera búinn að komast í 20 mörk á landsliðsferlinum. Það var mikilvægt fyrir sjálfstraustið,“ segir Sverre en hann skoraði eitt mark í vináttuleik gegn Þjóðverjum um síðastliðna helgi. Og það þykir vera fréttaefni.

„Það hefur verið mitt hlutverk að vera varnarmaður frá því ég byrjaði með Fram á ný haustið 2005. Þeir fengu mig í þetta hlutverk, mér fannst það spennandi og það hefur gengið vel. Ég náði að núllstilla allt á þessu tímabili og mér leið eins og ég væri aftur 16 ára. Hver einasti leikur og hver einasta æfing var skemmtileg og ég naut þess að vera með á ný.“

„Ferillinn hefur þróast í þessa átt og ég er einn af fáum sem eru í þessu sérhæfða hlutverki. Ég hef aldrei verið að svekkja mig á því að fá ekki að spila í sókninni.“

### Sambandið við Ingimund eins og gott hjónaband

Guðmundur Guðmundsson tók mikla áhættu fyrir Ólympíuleikana í Peking þegar hann tók þá ákvörðun að byggja varnarleik liðsins í kringum þá Sverre og Ingimund Ingimundarson. Sverre segir að samband hans og „Didda“ eins og Ingimundur er kallaður hafi frá fyrstu mínútu verið eins og hjá gömlum hjónum. „Við vorum að spila gegn Spánverjum á Íslandi fyrir ÓL og varnarleikurinn var ekki alveg í lagi. Gummi þjálfari henti Didda í vörnina með mér og þetta small bara saman. Þetta var eins og blint stefnumót sem átti að verða. Við þekktumst ekki neitt og höfðum ekkert spilað saman en okkur er greinilega ætlað að spila vörn saman. Þetta er mjög farsælt hjónaband,“ segir Sverre og hlær.

„Það er reyndar svolítið sérstakt að við höfum aldrei rifist inni á vellinum eða á varamannabekknum. Við ræðum bara málin í rólegheitum og reynum að leysa vandamálin sem koma upp. Við fáum tíma til þess á bekknum þegar liðsfélagar okkar eru í sókn. Á meðan leysum við Diddi málin fyrir næstu varnarhrinu. Reyndar er varnarleikur okkar að verða eins og excel-skjal. Við vitum í 80 prósent tilvika hvað sóknarmennirnir ætla að gera. Það er allt kortlagt af þjálfaranum og aðstoðarmönnum hans. Þeir undirbúa okkur alveg gríðarlega vel fyrir hvern einasta leik og við vitum yfirleitt hvernig á að bregðast við. Við sjáum hvernig sóknirnar þróast í hvert sinn og um leið og eitthvað er í gangi fer ég út í sóknarmanninn eða Diddi. Það er ákvörðun sem við þurfum að taka og standa við. Ekkert hálfkák þar á ferðinni. Stundum lítum við ekkert vel út ef menn sleppa í gegn en það er bara í tvö skipti af hverjum tíu.

Frá því í Peking hefur vörnin okkar verið að þróast. Áhorfendur sem sjá okkur spila halda oft að við vitum ekkert hvað við erum að gera í vörninni þar sem „villimennskan“ ræður ferðinni. Vissulega getur þetta litið þannig út en þetta er allt saman planað. Virtir handboltaþjálfarar og leikmenn hafa oft spurt okkur út í þessa hluti og talið að við séum bara að gera „eitthvað“ í vörninni – en staðreyndin er önnur.

Engir „farþegar“ leyfðir á landsliðsæfingum

„Það er gríðarlegur keppnisandi í landsliðshópnum og hann hefur farið stigvaxandi frá því við vorum að undirbúa okkur fyrir ÓL í Peking. Það er gerð krafa um að allir leggi sig fram – alltaf. Það er ekki í boði að það séu einhverjir „farþegar“ á æfingum. Þá fá menn að heyra það en við höfum allir verið að æfa með slíkum leikmönnum í okkar félagsliðum. Það er gaurinn sem er bara með 60 prósent ákefð á æfingum og er að spara sig fyrir leikinn. Slíkt er bara ekki í boði hjá landsliðinu – þar tökum við allir 100 prósent á og erum einbeittir. Ekkert annað er í boði og það er gríðarlega gaman að fá að taka þátt í þessu.“

## Sverrir varð Sverre

Sverre Jakobsson tók þá ákvörðun sumarið 2006 að skrifa nafn sitt með norskum hætti en hér Íslandi gekk hann undir nafninu Sverrir Björnsson. „Ég er fæddur í Noregi þar sem hefðin er að taka upp eftirnafn föður síns. Ég er skírður Sverre Andreas Björnsson en faðir minn heitir Jakob Björnsson. Þetta var orðið frekar flókið og ég breytti þessu í Sverre Jakobsson þegar ég fór til Gummersbach 2006.“ Faðir Sverre er Jakob Björnsson sem var bæjarstjóri Akureyrar á sínum tíma og móðir hans er Linda Björnsson en hún er norsk.





Útsalan stendur til 30.01.11
ÚTSALA
DVD myndir frá:
799
Myndaalbúm
995
áður 1.495
Blindrammar
40%
afsláttur
margar stærðir
Geisladiskar
1.999
áður 2.799
1.999
áður 2.799
1.799
áður 2.499
BÓKABAZAR
Nýir og eldri titlar á frábæru verði í verslunum Eymundsson!
2.799
2.799
2.799
2.499
2.999
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Erlendar konur upplýstar um réttindi sín.

## Þarft aðhald

Það er auðvelt að ímynda sér bjargarleysi útlendings, illa talandi og skiljandi tungu heimamanna sem þarf að berjast fyrir rétti sínum. Í því tilviki að barátta stendur milli heimamanns annars vegar og útlendings hins vegar verður misvægið sem í þeim aðstöðumun liggur til að auka enn á erfiðleika útlendingsins.

Útgáfa bæklingsins Réttur þinn sem inniheldur upplýsingar sem máli skipta fyrir erlendar konur á Íslandi er því mikilsvert framtak og auðvitað löngu tímabært. Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum auk íslensku og hann geymir meðal annars upplýsingar um íslenskt samfélag og réttarkerfi, um jafnrétti kynja, dvalarleyfi, hjónabönd, skilnað, forsjármál, umgengnismál og fjármál. Þá má finna í bæklingnum upplýsingar um það hvert er hægt að leita til að afla frekari aðstoðar og upplýsinga. Það er afar mikilvægt að sem flestar erlendar konur sem hér eiga heima fái bæklinginn í hendur svo þær megi hafa skýrari mynd af rétti sínum.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Á fréttum sem sagðar hafa verið í kjölfar útkomu bæklingsins má glöggt sjá hversu tilfinnanlegur skorturinn hefur verið á því að þessi hópur kvenna hefði nægilega vitneskju um stöðu sína og réttindi. Fram hefur komið að bæði hjá Samtökum kvenna af erlendum uppruna og lögmanni, sem hefur annast mörg mál kvenna af erlendum uppruna, að dæmi séu um að konur hafi verið blekktar til að afsala sér ýmsum réttindum þar á meðal forsjá barna sinna. Þá séu einnig dæmi þess að konur af erlendum uppruna hafi skrifað upp á skuldaviðurkenningar fyrir eiginmenn sína án þess að vita undir hvað þær væru að skrifa.

Þarna er ábyrgð þeirra opinberu stofnana sem fyrir konunum verða, ekki síst sýslumannsembættanna, gríðarleg. Þessar stofnanir verða að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að liðsinna fólki sem vegna skorts á málskilningi stendur höllum fæti gagnvart gagnaðila sínum. Ljóst er að allmisjafnt er hversu vel opinberar stofnanir á Íslandi hafa staðið undir þessari ábyrgð.

Því ber að fagna og einnig þakka skjót viðbrögð Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra við fréttaflutningnum. Í bréfi sem sent var úr ráðuneytinu í vikunni óskar hann eftir upplýsingum frá sýslumannsembættunum um fyrirkomulag varðandi túlkaþjónustu þegar einstaklingur af erlendum uppruna, sem ekki getur átt samskipti við embættin vegna tungumálsins, er aðili máls sem er til meðferðar hjá sýslumanni. Þá óskar ráðuneytið eftir upplýsingum um það hvort þess hafi verið gætt þegar erlendum einstaklingi hefur verið gert að útvega sér sjálfur túlk, að ekki hafi verið um að ræða gagnaðila í því máli sem fyrir embættinu liggur, þ.e. eins og sagt hefur verið frá að dæmi séu um að íslenskur eiginmaður hefur tekið að sér að túlka fyrir erlenda eiginkonu sína í skilnaðarmáli viðkomandi. Loks er í bréfi ráðherrans vísað í stjórnsýslulög þar sem kveður á um að stjórnvald sjái til þess að mál sem fyrir því liggur sé nægilega upplýst og beðið um sérstakan rökstuðning telji sýslumannsembætti sig ekki bera skyldu til að veita túlkaþjónustu á þessum forsendum.

Það er mikils um vert að veita sýslumannsembættum landsins virkt aðhald á þessu sviði. Bréf innanríkisráðherrans sýnir eindreginn vilja ráðuneytisins til að veita það aðhald.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

World Class ICELAND
Opið allan sólarhringinn í World Class Kringlunni
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flókið

Það er ekki einfalt mál að reisa og reka tónlistarhús, eins og sést af skipuriti hinnar risavöxnu Hörpu í höfninni í Reykjavík. Harpa er rekin af Austurhöfn TR ehf., sem er að 46 prósentum í eigu Reykjavíkurborgar og 54 prósentum í eigu ríkisins. Austurhöfn TR ehf. á Portus og Situs. Portus er móðurfélag Hörpu en Situs er félag um lóðaréttindi. Situs á Hostes og Custos. Hostes er félag utan um hótel en Custos heldur utan um bílastæðahús. Portus á Totus og Ago. Totus á Hring. Hringur rekur greiðslumiðlun.



### Langar leiðir

Kannski þetta sé rétta leiðin til að standa að málum en hún minnir óneitanlega á fléttur viðskiptaspaðanna hér fyrir hrun. Þeir stofnuðu jú félög á félög ofan. Vafningar mannanna sem keyptu sér turn í Kína eru sérstaklega minnisstæðir. Tuttugu félög voru á milli þeirra og turnsins.

### Tilgangslaust

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Moggans, var skemmtilegur á fundi í Háskóla Íslands í gær. Rætt var um skýrslur erlendra sendimanna og spurt hvort þær væru traust heimild um íslensk stjórnmál. Styrmir hélt nú ekki og sagði líka að tilgangslaust væri fyrir Ísland að halda úti embættismönnum í útlöndum í dýrum húsum og á fínum bílum. Margir deila þeirri skoðun með Styrmi og telja réttast að loka hverri einustu sendisjoppu. Með því megi spara fullt af peningum.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Þegar eftirlit ríkisins með sjálfu sér bregst

Landsnet
Jakob S. Friðriksson
framkvæmdastjóri Virkjana OR



Það er ekki einfalt að hafa eftirlit með sjálfum sér. Það krefst vinnubragða sem eru hafin yfir vafa. Hér er fjallað um dæmi þar sem eftirlitið hefur brugðist.

Nýlegar upplýsingar frá Orkustofnun um meira en sex milljarða oftöku Landsnets á tekjum af flutningi raforku og viðurkenning orkumálastjóra á að eftirliti stofnunar hans með verðskrá Landsnets hafi verið áfátt leiðir þetta í ljós.

Orkuveita Reykjavíkur hefur krafist þess ítrekað á síðustu árum að þessi oftaka tekna verði leiðrétt í samræmi við lög. Þau segja að árlega skuli gera upp hvaða tekjur Landsnet má hafa og leiðrétta gjaldskrána jafnharðan. Það hefur ekki verið gert vegna áranna 2006, 2007, 2008 og 2009. Erindi OR til Landsnets, Orkustofnunar og iðnaðarráðuneytisins hafa ekki náð að breyta því. Þess vegna eru nú í sjóðum Landsnets liðlega sex milljarðar króna sem fyrirtækið á ekki.

> Núi eru í sjóðum Landsnets liðlega sex milljarðar sem fyrirtækið á ekki.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp sem felur í sér að ekki verði farið að gildandi lögum um tafarlausa leiðréttingu á oftökunni. Þess í stað hafi Landsnet heilan áratug til að greiða milljarðana til baka, vaxtalausa. Í umfjöllun Kastljóssins nú upp úr áramótunum var á þetta bent. Annað atriði sem ekki hefur verið í umræðunni er að þrátt fyrir að frumvarpið sé nú komið til annarrar umræðu í þingsölum hafa engar upplýsingar komið fram um hvaða áhrif það muni hafa á gjaldskrá Landsnets til framtíðar.

Í raun hefur fengist staðfest við umfjöllun þingnefndar að í öllum undirbúningi málsins hafi áherslumál Landsnets notið forgangs og að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda og ábendinga orkufyrirtækja og dreifiveitna. Því er ekki að undra að OR bendi á að litið sé framhjá heildarhagsmunum.

Eftir stendur spurningin hvort löggjafinn ætlar að staðfesta þá eignaupptöku sem slök stjórnsýsla hefur látið viðgangast.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ókeypis hraðbrautir fyrir alla

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Það kemur ekki mikið á óvart að markaðshatarinn Ögmundur Jónasson ætli sér að nota tækifærið í tengslum við undirskriftasöfnun FÍB til að blása af hugmyndir um vegagerð á markaðsforsendum, þar sem þeir greiða fyrir vegina sem nota þá, en ekki einhverjir aðrir. Um leið hefur Ögmundur afsökun til að byggja 2+1 vegi í stað 2+2, sem í sjálfu er ágætt, en hins vegar ætti stjórnmálamaður ekki að þurfa slíkar krókaleiðir til að hætta við framkvæmdir sem flestir umferðarfræðingar telja ofvaxnar hvort eð er.

Sú barátta sem sérhagsmunasamtökin FÍB fóru út í var ein sú auðveldasta sem menn geta hugsað sér. Krafan var að nokkuð sem hingað til hefur verið gjaldfrjálst verði það áfram. Alltaf þegar slíkt er gert er talað um að verið sé að „refsa“ notendunum. Ég borga fyrir mat. Ég lít ekki á það sem refsingu.

Nú munu einhverjir eflaust benda á að vegnotendur greiði þegar fyrir vegina með alls kyns sköttum og gjöldum. Þetta er oftast orðað með þeim hætti að bílnotendur séu „gríðarlega skattpíndir“. Það er rétt að stór hluti af kaupverði bíla og bensíns rennur til hins opinbera en vegakerfið kostar auðvitað sitt líka. Samkvæmt Hagstofunni námu heildarútgjöld hins opinbera til vegamála 39 milljörðum króna á seinasta ári. Þetta er svipað og rekstur barnaskólastigsins. Sértækir skattar á bíla og bensín námu 25 milljörðum.

Fyrir hrun greiddu bílnotendur að jafnaði aðeins meira í sameiginlega sjóði en það sem þeir fengu til baka. Nú hefur sala nýrra bíla hrunið en margar þær framkvæmdir sem eiga að „snúa hjólum í gang“ eru einmitt vegaframkvæmdir. Fyrir vikið eyða menn langt umfram tekjur til vegamála, bæta við akreinum og mislægum gatnamótum á sama tíma og umferð dregst saman. Voða rökrétt.

Spurningin er því hvernig við eigum að loka gatinu. Sérhagsmunaaðilar, eins og FÍB, krefjast þess auðvitað að því verði lokað með almennu skattfé. Sú aðferð jafngildir því að peningar séu færðir frá þeim sem keyra lítið til þeirra sem keyra mikið. Það er vond hugmynd, hún er hvorki sanngjörn, réttlætanleg á sparnaðartímum né umhverfisvæn. Öllu skárri leið er að leggja kostnaðinn á bensínið, þá borga þeir mest sem keyra mest.

Besta leiðin til að byggja upp vegakerfið er að gera það á markaðsforsendum, að þeir borgi fyrir uppbyggingu og notkun veganna sem á þeim aki. Málið er einfalt. Ef ekki á að borga fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar með veggjöldum þá þarf annað hvort að borga fyrir hana með hærri tekjuskatti á alla eða hærri bensínskatti. Það er ekki bæði hægt að borða kökuna, eiga hana, og láta einhvern annan borga fyrir hana.

Það er dálítið sorglegt hvernig þeir sem mest mundu græða á ákveðnu fyrirkomulagi berjast gegn því. Ef sú venja mundi festast í sessi að rukkað yrði fyrir notkun umferðarmannvirkja myndi það ýta undir uppbyggingu á markaðsforsendum og þá mundu menn frekar byggja upp þar sem það borgaði sig og umferð væri mikil, þ.e.a.s. á suðvesturhorninu, frekar en þar sem pólitíski þrýstingurinn væri mestur. Ætli margar hraðbrautir úti á landi gætu borið sig með veggjöldum?

Óbreytt ástand í þessum málum þýðir að stjórnmálamenn fá áfram að byggja upp vegi og klippa á borða þar sem þeim sýnist. En auðvitað er ekki annað hægt en að dást að mætti hagsmunasamtakanna í þessu máli.

Niðurstaðan verður að öllum líkindum sem sagt sú að burðargeta vega út frá Reykjavík verður aukin um 50% án þess að það kosti vegnotendur neitt, og þetta hljómar skyndilega eins og rosaleg málamiðlum. Ég er líka með málamiðlun. Byggjum 2+1 veg og rukkum, en helmingi minna en við hefðu gert fyrir 2+2.

Í mánaðarlok taka gildi einhverjar mestu skerðingar á þjónustu strætó í manna minnum. Strætó hættir að ganga skömmu eftir seinni fréttir og gjaldskráin hækkar um 20%. Mikið held ég að strætófarþegar myndu þiggja sömu „málamiðlun“ og notendur Suðurlandsvegar, þ.e.a.s. að þjónustan yrði aukin um 50% án þess að til nokkurra gjaldskrárhækkana kæmi.

> Samkvæmt Hagstofunni námu heildarútgjöld hins opinbera til vegamála 39 milljörðum króna á seinasta ári. Þetta er svipað og rekstur barnaskólastigsins. Sértækir skattar á bíla og bensín námu 25 milljörðum.

## Tekjur og gjöld hins opinbera af umferð

**Heildarútgjöld hins opinbera eftir málaflokkum í mestri sundurliðun 1998-2008**




### AF NETINU

## Boltinn hjá Ögmundi

Ögmundur heimtar opna umræðu, útlistar jafnframt hvað tala má um og atyrðir þá sem fara út fyrir þann málefnaramma ráðherra. Tvo slíka nafngreinir hann og úthrópar sem „hrunverja“, um leið og hann ítrekar að enginn skuli gjalda skoðana sinna.

Allt þetta undir fyrirsögninni „Er verið að biðja um þögn?“.

Eins freistandi og það tilboð hljómar, bið ég bara um hugsun. Henni mætti innanríkisráðherra gjarnan beita áður en næsta sjálfsupphafning fer á vefinn. Manni fer næstum að svengja eftir Birni Bjarnasyni; þar var þó bara sauðagæran til staðar ekki sauðurinn allur.

En gott og vel, Ögmundur vill tala um ESB. Hvers vegna hefur hann þá ekki umræðuna í stað þess að bíða eftir að fá hana í hendurnar, líkt og frekur krakki? Ég geri ráð fyrir að Ögmundur eigi við upplýsta umræðu, ekki barnalegar upphrópanir um glerperlur og eldvatn?

Ég bið þá um fimm grófustu dæmin (að mati Ögmundar), hvar ESB fer fram á aðlögun Íslands að sambandinu.

Boltinn er hjá Ögmundi.

blog.eyjan.is/baldurmcqueen

**Baldur McQueen**

HUSK

Náttúrulegar trefjar sem halda meltingunni í góðu formi

20% afsláttur

15. janúar – 15. febrúar

**HUSK** er 100% náttúrulegt „þarmastillandi“ efni.

**HUSK** er hreinsuð fræskurn indversku lækningajurtarinnar Plantago Psyllium.

**HUSK** er án sykurs eða bragðefna og bætir starfsemi þarmanna á vægan hátt.

**HUSK** fæst í lyfjaverslunum og heilsuverslunum um allt land!




E.BRIDDE ehf.

Sími 577 1215, Holtasmári 1, 201 Kópavogur
ehb@ebridde.is, www.ebridde.is

Upplýsingar um Husk duft til inntöku: Virkt efni: Ispaghula husk. Ábendingar: Náttúrulyf til meðferðar við þrálátri hægðatregðu; til notkunar við aðstæður þar sem mjúkar hægðir og auðveld hægðalosun eru æskileg. Viðbótarmeðferð við einkennum niðurgangs af ýmsum orsökum og meðferð þegar þörf er á aukinni neyslu trefja, t.d. við iðraólgu. Skammtar og lyfjagjöf: Dagsskammtur fyrir fullorðna, aldraða og börn eldri en 12 ára: 2-3 mæliskeiðar (3-5 g) kvölds og morgna. Blanda skal u.þ.b. 5 g með 150 ml af köldu vatni, mjólk, ávaxtasafa eða öðrum drykkjum, hræra rösklega og drekka svo fljótt sem mögulegt er. Drekka skal að auki nægilegan vökva. Taka skal náttúrulyfið inn að deginum a.m.k. hálfri til einni klukkustund fyrir eða eftir máltíð og inntöku annarra lyfja. Frábendingar: Ispaghula husk er ekki ætlað sjúklingum með hægðateppu eða einkenni frá kviðarholi af ógreindum orsökum, kviðverki, ógleði eða uppköst, nema að ráði læknis. Ispaghula husk er heldur ekki ætlað sjúklingum sem hafa þrengingar í meltingarvegi, sjúkdóma í vélinda eða magaopi, þaninn ristil, sykursýki sem erfitt er að meðhöndla eða ofnæmi fyrir ispaghula eða einhverjum öðrum innihaldsefnum náttúrulyfsins.Varnaðarorð: Fyrirstaða getur myndast í meltingarvegi ef vökvaneysla er ekki nægileg samhliða notkun náttúrulyfsins. Ef kyngingarörðugleikar hafa einhvern tíma átt sér stað eða um sjúkdóma í koki er að ræða skal ekki nota náttúrulyfið. Sjúklingar með bráðan bólgusjúkdóm í meltingarvegi eða truflanir í saltbúskap ættu ekki að nota náttúrulyfið. Milliverkanir: Frásogi annarra lyfja sem tekin eru samhliða, t.d. kalsíums, járns, litíums og sinks, vítamína (B12), glýkósíða með verkun á hjarta og kúmarín afleiða getur seinkað. Af þessum ástæðum skal taka náttúrulyfið a.m.k. hálfri til einni klukkustund fyrir eða eftir máltíð og inntöku annarra lyfja. Gæta þarf varúðar þegar lyf sem draga úr hreyfanleika maga og þarma (morfínlík lyf, lóperamíð) eru notuð samhliða vegna hættu á teppu í meltingarvegi. Aukaverkanir: Vindgangur og kviðverkir geta átt sér stað við notkun náttúrulyfsins, einkum í upphafi meðferðar. Þaninn kviður, hætta á fyrirstöðu í görnum eða vélinda og hægðateppa, sérstaklega ef vökvaneysla er ekki nægilega mikil. Geymið ekki við hærri hita en 25°C. Geymið í upprunalegum umbúðum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja náttúrulyfinu**. 10 desember 2008.

40%

afsláttur
af umgjörðum
í dag
föstudag



LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir*

**Þorsteinn B. Guðmundsson**

kennari
Skeiðarvogi 105,

andaðist að hjúkrunarheimilinu Skjóli miðvikudaginn 12. janúar. Útför auglýst síðar.

**Sigríður Sólveig Jóhannsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Heiður Þorsteinsdóttir** | **Sveinn Bárðarson** |
| **Hlynur Þorsteinsson** | **Gunnur Kr. Gunnarsdóttir** |
| **Hugrún Þorsteinsdóttir** | **Kristján Reynir Pálsson** |



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Margrét Sigurðardóttir**

frá Sveinskoti, Álftanesi,

sem lést í Holtsbúð sunnudaginn 9. janúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Bessastaðakirkju í dag föstudaginn 14. janúar klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Elín Jóhannsdóttir**
**Snorri Jóhannsson**
**Sturla Jóhannsson**
**Jónas Jóhannsson**
**Sigrún Jóhannsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa*

**Gunnars Þorbjörns Haraldssonar**

Áshamri 33, 900 Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Jórunn Guðný Helgadóttir**

| | |
|---|---|
| **Helgi Benóný Gunnarsson** | **Jarþrúður Kolbrún Guðmundsdóttir** |
| **Haraldur Þorsteinn Gunnarsson** | **Kristín Gunnarsdóttir** |
| **Matthildur Gunnarsdóttir** | **Jón Gunnar Hilmarsson** |
| **Nanna Björk Gunnarsdóttir** | |
| **afa- og langafabörn** | |



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim er veittu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa*

**Jóns Hauks Sigurbjörnssonar**

Stekkjargerði 8, Akureyri.

Sérstakar þakkir sendum við til Heimahlynningar á Akureyri fyrir góða umönnun og alla hlýju.

**Halldóra Júlíana Jónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Haukur Jónsson** | **Þóra Kristín Óskarsdóttir** |
| **Sigurbjörn Jónsson** | |
| **Rósa Jónsdóttir** | |
| **Örn Kató Hauksson** | |
| **Arna Katrín Hauksdóttir** | |
| **Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson** | |
| **Júlíana Sól Sigurbjörnsdóttir** | |
| **Ásta Björk Birgisdóttir** | **Þorsteinn Gunnarsson** |
| **Berglind Rósa Birgisdóttir** | |
| **Snæbjörn Kári Þorsteinsson** | |



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar*

**Valtýs Jóhannssonar**

frá Hömrum, Akurgerði 3b, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

| | |
|---|---|
| **Elís Valtýsson** | |
| **Rósa Valtýsdóttir** | |
| **Rannveig Ósk Valtýsdóttir** | **Óskar Halldór Tryggvason** |
| **María Sigríður Jóhannsdóttir** | |
| **og barnabörn** | |



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Lárusson**

fv. útgerðarmaður,
Víkurbraut 30, Höfn í Hornafirði,

lést á dvalarheimilinu Skjólgarði, miðvikudaginn 12. janúar.

| | |
|---|---|
| **Ásgeir Sigurðsson** | |
| **Guðmundur Sigurðsson** | **Vilborg Jóhannsdóttir** |
| **Hilmar Sigurðsson** | **Guðrún Kristjánsdóttir** |
| **Dagbjört Sigurðardóttir** | **Finnur Jónsson** |
| **Aldís Sigurðardóttir** | **Guðmundur Eiríksson** |
| **Karl Sigurðsson** | **Svava Eyjólfsdóttir** |
| **Grétar Sigurðsson** | |
| **Sigríður Sigurðardóttir** | **Sæmundur Gíslason** |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |



*Ástkær móðursystir okkar*

**Ingibjörg Steindórsdóttir**

frá Syðri-Vík,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki í Hlíð fyrir kærleiksríka umönnun.

**Erla, Ásta, Marta, Alda, Þórdís Þórðardætur og fjölskyldur.**



*Okkar ástkæra*

**Fjóla B. Bárðdal**

Messuholti,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki mánudaginn 10. janúar.

**Sigurþór Hjörleifsson**

| | |
|---|---|
| **Arngunnur Sigurþórsdóttir** | **Ægir Sturla Stefánsson** |
| **Steinunn Sigurþórsdóttir** | **Sigurður Guðjónsson** |
| **Ingibjörg Sigurþórsdóttir** | **Einar Sævarsson** |

**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa*

**Björns B. Líndal**

Hraunvangi 1, Hafnarfirði.

| | |
|---|---|
| **Guðmundur Ingi Björnsson** | |
| **Ingibjörg Bertha Björnsdóttir** | **Guðmundur Pedersen** |
| **Árni Már Björnsson** | **Ásrún Jónsdóttir** |
| **Sigurbjörn Björnsson** | **Unnur Petra Sigurjónsdóttir** |
| **Vilborg Anna Björnsdóttir** | **Sigurður Flosason** |
| **barnabörn og barnabarnabörn** | |



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**FORSETI** Hluti stjórnunarnefndar IEEE Geoscience and Remote Sensing Society en Jón Atli er í fremstu röð fyrir miðju.

## JÓN ATLI BENEDIKTSSON: NÝR FORSETI VIRTRA SAMTAKA VÍSINDAMANNA

# Heiður fyrir mig og háskólann

„Það er mikill heiður bæði fyrir mig og Háskóla Íslands að ég skyldi verða fyrir valinu og mun styrkja skólann og efla tengslanet hans," segir Jón Atli Benediktsson, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði við HÍ, sem kjörinn var forseti IEEE Geoscience and Remote Sensing Society. Félagið er alþjóðlegt fagfélag vísindamanna sem fást við fjarkönnun af yfirborði lands og sjávar, í andrúmslofti og í geimnum.

Jón Atli kom fyrst að félaginu árið 1994 og hefur vakið athygli fyrir góð störf innan þess. Hann var fyrst kjörinn í stjórnunarnefnd félagsins árið 2000 og hefur síðan starfað sem ritstjóri eins af þremur ritrýndum tímaritum sem félagið gefur út. Þá hefur hann hlotið fjölda viðurkenninga fyrir vísindastörf sín, en allt þetta varð til þess að hann var tilnefndur í kjör til forseta félagsins.

En hvað er fjarkönnun? „Þá er yfirborð jarðar myndað úr fjarlægð og unnið úr upplýsingunum sem fást. Þetta geta verið allt frá gervitunglamyndum og myndum teknum úr flugvélum og í myndir úr handheldum búnaði," segir Jón Atli og bætir við að fjarkönnun nýtist vel til að safna miklum upplýsingum á stórum landsvæðum. Sem dæmi um hvernig fjarkönnun er nýtt á Íslandi nefnir Jón Atli íslenska rannsókn sem miðar að því að búa til kort af botnum jökla með því að beita radartækni. „Í framtíðinni gæti reglubundin fjarkönnun orðið lykilþáttur í að vakta fiskimiðin sem þjóðin byggir afkomu sína að miklu leyti á," segir Jón Atli og telur að notkun fjarkönnunar komi til með að aukast, ekki síst við hvers kyns umhverfis- og auðlindarannsóknir á sjó og landi.

„Þá gagnast fjarkönnun einnig við ýmiss konar löggæslu en mörg ríki hafa til dæmis sívaxandi áhyggjur af olíumengun í sjó og fjarkönnunartækni gæti til dæmis hentað einkar vel til að fylgjast með og kortleggja ólöglega losun olíu og margra annarra spilliefna í sjó."

Jón Atli mun sinna starfi sínu sem forseti félagsins sem hluta af starfi sínu við Háskóla Íslands. „Haldnir eru nokkrir fundir á hverju ári og ein stór ráðstefna og þó að félagið hafi aðsetur í Bandaríkjunum eru fundirnir haldnir um allan heim," segir Jón Atli, sem þessa stundina er staddur á ráðstefnu í Kína. „Þar var ég að opna ráðstefnuna og halda fyrirlestur um mínar rannsóknir," útskýrir Jón Atli.

Hann telur að nemendur við HÍ geti grætt á stöðu hans innan félagsins. „Þeir sem koma að félaginu eru í fremstu röð og þetta gefur nemendum tækifæri til að vinna með fleirum en mér, auk þess sem þeir hafa aðgang að gögnum frá stofnunum á borð við NASA og DNR í Þýskalandi."

**solveig@frettabladid.is**



*Okkar ástkæri*

**Jóhannes Haraldsson**

fyrrverandi veghefilsstjóri, Sólvöllum, Skagafirði,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki þriðjudaginn 11. janúar. Jarðarförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju fimmtudaginn 20. janúar kl. 11. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á deild 5 á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki.

**Guðveig Þórhallsdóttir og fjölskylda**



**Höfuðborgarstofa** vinnur að gerð nýrrar ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020. Borgarbúar og aðrir landsmenn eru hvattir til að taka þátt og senda inn hugmyndir og tillögur að úrbótum og nýsköpun á vef www.visitreykjavik.is sem verður opnaður 24. janúar.




MEIRA ÚRVAL - LÆGRA VERÐ
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
www.friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



ÚTSALA
Saeco kaffivélar
– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil

Verð frá kr. 49.990
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA SJÓNVARP
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
vísir.is


**Andri Ómarsson lærði brjóstsykursgerð í Danmörku og hefur breitt út boðskapinn víða:**

# Þarf að hafa hraðar hendur



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Andri Ómarsson, verkefnastjóri hjá félagsmiðstöðinni Bústöðum, er tómstundafræðingur að mennt og fór í vettvangsnám til Danmerkur árið 2006. Þar vann hann á frístundaheimili fyrir börn og lærði brjóstsykursgerð af kollega sínum. „Í kjölfarið fór ég að vinna á frístundaheimili í Reykjavík og fór brátt að breiða út boðskapinn. Ég hef enga tölu á því hvað ég hef gert þetta oft síðan.“

Þrátt fyrir að grunnuppskriftin sé einföld segir Andri brjóstsykursgerðina nokkuð vandasama. „Það þarf tiltekin áhöld auk þess sem nauðsynlegt er að hafa hraðar hendur við að móta molana áður en blandan harðnar. Það er því líklega best að gera þetta fyrst undir leiðsögn áður en hafist er handa upp á eigin spýtur.“ Andri bauð upp á sýnikennslu á handverkskaffi í Gerðubergi í vikunni og kom áhugasömum á sporið.

Andri segir að hráefnin sem þurfi fáist ekki í hefðbundnum verslunum en veit um tvær netverslanir sem selja grunnbúnað eins og sílikonmottu, spaða, hitamæli, bragð- og litarefni en það eru mommur.is og slikkeri.is. Hitamælinn segir Andri nauðsynlegan þar sem blandan er hituð í 165 gráður áður en bragð- og litarefnum er blandað út í en auk þess segir hann nauðsynlegt að nota stálpott. Andri segir marga halda að liturinn komi með bragðefnunum en svo sé ekki. „Það er til dæmis ekki svo að brjóstsykur með jarðarberjabragði sé sjálfkrafa rauður. Það þarf að bæta litarefnum við.“ Andri segir hægt að búa til kúlur, kodda og snúna mola auk þess sem sumir geri sleikibrjóstsykur.

Hann brýnir fyrir þeim sem hafa hug á því að prófa að hafa varann á. „Ég hef aldrei orðið fyrir slysi í þau fjölmörgu skipti sem ég hef gert þetta en allur er varinn góður.“

*vera@frettabladid.is*

## GRUNNUPPSKRIFT

Gefur um 500 grömm af brjóstsykri

4 dl sykur
1½ dl þrúgusykur
1 dl vatn
Bragð- og litarefni eftir smekk

*Nánari upplýsingar um nauðsynleg áhöld og aðferð er meðal annars að finna á vefnum www.slikkeri.is. Mikilvægt er að lesa sér vel til áður en hafist er handa enda þarf að hafa hraðar hendur við að móta molana á meðan blandan er heit.*




Heilsuréttir Nings

Tröllatrefjar
TRANS FITA
MSG
NINGS
Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is
Stór hluti viðskiptavina Nings er íþróttafólk og þá sérstaklega líkamsræktarfólk sem er vel upplýst og vill fá góðan og hollan mat.
Heilsuréttirnir okkar eiga það sameiginlegt að innihalda ferskt grænmeti, svo til enga fitu, mikið af próteini, ekkert salt, engan sykur og hæfilegt kolvetnismagn.
Rannveig Kramer
Íslandsmeistari í fitness 2010 styrkir kroppinn með heilsuréttum frá Nings
og kroppurinn blómstrar


**Listasafn Reykjavíkur** býður upp á leiðsögn klukkan 15 á sunnudaginn um hin nýju aðföng sem safninu hafa áskotnast undanfarin fimm ár og eru nú til sýnis á Kjarvalsstöðum. 711 verk hafa bæst í safnið en Hafþór Yngvason safnstjóri leiðir fólk í sannleikann um þau.





„Það er alltaf gaman hjá þessu bandi. Þar er sko aldrei neinn í fýlu," segir Sigrún Eðvalds fiðluleikari um Salon Islandus.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skemmtilegt ferðalag

**Þekkt eyrnakonfekt eins og Ástardraumur Liszts, Vínarvalsar og sígrænar perlur eftir Abba verður fram borið í Salnum á morgun af hljómsveitinni Salon Islandus. Sigrún Eðvalds fiðluleikari er í sveitinni.**

„Þessi hljómsveit kemur alltaf fram í byrjun árs en er bara nýbúin að skipta um nafn," segir Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari, sem í meira en áratug hefur tekið þátt í Nýárstónleikum Sigurðar Ingva Snorrasonar. Nú verða þeir í Salnum og hefjast klukkan 17 á morgun, laugardag.

„Siggi náttúrlega sér um allt, skipuleggur og útsetur eitthvað skemmtilegt fyrir hópinn," segir Sigrún og heldur áfram. „Þetta er samt ólíkt því sem við höfum gert áður því tónleikarnir eru algerlega tvískiptir. Fyrir hlé förum við meðal annars í skemmtilegt ferðalag því Liszt á 200 afmæli á þessu ári og Sigga langaði að heiðra hann. Liszt fæðist í bænum Raiding í Austurríki og fer til Vínar að læra á píanó hjá frægum kennara. Þar kynnist hann Vínarvölsunum. Síðan fer hann til Parísar og hittir Paganini og verður fyrir miklum áhrifum af honum. Við spilum Rapsódíu Liszts nr. 2 sem er auðvitað dásamleg. Svo erum við líka að spila eina Paganinikaprísu fyrir fiðlu og Siggi hefur útsett hana fyrir fiðlu og bandið þannig að það verður brjálæðislega skemmtilegt."

Eftir hlé segir Sigrún fræga kvikmyndatónlist á dagskrá. „Ég ætla ekki að ljóstra öllu upp en þar er dálítið mikið fallegt og skemmtilegt á ferðinni. Eitthvað sem allir þekkja. Diddú kemur fram með sveitinni og fer þvílíkt á kostum. Hún syngur Vínarlög fyrir hlé og svo breytir hún dálítið um stíl eftir hlé. Syngur meðal annars hið fræga lag La Wally úr gamalli franskri mynd sem heitir Diva og fjallar um óperusöngkonu. Það er rosalegt kikk að fá að spila það með henni," segir Sigrún Eðvalds. Hún segir hljómsveitina alltaf skipaða sama fólkinu nema hvað nú taki Sif Tulinius sæti Pálínu Árnadóttur því sú síðarnefnda hafi meitt sig. Aðrir séu Bryndís Halla Gylfadóttir, Hávarður Tryggvason, Martial Nardeau, Sigurður Ingvi Snorrason, Anna Guðný Guðmundsdóttir og Pétur Grétarsson. „Það er alltaf gaman hjá þessu bandi. Þar er sko aldrei neinn í fýlu," segir Sigrún glaðlega. „Þetta er bara rosalegt stuð."

*gun@frettabladid.is*

ÚTSALA
LAURA ASHLEY
30-70%
AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LAUGARDAGA 11-16
Laura Ashley Faxafen 14 s.551-6646

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

50% afsláttur af öllum vörum
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

ALLT HELGIN Laugardaga
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

ÚTSALA
Síðustu dagar útsölu
20-60% afsláttur

Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 14. janúar 2011



INGVAR HELGASON KANN VEL VIÐ SIG Í MIÐRI TÍSKUHRINGIÐUNNI

Á rúmstokknum • Ný hönnun frá Helicopter • Tískustraumar 2011 • Helgarráðin





FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Acer Aspire 5742G-373G32Mn

- 2.4GHz Intel Core i3-370M - Dual core
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA harðdiskur
- 15,6" WXGA LED CineCrystal skjár
- ATI Mobility Radeon HD 5470 skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- DVD og CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium - 64-BIT

Kr. 127.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ ekki missa af



**BRASILÍSK LIST** Stórskemmtileg sýning á verkum úr hjóð- og myndbandsverkaröðinni VídeóRísóm eftir brasilíska listamanninn Marcellvs L. stendur yfir í Nýlistasafninu um þessar mundir. Um að gera að bæta Nýlistasafninu við á lista yfir viðkomustaði sína á bæjarröltinu þessa helgina.

## blogg vikunnar

### Útlitsbókin



Götutískublogg njóta mikilla vinsælda um þessar mundir enda oftast hægt að sækja mikinn innblástur í hvernig fólk úti í heimi setur saman sinn klæðnað. Eitt af þessum bloggum er síðan Lookbook.nu en hún er frábrugðin öðru bloggi vegna þess að lesendur geta hlaðið inn myndum af sjálfum sér. Síðan er því full af myndum af tískusinnuðum einstaklingum frá öllum heimshornum. Síða sem hægt er að gleyma sér á.

### Dúllulegt og fínt



Það er krúttleg og sæt sænsk stúlka sem heldur úti tískublogginu Níu til fimm, eða Nio till fem eins og það nefnist á frummálinu. Á síðunni sýnir hún nýjustu fatakaupin auk þess sem hún deilir svipmyndum úr lífi sínu með lesendum. Stíll höfundarins er krúttlegur og einkennist helst af sætum kjólum, mynstruðum pilsum og fallegum hælaskóm sem stundum eru of háir til að ganga í. Hægt er að finna bloggið á slóðinni www.rodeo.net/niotillfem.



**Efnileg** Helga Lilja Magnúsdóttir fatahönnuður hannar undir heitinu Helicopter og hefur hún slegið í gegn með nýja línu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Helicopter** Hönnun Helgu Lilju er falleg og þægileg.



Helga Lilja Magnúsdóttir hannar undir heitinu Helicopter:

# FÖT MEÐ NOTAGILDI

Hönnuðurinn Helga Lilja Magnúsdóttir hefur hannað undir heitinu Helicopter í nokkur ár en ný fatalína frá henni hefur slegið rækilega í gegn.

Helga Lilja starfaði um hríð sem aðstoðarhönnuður hjá tískufyrirtækinu Nikita en ákvað nýverið að einbeita sér alfarið að eigin hönnun. „Ég byrjaði með Helicopter eftir að ég útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2006. Fyrir algjöra tilviljun hafði mér áskotnast hitapressa sem notuð er til að prenta mynstur á föt og það varð eiginlega kveikjan að þessu öllu saman. Ég tók mér svo pásu frá Helicopter á meðan ég vann hjá Nikita en nýverið fór sköpunarþörfin að segja aftur til sín,“ útskýrir Helga Lilja og bætir við að sig hafi langað að prófa að hanna aftur undir eigin nafni og sjá hvernig viðtökurnar yrðu.

Að sögn Helgu Lilju mun nýja línan flokkast undir það sem á ensku er kallað „high street“. „Það er hægt að klæðast flestum flíkunum í línunni bæði hversdags og við fínni tækifæri þannig að þær hafa mikið notagildi,“ útskýrir hún. Helga Lilja vinnur nú hörðum höndum að nýrri sumarlínu auk nýrrar haust- og vetrarlínu sem frumsýnd verður á tískuvikunni í London um miðjan febrúar.

Innt eftir því hvort hún sé ánægð með viðtökurnar sem Helicopter hefur fengið svarar Helga Lilja játandi. „Já, það er nóg að gera og spennandi tímar fram undan. Mér fannst um að gera að henda mér bara á fullt í þetta og sjá hvað gerðist og ég sé ekki eftir því,“ segir hún að lokum glöð í bragði.

Hægt er að nálgast vörurnar frá Helicopter í versluninni Forynju við Laugaveg 12b og einnig á Facebooksíðu merkisins. **- sm**




Tískubloggarinn Elin Kling vinnur með H&M:

# Bloggari hannar

Sænski tískurisinn H&M hefur hannað sérstaka fatalínu í samstarfi við sænska tískubloggarann Elinu Kling og verður línan aðeins fáanleg í verslunum H&M í Svíþjóð. Þetta er í fyrsta sinn sem verslunin fær tískubloggara í lið með sér, en Kling er einn vinsælasti bloggari Svía.

Línan inniheldur níu flíkur og er nútímaleg, einföld og látlaus og undir áhrifum frá hinum gamla bóhemastíl. Orðtækið „minna er meira“ á vel við línuna, sem tók rúmt ár að hanna. „Það er mikill heiður að vera fyrsti tískubloggarinn sem tekur að sér slíkt verkefni. Ég er mjög ánægð með útkomuna og línan endurspeglar vel minn persónulega stíl,“ skrifaði Kling á bloggsíðu sinni. Línan kemur í verslanir í Svíþjóð hinn 3. febrúar næstkomandi og er fullvíst að hennar verði beðið með mikilli eftirvæntingu. **- sm**



**Vinnur með H&M** Sænski tískubloggarinn Elin Kling, til vinstri, hefur hannað fatalínu í samstarfi við tískurisann H&M. NORDICPHOTOS/GETTY

## ✻ augnablikið



**SUMARLEG** Leikkonan Cameron Diaz var sumarleg og fín á frumsýningu kvikmyndarinnar The Green Hornet í Los Angeles í byrjun vikunnar.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahonr **Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
*sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# Útsala

30%



VERÐ ÁÐUR: 144.900- VERÐ NÚ: 101.430-

GLÖS VERÐ FRÁ: 190- TIL 490-



40%



VERÐ ÁÐUR: 75.900- VERÐ NÚ: 45.540-

60% AF JÓLASKRAUTI



VERÐ FRÁ: 290-

40% VERÐ FRÁ ÁÐUR: 2.990- VERÐ FRÁ NÚ: 1.794-





VERÐ: 1.990-

30% TVEIR STÓLAR OG BORÐ VERÐ ÁÐUR: 54.900-



VERÐ NÚ: 38.430-

40% VERÐ ÁÐUR: 19.900- VERÐ NÚ: 11.940-



VERÐ ÁÐUR: 59.900- VERÐ NÚ: 35.940-



40%

3 FYRIR 2 VERÐ FRÁ: 490-



AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

A WORLD OF INSPIRATION • the PIER • FOR YOUR HOME •

# 20-80%

the PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



**Tískufyrirmynd** Á meðan aðrir klæddust támjóum skóm klæddist Sevigny skóm með rúnnaðri tá í veislu árið 2001.



**Satínmistök** Þessi túrkísblái kjóll er líklega barn síns tíma og virðist á skjön við persónuleika Sevigny.



**Óklæðilegt** Chloé mætti í þessum kjól á Cannes-kvikmyndahátíðinni árið 2002. Reimaða klaufin er afskaplega óklæðileg og ekki bætir hálsmenið úr skák.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Chloé Sevigny á góðar og slæmar tískustundir:

# Besta og versta

Leikkonan Chloé Sevigny hefur lengi verið talin ein sú smekklegasta í bransanum. Hún fer ótroðnar slóðir við klæðaval og hefur oftar en ekki verið langt á undan straumnum. En þeir bestu geta einnig stigið feilspor og ef litið er yfir farinn veg má sjá að ungfrú Sevigny á sína góðu og slæmu daga.



**Flottir leggir** Sevigny klæðist gjarnan kjólum í þessari sídd og leyfir fallegum fótleggjunum að njóta sín. Hún klæddist þessum kjól á tískusýningu árið 2005.



**Sæt** Leikkonan klæðist sætum kjól við blazer-jakka á tískuvikunni í New York árið 2008.






## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

### Áramótaheitin fyrir svefnherbergið

Nýtt ár er runnið upp. Á fyrsta degi nýs ár geri ég upp nýliðið ár og fer yfir hvað mér ávannst og hvað hefði mátt betur fara. Ég legg drög að nýju ári og rita áramótaheitin upp í Excel með tilheyrandi undirflokkum og litakóðum. Nýtt ár skal vera skipulagt í þaula og markmiðum náð. Undirstaða þessa skipulags byggir á mikilli sjálfsþekkingu og vissu.

Það er nefnilega ótrúlega merkilegt fyrirbæri að vita hvað maður vill. Hraði nútímasamfélagsins gerir miklar kröfur um að einstaklingar viti hvað þeir vilja. Við erum hvött til að velja hratt og örugglega og horfa svo fram á veginn, þitt er valið og það hlýtur að vera rétt. Í allri þessari ákveðni þá gleymdist kynlífið. Við lesum um kynlíf og vitum hvað er hægt að gera og kaupa en við virðumst gleyma að segja rekkjunautnum hvað það er sem við viljum. Uppspretta margra kynlífsvandamála er einmitt samskiptaleysi. Ef þú veist ekki hvað þú vilt eða þorir ekki að segja frá því, hvernig á þá annar einstaklingur að læra á líkama þinn og fullnægja þér?

Ung kona lenti nýverið í því að vera sökuð um að „eyðileggja" kynlíf því hún var sífellt „geltandi" skipanir. Þessi ákveðni leiddi til þess að ungi herramaðurinn misst stinninguna og þar með alla kynferðislega löngun. Það sem hefði átt að þykja vænlegur kostur í fari kynlífsfélaga var í hans huga aftur á móti ofaukið og óþægilegt. Daman var sökuð um stjórnsemi, jafnvel heimtufrekju. Ákveðni hennar og vissa um eigin langanir olli honum óþægindum því hann var greinilega ekki að gera allt „rétt" og vissi því ekki „best". Ef hann hefði brotið odd af oflæti sínu og einfaldlega spurt stúlkuna hvað henni fyndist gott þá hefði kynlíf þeirra getað endað ánægjulega fyrir báða aðila.

Það er ekki hægt að lesa hugsanir rekkjunautarins, frekar en í öðru. Þú getur reynt að gefa óljósar merkingar með stunum og öðru látbragði en einfaldast væri bara að segja hvað þú vilt. Upptalning á hvað sé óæskilegt gæti verið leiðingjarnt þó það geti verið gott að koma sér saman um nokkra ákveðna hluti. Málið er samt að það þarf að tala saman. Þessi samskipti gera vissulega kröfu á einstaklinginn en slíkar kröfur ættu ekki að vera honum framandi.

Þeir sem hafa lesið „The Secret" vita að lykillinn að allri velgengni í lífinu liggur í því að vita hvað maður vill og biðja reglulega um það. Sem umhugsunarefni þessa fyrstu daga ársins þá legg ég til að þú leggir drög að nýju ári sem byggir á bættum kynlífssamskiptum og þar með betra kynlífi fyrir þig og þína!

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***

# Allt í steik!

## 4ra rétta seðill og nýr A la Carte í Perlunni

## 4ra rétta seðill

verð frá **4.990 kr.**

1 HEITREYKT BLEIKJA
Með wasabí ís og wagame salati

2 STEINSELJURÓTASÚPA
með humar, sveppa ravioli

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

3

FISKUR DAGSINS
með rjómasoðnu bankabyggi steiktu dvergkáli og basilsmjörsósu
Verð á matseðli með fiski dagsins í aðalrétt 4.990 kr.

STEIKT HEIÐAGÆSABRINGA
með eplamauki sveppakartöflu og villisveppasósu
Verð á matseðli með heiðagæs í aðalrétt 5.990 kr.

INNBÖKUÐ NAUTALUND Í SMJÖRDEIGI (WELLINGTON)
með sveppafyllingu, soðkartöflu, rótargrænmeti og Chateaubriand sósu
Verð á matseðli með innböku nautalund í aðalrétt 6.990 kr.

OFNSTEIKTUR LAMBAHRYGGUR
með hunangs- og sinnepskornahjúp, möndlukartöfluköku, aspas, rófum og bearnaisessósu
Verð á matseðli með lambahrygg í aðalrétt 7.990 kr.

4 SÚKKULAÐI OG PISTASÍU KAKA
með pistasíu ís og tonka- hvítsúkkulaði rjóma

## A la Carte

### FORRÉTTIR

HEITREYKT BLEIKJA
með wasabi ís og wagame salati
2.190 kr.

HVALA CARPACCIO
með wasabi flani, sætri soja, parmesan osti og salati
2.090 kr.

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum
2.390 kr.

GRILLUÐ HÖRPUSKEL
með blómkáli, steinseljurótarmauki og papriku-salsa
2.190 kr.

KJÚKLINGASALAT
með grilluðu eggaldini, tómötum og kasjúhnetum
2.090 kr.

ANDALIFUR HEIT OG KÖLD
með rauðvínssoðinni peru, eplum, fíkjubrauðs-mulningi og rauðvínsgljáa
3.390 kr.

### FISKRÉTTIR

SALTFISKUR
ofnbakaður með moðsteiktri fennikku, tómatsultu og súrmjólkurfroðu
3.990 kr.

SMÁLÚÐA
með kremuðu byggi, vorgrænmeti og hvítvínssósu
3.990 kr.

HUMAR
hvítlauksristaðir humarhalar með ætiþystlamauki og rauðu karrýkrapi
5.980 kr. *(sem forréttur 3.890 kr)*

FISKUR DAGSINS
með rjómasoðnu bankabyggi, steiktu dvergkáli og basilsmjörsósu
3.990 kr.

### KJÖTRÉTTIR

DÚFA OG ANDALIFUR
með maís, gulrótum, spergli og salvíusósu
4.890 kr.

ÖND
með blóðappelsínu, spínati, sellerírót, soðkartöflum og andarsósu
4.690 kr.

NAUTALUND
með rauðbeðum, kartöflum, sveppum, gulrótum og rauðvínsósu
4.990 kr.

LAMBATVENNA
með steinseljurótarmauki, aspas, rófum, soðkartöflum og basil-myntu gljáa
4.790 kr.

### EFTIRRÉTTIR

HINDBERJA OG HVÍTSÚKKULAÐIFRAUÐ
með kókos-límónu og kirsuberjaís
1.790 kr.

SKYRFRAUÐ
með passíuávaxtarsósu, bláberjakrapi og ananas
1.790 kr.

SÚKKULAÐI OG ROMM BRLÉE
með ananas-salsa, kókosfroðu og Bounty-ís
1.790 kr.

KÓKOSHNETU TAPIOCA
með steiktu mangói og lychee sorbet
1.790 kr.

**4ra rétta sjávarrétta-seðill 4.990 kr.**





**Gjafabréf Perlunnar**
Góð gjöf við öll tækifæri!

PERLAN

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

# DANSSTÚDIÓ JOSY

S. 772 2345
FAXAFEN 14

ZUMBA
MAGADANS
BOLLYWOOD
POLEFITNESS
BURLESQUE

WWW.MAGADANS.IS
WWW.POLEFITNESS.IS





trönuberjasafi






-án viðbætts sykurs
-sættur með eplasafa
-fullur af andoxunarefnum
-ríkur af C-vítamínum
-hjálpar við að koma í veg fyrir þvagfærasýkingar

Arka ehf | Sundaborg 1 | 104 Reykjavík | Sími 562 6222



# ORÐ ERU ÁLÖG

Leiðarvísir að lífsgleði - **námskeið með Siggu kling**





Orð eru álög er einstakt námskeið og fyrsta sinnar tegundar með Siggu Kling. Námskeiðið er byggt á samnefndri bók þar sem þátttakendur læra að tengja sig sálinni, ná betri tökum á lífi sínu og finna leiðina að hamingjunni. Hentar fyrir alla aldurshópa.

Námskeiðið verður haldið mánudaginn **17. janúar**, kl.18:00 og kostar aðeins **2.900 kr.** Að auki fá allir þátttakendur hljóðdiskinn „Þú ert frábær"

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu **madurlifandi.is**

maður lifandi
www.madurlifandi.is

Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700

Hæðarsmára 6
201 Kópavogur
Sími: 585 8710

Hafnarborg
220 Hafnarfirði
Sími: 585 8720




**Vinnusamur** Ingvar Helgason er annar hluti hönnunartvíeykisins Ostwald Helgason. Hann hefur verið búsettur í London undanfarin ár þar sem hann vinnur hörðum höndum við að skapa sér nafn innan tískuheimsins.

# Á UPPLEIÐ Í TÍSKU

**Hönnunartvíeykið Ostwald Helgason er skipað hönnuðunum *Ingvari Helgasyni* og Susanne Ostwald. Hönnun þeirra hefur vakið nokkra athygli úti í heimi og stefna þau hægt og rólega á toppinn.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Myndir:* Anton Brink

Ingvar er fæddur á Íslandi en hefur búið bróðurpart ævinnar á erlendri grundu. Hann flutti ásamt móður sinni, blaðakonunni Sigrúnu Davíðsdóttur, og tveimur bræðrum til Kaupmannahafnar aðeins átta ára gamall og bjó þar til tólf ára aldurs. „Ég kom þá aftur heim og kláraði gagnfræðaskóla hér á Íslandi. Ég flutti svo aftur út til Kaupmannahafnar og tók hálft ár í menntaskóla þar en það var ekki alveg að virka fyrir mig þannig að ég ákvað í staðinn að taka ýmis námskeið í saumaskap, sníðagerð og öðru því tengdu," útskýrir Ingvar. Hann segir áhugann á hönnun hafa kviknað í kringum unglingsaldurinn og segir foreldra sína ávallt hafa stutt sig á þeirri braut þótt þau hafi haft sínar efasemdir alveg í blábyrjun. „Ég vissi ekkert um tískubransann á þessum aldri, mér fannst þetta bara spennandi. Ég kem frá mjög akademískri fjölskyldu og lengi hvarflaði ekki að mér að hægt væri að gera eitthvað annað en að fara í háskóla. Foreldrar mínir áttuðu sig samt fljótlega á því að ég færi ekki þá leið og hafa alla tíð sýnt mér mikinn stuðning," segir hann.

### KYNNTUST HJÁ PEJOSKI

Eftir að hafa lært hönnun og sníðagerð í Kaupmannahöfn lá leið Ingvars til höfuðborgar tískunnar, Parísar. Þar komst hann í starfsnám en staldraði þó stutt við. „Ég fann mig aldrei í París. Ég talaði enga frönsku og ég held að það hafi aftrað mér svolítið, ég komst aldrei almennilega inn í hlutina þar."

Ingvar flutti til London 22 ára gamall og hóf störf hjá hönnuðinum Marjan Pejoski, sem er þekktastur fyrir að hafa hannað svanakjól Bjarkar Guðmundsdóttur. Aðspurður segir Ingvar ekki erfitt að verða sér úti um starf hjá tískuhúsum, svo lengi sem fólk er viljugt til að sinna smávægilegum störfum. „Maður þarf að vera viljugur til að gera allt það sem þarf að gera. Það er til nóg af litlum störfum sem þarf að manna og ég var viljugur að taka þau að mér. Svo fer þetta bara eftir því hvað maður hangir lengi í vinnunni eftir vinnudaginn, eftir því sem maður er lengur í vinnunni kemst maður nær hönnuðinum og þannig vinnur maður sig upp," segir hann og hlær.

Það var í gegnum starf sitt hjá Pejoski sem Ingvar kynnist hinni þýsku Susanne Ostwald sem þá var í starfsnámi hjá hönnuðinum. Að sögn Ingvars náðu þau strax vel saman og bæta þau hvort annað upp á ólíkum sviðum þegar kemur að hönnun Ostwald Helgason. „Við erum líka nógu ólík til að geta átt í athyglisverðum samræðum, við erum ekki sammála um allt," segir Ingvar brosandi og bætir við: „Susanne er til dæmis með næmt auga þegar kemur að litum, það hef ég ekki. Ég held að Norðurlandaþjóðir hafi minni sans fyrir litum, við viljum allt svart, hvítt eða grátt."

Ingvar var orðinn fastráðinn hjá Marjan Pejoski þegar hann og Susanne ákváðu að stofna Ostwald Helgason. Hann segir það ekki hafa verið erfiða ákvörðun að segja starfi sínu lausu og halda út í óvissuna. „Þetta gerðist frekar eðlilega. Ég var orðinn þreyttur á því að vinna fyrir aðra og vildi fara að hanna fyrir sjálfan mig og þess vegna fannst mér ekkert erfitt að hætta. Ég fékk mér svo vinnu á veitingastað á meðan við Susanne vorum að koma okkur af stað svo ég ætti í mig og á."

### Á MARGT ÓLÆRT

Í fyrstu sendi tvíeykið frá sér línu af stuttermabolum sem slógu í gegn í Japan. Ingvar segir að þau hafi þó fljótlega ákveðið að skipta um stefnu og fara út í það að hanna fatnað sem væri nær hátískunni. „Við vorum á þessum tíma enn að reyna að finna okkar stað á markaðnum. Við byrjuðum á að hanna stuttermaboli en ákváðum svo að færa okkur yfir í vandaðri fatnað, sem var það sem ég hafði alltaf viljað gera."

Ingvar segir þá þekkingu sem hann hafði aflað sér í gegnum árin hafa komið sér vel þegar hann fór út í eigin rekstur enda sé margt sem þurfi að huga að. „Tískubransinn í London er í raun mjög lítill og þar þekkja allir alla, sem kom sér vissulega vel á meðan við vorum að stíga okkar fyrstu skref sem hönnuðir með eigin rekstur. En því lengur sem maður helst í þessum bransa, því betur áttar maður sig á því hvað maður vissi hræðilega lítið til að byrja með," segir hann og hlær.

Það er margt sem þarf að huga að við rekstur hönnunarfyrirtækis og margt sem þarf að hafa áhyggjur af. „Það þarf að fylgja framleiðsluferlinu eftir, ákveða verðlagningu og huga að söluaðilum, tískusýningum og markaðssetningu. Það er alveg ótrúlega margt sem maður þarf að hafa áhyggjur af," segir Ingvar og viðurkennir að með árunum hafi áhugi hans á viðskiptahlið tískuiðnaðarins aukist til muna.

Hönnun Ostwald Helgason fæst víða og að sögn Ingvars eru flíkurnar sérstaklega vinsælar í Japan og Mið-Austurlöndum. Tvíeykið



# UHEIMI

hefur einnig verið í samstarfi við bresku vefverslunina ASOS.com og sendi í fyrra frá sér fatalínu undir nafninu Ostwald Helgason for ASOS. Hönnun þeirra hefur einnig birst í tískutímaritum á borð við Elle, Vogue og Grazia auk þess sem söngkonan Rihanna hefur sést í flíkum frá Ostwald Helgason við ýmis tækifæri. „Eins og sagt er í bransanum þá „borga kynningar ekki reikningana“ en það er auðvitað mjög hjálplegt þegar maður er að reyna að koma vörunni á markaðinn að maður hafi vakið einhverja athygli því það gerir vöruna söluvænlegri. En ég held að það sé mikilvægt að halda einhverju jafnvægi þarna á og leggja ekki of mikla áherslu á umfjöllunina eina og sér, maður þarf líka að vera með góða og söluvænlega vöru.“

## FRAMTÍÐIN Í LONDON

Inntur eftir því hvort það sé púl að vera ungur hönnuður með eigin rekstur í London svarar Ingvar játandi. „Þetta tekur mun lengri tíma en ég gerði ráð fyrir, það ríkir mikil samkeppni á þessum markaði og margt af því fólki sem maður keppir við er alveg rosalega hæfileikaríkt. Það virkar samt sem mikil hvatning á mig að vera í þessu umhverfi því maður leggur meira á sig til að ná árangri,“ segir hann og bætir við: „Ég held líka að það geri manni gott að vera í London og í miðri hringiðunni, það auðveldar margt.“

Samkvæmt Ingvari er Ostwald Helgason enn að þróa sig og skapa sér nafn innan tískuheimsins og segist hann hafa allan hug á að dvelja áfram í London næstu árin. „Ég hef ekki hugsað mér að koma heim í bráð heldur langar mig að vera áfram úti og sinna þessu af fullum krafti. Ég kann mjög vel við mig í London. Borgin er hörð og skítug en fólkið þar er vinalegt, opið og hjálpsamt,“ segir Ingvar að lokum.

## * myndaalbúmið



„Þessi mynd var tekin mörgum árum áður en ég gerði mér grein fyrir að eitthvað væri til sem heitir tíska.“



„Þetta er mynd af flíkum úr haustlínu okkar árið 2010. Okkur langaði að hafa miklar andstæður milli lita og efnis en samt ná að skapa heildstæða línu.“

„Þetta er kjóll úr vorlínu okkar árið 2011. Kjóllinn er skemmtileg blanda af kvöldkjól og þægilegum sportfatnaði.“






# tíska

Dekrið við ykkur



**EINFÖLD FEGURÐ** Cham Pale-línan frá mac er dásamlega látlaus en falleg. Línan inniheldur meðal annars varaliti, augnskugga í ýmsum tónum, varagloss og naglalökk. Litirnir eru fullkomnir fyrir þessa fyrstu mánuði ársins, ekki of æpandi en samt eftirtektarverðir.

Kjólar við síðbuxur þykir flott á nýju ári:

# NÝIR TÍSKUSTRAUMAR Í VOR

Kjólar við síðbuxur verður það heitasta í vor ef marka má tískuskríbenta en mikið hefur verið fjallað um þennan tískustraum á erlendum bloggsíðum. Tískuhús á borð við Dries Van Noten, Givenchy, Cerruti og Whyred sýndu meðal annars slíka samsetningu á tískupöllunum í haust en þó hugmyndin sé sú sama eru útfærslur tískuhúsanna ólíkar. Sitt sýnist þó hverjum, sumir mega vart vatni halda yfir samsetningunni en aðrir eru minna hrifnir. *- sm*







ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA
30–70% afsláttur
BOLIR/TOPPAR 990,- HETTUPEYSUR 1.990,- GALLABUXUR 3.500,- JAKKAR 4.195,- LEGGINGS 1.195,-
TÖSKUR – KJÓLAR – PEYSUR – HÚFUR – SKART – SILLY BANDZ 100,- PK., OFL. OFL.
SOHO MARKET
SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Grensásvegur 16 - sími 553 7300 - Opið mán-fös 14–19. Laugd. 12–17

Kynning

# Senn líður að Þorra

## Central tískuhús
Síðumúla 3
108 Reykjavík  S. 481-2200



Litir: svartur, brúnn og grár
Stærð: 36-44
Verð áður 10.990
**Nú 6.594**



Verð áður 9.990
**Nú 5.990**



Verð áður 12.990
**Nú 7.794**

## Belladonna
Skeifunni 11
108 Reykjavík, S. 517-6460



X-TWO TUNIKA
Verð 15.860
Stærðir 44 - 66



X-TWO KJÓLL
Litur Svartur og grár
Verð 13.860
Stærðir:  44-56

## Momo
Laugavegi 42
101 Reykjavík, S. 552-1818



Stærð: S - XXL
Verð áður 12.990
**Nú 6.990**



Stærð: S - XXL
Verð áður 13.990
**Nú 4.990**








Útsalan er hafin 30-50% afsláttur !

LAUGAVEGUR 86-94, 101 REYKJAVÍK ICELAND, S: 511-2007

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



TOPP 10

# ÞÓRHALLUR SÆVARSSON 31 ÁRS

***Auglýsingaleikstjóri***

**Þórhallur er uppalinn í Þingholtunum og í Hlíðunum en hefur einnig búið í London og Kaupmannahöfn. Hann er nú búsettur við Laugaveg ásamt sambýliskonu sinni, Berglindi Óskarsdóttur, syninum Óðni Styrkári og öðrum nýfæddum syni. Frá íbúðinni er stutt á höfuðstöðvar Þórhalls, Kaffibarinn. Hann segir mikil læti við götuna, engin bílastæði, nóg af slagsmálum og eitt sinn fann hann mannaskít úti í porti. Þrátt fyrir þetta vill hann helst ekki búa annars staðar. „Svo skemmir ekki fyrir að eiga jafn töff nágranna og Mörð Árnason alþingismann, og plötusnúðinn Sexy Lazer,“ segir Þórhallur.**



**HÚFAN** Jólagjöfin frá kærustunni í fyrra, tékkneskur fjallaúlfur til að halda á mér hita yfir háveturinn.

**HÁLSMENIÐ** tákn um traust, von og stöðugleika í lífsins ólgusjó. Smíðað og hannað af kærustunni minni. Ég kýs að líta fram hjá því að þetta gæti verið dulin ádeila á ferðalög mín sökum vinnu, að hún sé í raun í sambandi með togarasjómanni en ekki leikstjóra.



**GÖNGUSKÓRNIR** Þessir voru að koma í hús. Þeir eru ótrúlega léttir, úr þæfðri ull og smíðaðir eftir pöntun.





**VEGABRÉFIÐ** Lykillinn að umheiminum, maður færi skammt án þess. Að eiga gilt vegabréf býður upp á einfaldasta kreppuráðið á þessum síðustu og verstu, að fara.



**SÓLGLERAUGU** Persol ratti 714, samanbrjótanleg með orginal bláa glerinu eins og Steve McQueen var með í „The Thomas Crown Affair“. Þarf að segja eitthvað meira?




**MYNDAVÉL** Af öllum myndavélunum á heimilinu þykir mér vænst um þessa. Hún er Leica m3 frá 1956, upprunalega í eigu afa míns og nafna. Nýkomin úr algjörri yfirhalningu og stendur sína plikt vonandi í önnur 50 ár.













**Gamaldags** Fyrirsætan þykir minna um margt á „it“-stúlkur sjötta áratugarins.

Merethe Hopland er ein eftirsóttasta fyrirsætan:

# Stráksleg sæt

Norska fyrirsætan Merethe Hopland er á hraðri uppleið í tískuheiminum enda er stúlkan bæði flott og öðruvísi. Hún er meðal annars uppáhald ljósmyndarans Michaels Donovan og þykir minna svolítið á Twiggy eða aðrar „it“-stúlkur sjötta áratugarins með sín stóru augu og stutta hár.



**LJÓSMYNDIN** Þrítugsafmælisgjöf frá samstarfsmönnum mínum í Bretlandi, er eftir Peter Webb og sýnir þrjá teddy boys“. Þetta eintak er nr. 13 af 20, en frumeintakið hangir í National Portrait Gallery í London.

**BLEIKA KAFFIVÉLIN** Kærastan fékk að velja litinn (ég er þó leynilega mjög hrifinn). Bruggar himneskt espresso sem kikkstartar deginum.

**MÓTORHJÓLIÐ** Þessir lyklar ganga að mótorhjólinu mínu, sem ég elska mikið. með góðu viðhaldi get ég vonandi arfleitt syni mína að því.

**HÁRBLÁSARINN** Þetta er mesti macho-hárblásari í heimi, svartur og gylltur og heitir eitthvað 3000. Ekki skemmir fyrir að hann kemur gæðavottaður af hárdoktornum sjálfum, Jóni Atla Helgasyni. Ég trúi því statt og stöðugt að hárið skapi manninn og að góð greiðsla sé gulli betri.



**Stráksleg** Falleg mynd af Merethe þar sem hún er svolítið stráksleg í útliti.



**Flott** Merethe er falleg og flott stúlka.



**Rokkuð** Merethe Hopland með svarta augnmálingu og sígarettu.

Leikkonur bregða sér í ný hlutverk:

# Leikkonur sitja fyrir



**Fögur** Natalie Portman er andlit nýrrar auglýsingaherferðar Dior.

NORDICPHOTOS/GETTY

**Leikkonur taka í auknum mæli að sér fyrirsætustörf fyrir hin ýmsu tískuhús. Nýverið bættist Katie Holmes í þann hóp en hún tekur við af Heidi Klum sem andlit bandaríska fataframleiðandans Ann Taylor.**

**Holmes er ekki sú eina sem hefur setið fyrir því Rumer Willis, elsta dóttir Demi Moore og Bruce Willis, er nýtt andlit Badgley Mischka og stórleikkonan Natalie Portman fer fyrir auglýsingaherferð Miss Dior Cherie. Þessi þróun er þó á báða bóga því undanfarin ár hafa fyrirsætur einnig haldið innreið sína í skemmtanabransann og fer undirfatafyrirsætan Rosie Huntington-Whiteley til dæmis með aðalhlutverkið í nýjustu Transformers-myndinni.**



**Situr fyrir** Rumer Willis, dóttir Demi Moore, auglýsir flíkur Badgley Mischka.



**Nýtt hlutverk** Katie Holmes verður andlit fataframleiðandans Ann Taylor.





galleri sautján

LAUGAVEGI 91

Sautján hefur átt ánægjulegan og farsælan feril á Laugaveginum síðustu 34 ár. Um leið og við þökkum viðskiptin þar, bjóðum við ykkur velkomin í stórverslanir Galleri Sautján bæði í Smáralind og í Kringlunni, þar tökum við vel á móti ykkur.



## YFIRHEYRSLAN

**Ýr Þrastardóttir, fatahönnuður**

**Ýr lauk námi frá LHÍ í vor. Útskriftarlína hennar vakti mikla athygli og þykir Ýr einn efnilegasti unghönnuður landsins í dag. Hönnun hennar fæst í versluninni Kiosk.**



**Háir hælar eða flatbotna skór:** Háir um helgar og flatir á virkum dögum.

**Hvað dreymir þig um að eignast:** iPhone.

**Uppáhalds liturinn:** Bleikur.

**Ómissandi í snyrtibuddduna:** Eyeliner.

**Hver eru nýjustu kaupin:** Vetrarskórnir frá Timberland, þeir eru það eina sem ég hef keypt mér í allan vetur.



**Uppáhalds drykkurinn:** Hvítvín.

**Uppáhalds hönnuðurinn:** Christophe Decarnin hjá Balmain.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap:** Allir eru að fá sér með Blaz Roca.




ALLT FYRIR
HANDBOLTANN

PUMA


184078-07
Accelerate V - karla
102062-01
Accelerate V Tricks II - karla
184079-05
Accelerate V - kvenna
102190-01
Accelerate V Tricks II - kvenna

**Accelerate V**
**Handboltaskór í fremstu röð.**
- Léttur - hannaður með hraða í huga.
- Létt efni í efri skó gefur góða öndun.
- Ever-Foam í hælkappa lagar sig að fætinum og gefur góðan stuðning.
- Innra byrði skósins inniheldu efni sem dregur úr bakteríumyndun.
- idCell í sólanum gefur aukna mýkt og dregur úr höggþunga skrefa.
- Ever-track efni í sóla gefur góðan stöðugleika og betri endingu.
- Arch Tech stuningsspöng undir miðfót gefur góðan stuðning og aukinn stöðugleika.
- Brotasvæði í sólanum veita aukinn sveigjanleika og þægindi.

Karlastærðir: 40½ - 47
Kvennastærðir: 36 - 42
Verð: 26.990 kr.



**Accelerate V JR**
Topphandboltaskór í barnastærðum.
Stærðir: 34-39
Verð: 13.990 kr.



**Handbolti PowerCat 6.10**
Stærðir: 0-1
Verð: 3.790 kr.



**Handbolti PowerCat 2.10**
Stærðir: 2-3
Verð: 9.490 kr.



**Innanhússsokkar**
Léttir og veita góða öndun.
Stærðir: 35-49
Verð: 3.290 kr.

**Handbolti PowerCat 1.10**
Stærðir: 2-3
Verð: 15.990 kr.



Puma á Íslandi

TÓTEM VERSLUN
Vínlandsleið 6-8 • S: 530 9400 • www.totem.is • totem@totem.is

Þú getur fengið Puma handboltaskó hjá okkur: Útilíf á höfuðborgarsvæðinu, Fjölsport í Hafnarfirði, Sportver á Akureyri, Sportbær á Selfossi, Fjarðasport á Norðfirði og Tákn á Húsavík.



Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

föstudagur
Fylgstu með

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** létu, **6.** mannþvaga, **8.** taug, **9.** rangl, **11.** átt, **12.** frétt, **14.** gróðabrall, **16.** sjó, **17.** atvikast, **18.** námstímabil, **20.** frá, **21.** maður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurft, **3.** spil, **4.** tungumál, **5.** líða vel, **7.** grátbiðja, **10.** heldur brott, **13.** loft, **15.** töng, **16.** afbrot, **19.** númer.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** ös, **8.** sin, **9.** ráf, **11.** na, **12.** fregn, **14.** brask, **16.** sæ, **17.** ske, **18.** önn, **20.** af, **21.** karl.
**LÓÐRÉTT: 1.** þörf, **3.** ás, **4.** finnska, **5.** una, **7.** sárbæna, **10.** fer, **13.** gas, **15.** kefi, **16.** sök, **19.** nr.

ÓDÝR PRENTHYLKI
Í ALLA PRENTARA!
20% AFSLÁTTUR
Dæmi:
~~6.200 KR~~
4.960 KR
Prentvörur
Skútuvogi 1

# Hvað slær klukkan?

**BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur**



Ég lifi breytilega tíma. Ekki er nóg með að mínúturnar í góðra vina hópi eða á skemmtilegri leiksýningu líði allt of hratt heldur getur biðin á rauðu ljósi verið nærri því endalaus ef ég er að flýta mér.

**ÉG** er að auki tímaheft að eðlisfari. Ég ímynda mér að ég sé afar stundvís en er mjög oft aðeins of sein og finnst stundum líka eins og fimm mínútur séu ekki bara teygjanlegt hugtak heldur sé beinlínis hægt að auka við þær, með því til dæmis að flauta á aðra ökumenn eða skipta um röð í Bónus eftir að hafa mælt nákvæmlega út magn og flækjustig í körfunum í hinum röðunum.

**FRAMMI** liggur þingsályktunartillaga þess efnis að færa klukkuna fram um klukkutíma til að lengja daginn og fá birtu fyrr á morgnana. Ég notast sjálf við ekki ósvipað kerfi sem ég tamdi mér þegar ég var í ströngu námi erlendis þar sem tíu mínútna seinkun gat varðað brottrekstri. Ég hef síðan víkkað út þetta kerfi, aðlagað, breytt og bætt þannig að nú nýtist mér það á öllum sviðum lífsins. Og það er svona:

**KLUKKAN** sem ég er með á mér, sem einu sinni var armbandsúr en er núna klukkan í farsímanum mínum, er átta mínútum of fljót. Einu sinni voru þær tíu en ég komst að raun um að það er miklu auðveldara að innibyggja tíu mínútna seinkun en til dæmis átta. Klukkan í eldhúsinu er tveimur mínútum á undan klukkunni á RÚV þannig að ég missi nánast aldrei af byrjuninni á fréttunum. Klukkan í bílnum les hugsanir mínar og tilfinningar, eins og raunar bíllinn allur, og flýtir sér sjálf með reglulegu millibili.

**SÍÐAST** þegar ég bar hana saman við aðrar klukkur var hún fjórum mínútum á undan þeim flestum og fjórum mínútum á eftir farsímaklukkunni.

**MEÐ** þessu móti tekst mér að græða þessar dýrmætu aukasekúndur sem ég þarf til að koma næstum aldrei of seint á áfangastað. Auðvitað kemur það stundum fyrir að ég reikna þessar aukamínútur inn í tímaáætlun dagsins en yfirleitt er ég samt of upptekin við önnur skipulagsmál, eins og hvert ég er að fara og hvað ég ætla að gera þegar ég kem þangað, til að draga átta, eða fjóra eða tvo, frá viðmiðunarmínútutölunni. Og ekkert er betra til að láta tímann líða hraðar á rauðu ljósi en að reikna út nákvæmlega hversu sein ég er.

50 stólar til sölu.
Verð 3.900 kr. stk.
Hentar t.d. vel fyrir samkomusali.
Upplýsingar í síma 665 0555



## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## krakkasíðan
krakkar@frettabladid.is



**Aron Pálmarsson**
***á sér þann draum að vinna gull með landsliðinu einhvern tíma á ferlinum.***

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

Hot Yoga
Spinning
Freestyle Step
World Class ICELAND

markhonnun.is

# netto

*Ódýrt fyrir heimilið!*




**SMOOTHIE**
600g – 3 TEG
**495** kr/pk.
áður 589 kr/pk.

# LAUSFRYSTIR ÁVEXTIR OG BER Á FRÁBÆRU VERÐI




**JARÐARBER**
454g
**279** kr/pk.
áður 398 kr/pk.
**30%** afsláttur

**BLÁBER**
340g
**299** kr/pk.
áður 398 kr/pk.
**25%** afsláttur

**BERJABLANDA**
453g
**299** kr/pk.
áður 498 kr/pk.
**40%** afsláttur

**HINDBER**
340g
**395** kr/pk.
áður 598 kr/pk.
**34%** afsláttur

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

gildir meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT **KORTATÍMABIL** NÝTT **KORTATÍMABIL** NÝTT **KORTATÍMABIL** NÝTT




**398**
KR. 500ml

## KÓKOSHNETUVATN
## VÖKVI LÍFSINS

**CoCo drink** er frískandi svaladrykkur, beint úr brunni náttúrunnar, náttúrulegur drykkur sem svalar þorstanum, unnin úr lífrænt ræktuðum kókoshnetum.




## SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
**25% afsláttur** við kassann
Merkt verð 1648 kr./kg.

**1236 kr./kg**




## GÆÐA ORKUKUBBUR
## FJÖLKORNABRAUÐ 600g

**259 kr.**




**298**
KR. 400g

**PAGEN BRUÐUR**
FÍNAR OG GRÓFAR 400g



**798**
KR. 700g

**BÓNUS SÚKKULAÐIKAKA** M/SULTU 700g




**298**
KR. 500g

**TILDA BASMATI HRÍSGRJÓN**
5 POKAR x 100g



**198**
KR. 4 stk.

**BÓNUS LANGLOKUR** NÝBAKAÐAR 4 stk.




**185**
KR. 400g

**LÉTT OG LAGGOT** GRÆNT 400g
**20% LÆGRA VERÐ**
VERÐ ÁÐUR 231 KR.




**129**
KR. 385g

**HEIMILISBRAUÐ** 385g




**198**
KR. 750g

**HUNTS SPAGHETTISÓSUR** 750g




**398**
KR. 1.4 ltr.

**WESSON MATAROLÍA** 1.4 ltr




**149**
KR. 2 ltr.




**149**
KR. 2 ltr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
998 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI
ÞÝSK KALKÚNABRINGA
MINNA EN 1% FITA
FRYSTI VARA
1998 KR. KG
698 KR. KG
KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FL
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK.
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
ÓDÝRT Í BÓNUS 998 KR. MATUR FYRIR 3-4
798 KR. KG
KS FROSINN LAMBABÓGUR
NÝTT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
598 KR./KG.
998 KR. KG
ÚRB. GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
898 KR. KG
GRÍSAKÓTILETTUR
FERSKUR KJÖRFUGL
BRINGUR: 1898 KR/KG
HEILL KJÚKLINGUR 659 KR/KG
VARAN HÆTTIR Í BÓNUS
STONE OVEN PIZZA VERDURA x2
298 KR. 2 stk
TVÆR EUROSHOPPER 370g
GRÆNMETISPIZZUR
DANSKAR GRÍSALUNDIR
1398 KR./KG.
FRYSTI VARA
698 KR. 620g
KJARNAFÆÐI: FROSIÐ 100%
NAUTAHAKK 620g RÚLLAN
GRÍSA Veisla FERSKT GRÍSAHAKK
498 KR. KG
GRÍSA Veisla FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
898 KR. KG
GRÍSA Veisla FERSKT GRÍSAGÚLLAS
979 KR. KG
GRÍSA Veisla FERSKT GRÍSASNITSEL
979 KR. KG
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur




# Styttist í að rafbókin ryðji sér almennilega til rúms á Íslandi

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, opnaði í gær formlega fyrstu rafbókarsíðu landsins, Lestu.is.

Rafbókarsíðan Lestu.is er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og er þar að finna sígild bókmenntaverk, jafnt íslensk sem þýdd, sem hægt er að hlaða inn á lestölvur eins og iPad eða Kindle frá Amazon, auk þess sem lesa má bækurnar sem flettibækur á tölvunni.

Páll Guðbrandsson, kynningarfulltrúi lestu.is, segist eiga von á því að ekki verði þess lengi að bíða að boðið verði upp á nýjar íslenskar bækur á vefnum.

„Þetta verður áskriftarvefur til að byrja með, opinn í janúar, þar sem áskrifendur hafa aðgang að öllu efninu en fljótlega munum við byrja á að selja nýja titla staka. Íslendingar eru dálítið aftarlega á merinni í þessum efnum, en ég veit að það eru ýmis verkefni í gangi hjá útgefendum og er viss um að rafbókavæðingin verði komin á fullt skrið áður en langt um líður.“

Páll bendir á að lestu.is er ekki eingöngu söluvefur heldur bókmenntavefur sem býður upp á ýmiss konar bókaumfjöllun, leshringi, viðtöl og svo framvegis.

„Markmiðið er að auka aðgengi að bókum, ekki síst eldri titlum sem eru illfáanlegir í bókabúðum. Fólk getur líkað pantað rit hjá okkur, sem við prentum sérstaklega og sendum viðkomandi í kiljuformi.“ **- bs**



**PÁLL GUÐBRANDSSON OG KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Páll segir rafbókavæðinguna skemmra á veg komna en víðast á Vesturlöndum en á von á að hún taki fljótt við sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kjarval prjónaður

Myndlist ★★★★

**Kjarvalar**
Stefán Jónsson

**Sýnd í Hafnarborg til 6. febrúar.**

Stefán Jónsson myndlistarmaður sýnir nú tíu skúlptúra auk ljósmynda í Hafnarborg. Heiti sýningarinnar vísar til þess að listaverkin eru innblásin af málverkum Jóhannesar Kjarval sem í daglegu tali eru oft nefnd Kjarvalar; að eiga einn eða fleiri Kjarvala.

Í listasögunni hefur það lengi tíðkast að sækja til fortíðar við listsköpun. Öll listsköpun byggir að einhverju leyti á því sem á undan er gengið, meðvitað eða ómeðvitað, ómögulegt er að skapa listaverk sem er engu líkt. Jafnvel frumleikinn byggir á því að vera öðruvísi en það sem fyrir er. Listamenn endurreisnarinnar sóttu margar aldir aftur í tímann til Grikkja og Rómverja í listsköpun sinni, fortíðin lifir í listinni á margvíslegan máta. Ekki er þar með sagt að allir listamenn sæki meðvitað til fortíðar, í samtímanum er sú alls ekki raunin.

Á síðustu áratugum 20. aldar sótti listin mikið til fortíðar, á pómó tímum, eins og póstmódernisminn var kallaður gælunafni. Á þeim árum mótaðist Stefán Jónsson sem listamaður. Vangaveltur um frummynd og eftirmynd, stöðu höfundarins og greiningu listaverka endurspegluðust meðal annars í svokallaðri „appropriation“ aðferð, þegar listamenn notuðu endurgerðir af list annarra sem eigin verk og innlegg í umræðuna.



Ég myndi þó ekki staðsetja Stefán beinlínis innan þessa geira í samtímalistinni. List hans er svo langt frá því að vera hugsuð eingöngu sem innlegg í umræðu. Til þess er tilvist skúlptúra hans of áþreifanleg og nálæg, svo sterk í sjálfri sér, í húmor sínum og úthugsaðri áferð og óvæntri efnisnotkun, of persónuleg til þess að tengjast þessari hugmyndafræði eingöngu.

Stefán notar útsagaða málaða kubba, flísar, gifs, prjón, lituð glös og fleira í verkum sínum sem hvert og eitt samanstendur af formi og stöpli, stöpullinn er einnig hluti af verkinu. Grunnhugmyndin byggir þó alltaf á list Kjarval. Án hennar væru verkin einfaldlega ekki til. Hinn stöðugi samanburður við myndheim Kjarvals er grunnur listaverkanna og það sem gefur þeim líf.

Skúlptúrar Stefáns minna líka óbeint á annars konar endurgerð listarinnar sem í dag lifir góðu lífi, en minjagripaframleiðsla samtímans á helstu verkum listasögunnar er góður bissness. Hvað ætli endurgerðir á Mónu Lísu séu til í mörgum útgáfum, eða málverk impressionistanna í margvíslegum útfærslum, seglum á ísskápinn, eldspýtustokkum, dagatölum, útsaumi o.s.frv?

Mikill húmor einkennir sýninguna en list Stefáns er ekkert grín heldur unnin af metnaði og alvöru. Efnisnotkunin er meðvitað á mörkum hins næfa, en úrvinnslan er fáguð og úthugsuð. Föndur og klastur mætir hugmyndafræðilegum vangaveltum á óvæntan hátt. Stefán leikur sér að vangaveltum um frummynd og eftirmynd, um náttúruna og hið manngerða, fjöldaframleiðslu og viðhorf okkar til listarinnar. Um leið gefur hann barnslegri nálgun og sköpunarþörf lausan tauminn og gerir það skúlptúra hans afar aðgengilega.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Hnotskurn:** Spennandi sýning, óvænt og margbreytileg efnisnotkun og hugvitssemi einkennir skúlptúra Stefáns. Myndheimur hans er ótrúlega skemmtilegur og öllum aðgengilegur en þeir sem aldrei hafa heyrt minnst á Kjarval ættu að gúggla hann áður en farið er að skoða.






Bækur ★★

**Dávaldurinn**

Lars Kepler

**JPV-útgáfa**

## Dáyndis dellumakarí

Það er víðar en á Íslandi sem gagnrýnendur eru ósínkir á stjörnur í bókmenntaumfjöllun. Spennusagan Dávaldurinn hefur verið stjörnum stráð í mörgum helstu fjölmiðlum á Norðurlöndum og hæpuð upp sem arftaki Millennium bóka Stiegs Larsson. Vesalings Larsson hlýtur að snarsnúast í gröfinni við þá samlíkingu því Dávaldurinn er fljótfærnislega samin bók, sem að ósekju hefði mátt stytta um tvö hundruð síður og stenst engan samanburð við Millenium-flokkinn.



Morðið í upphafi er óhuggulegt, en það leysist von bráðar og verður aukaatriði þegar við tekur rán á syni dávaldsins. Þá byggist upp spenna sem síðan eru allar tennur dregnar úr þegar hundrað síður fara í að lýsa í smáatriðum einstaklingum í grúppumeðferð sem dávaldurinn beitti tíu árum fyrr, þar sem kynntar eru til sögu veiklaðar persónur með skrautlega fortíð, að því er virðist í þeim eina tilgangi að fjölga grunuðum. Ofan á allt saman bætist svo Pokemon-stríð unglinga í útjaðri Stokkhólms, framhjáhald dávaldsins og nýtt ástarævintýri konu hans.

Persónusköpun er stórlega áfátt og rétt aðeins tæpt á sögu aðalpersónanna sem sjónarhornið færist á milli: lögreglumannsins sem rannsakar málið, dávaldsins, sem fenginn er til að dáleiða fjöldamorðingjann, og konu dávaldsins. Ekkert þeirra nær því máli að geta talist sannfærandi persóna og þaðan af síður aukapersónurnar sem leiddar eru fram hver um aðra þvera.

Helst er að sjá að þau Ahndoril-hjón Alexandra og Alexander, sem standa að baki dulnefninsins Lars Kepler, hafi hvort haft sína sögu að segja og hvorugt viljað slá nokkuð af. Útkoman verður óttalegur hrærigrautur þar sem öllu ægir saman og spennan er í lágmarki.

Þýðing Jóns Daníelssonar er prýðilega af hendi leyst og örlar ekki á þeim hvimleiða þýðingarkeim sem oft er áberandi í þýddum reyfurum.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Fljótfærnislega saminn reyfari með ruglingslegu plotti og lélegri persónusköpun.

# Óumflýjanlegt að gera framhald

Borgarleikhúsið frumsýnir í kvöld einleikinn Afann eftir Bjarna Hauk Þórsson, sem jafnframt leikstýrir, en Sigurður Sigurjónsson fer með aðalhlutverkið. Verkið er framhald sýningarinnar Pabbinn, eftir Bjarna Þór, en þar fór Bjarni með aðalhlutverkið og Sigurður leikstýrði.

„Það má segja að það hafi verið óumflýjanlegt að gera framhald af Pabbanum,“ segir Bjarni Haukur um sýninguna. Hann segir afann sem slíkan standa á vissum tímamótum. „Það er mikið um að vera í lífi hans; börnin eru farin að heiman og konan ein eftir í hreiðrinu. Þeir eiga að geta loksins notið lífsins eftir brauðstritið. En það blasa önnur, ný og erfiðari verkefni við: Gleraugu, flóknar fjarstýringar, Viagra-töflur og síðast en ekki síst barnabörnin.“

Bjarni Haukur segir vel hafa gengið fyrir hann og Sigurð að hafa hlutverkaskipti.

„Við höfum unnið lengi saman. Þekkjum vel á hvor annan og þetta var allt mjög notalegt.“

Spurður hvort það stefni ekki í enn eitt óumflýjanlegt framhaldið, Langafann, sem gæti til dæmis gerst á Grund, segir Bjarni Haukur það ekki útilokað. „Maður planar minna fram í tímann en áður fyrr,“ segir hann og hlær, „en það er aldrei að vita.“ **- bs**



**AFINN** Þegar börnin eru flogin úr hreiðrinu koma barnabörn í staðinn. Í stað þess að njóta lífsins eftir brauðstritið mæta afanum ný og krefjandi verkefni.








# Kjartan nýtur sín við kornrækt og ferðaþjónustu

**Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og formaður bankaráðs Landsbankans, hefur sinnt kornrækt og kaffihúsarekstri fyrir vestan undanfarin ár. Hann rær nú á ný mið í ferðaþjónustu.**



**Í FERÐAÞJÓNUSTUNA** Kjartan Gunnarsson hefur stofnað ferðaþjónustufyrirtækið Bæjarbúið en hann hefur um árabil rekið Franska kaffihúsið á Rauðasandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er nú bara svoleiðis, þetta getur orðið á ýmsum stöðum," segir Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og formaður bankaráðs Landsbankans. Hann hefur stofnað fyrirtækið Bæjarbúið sem er skráð á heimili þeirra Sigríðar Snævarr, eiginkonu hans, og er tilgangur þess búrekstur og ferðaþjónusta. Kjartan vildi lítið tjá sig um fyrirtækið í samtali við Fréttablaðið og var mjög leyndardómsfullur þegar hann var spurður nánar út í það. Hann hefur um árabil rekið Franska kaffihúsið á Rauðasandi og staðið fyrir mikilli uppbyggingu á því svæði, gerði meðal annars upp gamla ungmennafélagshúsið sem áður hýsti ungmennafélagið Von.

Kjartan vildi hvorki játa né neita að hann væri að færa út kvíarnar. Hann viðurkennir hins vegar að ferðaþjónustan og sveitalífið hafi lengi blundað í honum og að hann kunni vel við sig út á landi. „Það er ekki æsinginum fyrir að fara þarna, það skilja allir þar að lífið gengur ekki út á æsing." Kjartan hefur einnig sinnt kornrækt í samvinnu við bændurna á svæðinu, ræktað bæði hafra og bygg sem notað er í bakstur og handa dýrum. „Kornrækt hefur aukist mjög, tvöfaldast og sums staðar þrefaldast á síðastliðnum árum. Menn hafa smám saman áttað sig á því að þetta væri hægt enda hefur veðrið verið svo gott."



Landslagið á Rauðasandi þykir einstakt, staðurinn afmarkast af Stálfjalli í austri og Látrabjargi í vestri. Rauðisandur hefur notið sívaxandi vinsælda meðal innlendra og erlendra ferðamanna en sjálfur vill Kjartan ekki gefa upp hversu mikið hann dveljist þar. „Maður er þarna eftir þörfum, efnum og ástæðum."

freyrgigja@frettabladid.is

Tónlist ★★★★

**Helvítis fokking funk**

Samúel Jón Samúelsson Big Band

## Stórsveit í stuði



Eitt af því sem setti sterkan svip á búsáhaldabyltinguna var takturinn sem var sleginn í mótmælunum. Einhvern tímann röðuðu nokkrir af fremstu trommuleikurum landsins sér upp fyrir framan Alþingishúsið, en oftast voru það bara venjulegir mótmælendur sem framkölluðu taktinn með pottum, pönnum og öðru lauslegu. Þessi taktur og orkan í mótmælunum varð Samúel Jóni Samúelssyni innblástur á plötunni Helvítis fokking funk sem hann gerði með stórsveitinni sinni. Nafnið er auðvitað viðsnúningur á frægasta slagorði sömu byltingar og á umslaginu eru fjölmargar myndir frá mótmælunum. Platan kom út í haust, en flaug frekar lágt – ég heyrði hana t.d. ekki fyrr en í desember.

Helvítis fokking funk inniheldur 6 lög, en er samt um 55 mínútur að lengd. Lögin eru frá 7 og upp í 13 mínútur að lengd. Og þetta er hörkuplata. Sammi, sem samdi öll lögin, hefur greinilega verið í miklum ham. Þau eru hvert öðru betra. Þetta er djassskotið stórsveitarfönk sem átján meðlimir stórsveitarinnar flytja af krafti og tilfinningu, enda margir af bestu hljóðfæraleikurum landsins þar á meðal. Auðvitað er sótt í gamla frasa í þessari tónlist, en útfærslan er fersk og vel framreidd og tilvísunin í búsáhaldabyltinguna setur tónlistina í nýtt samhengi. Platan hefur sterkan heildarsvip, en hvert lag hefur samt sinn karakter. Upphafslagið, hið tæplega 13 mínútna Chicken Street, er léttleikandi fönksmellur sem er brotinn upp með búsáhaldaslætti. Mjög flott. Hrátt rafbassagrúv og flott sóló setja svip á titillagið, þungur raftaktur einkennir International Monetary Funk, en lokalagið Guð blessi Ísland er rólegt og lágstemmt, gefur hlustandanum tækifæri til að hugsa eftir öll lætin.

Á heildina litið frábær plata. Tengingin við búsáhaldabyltinguna virkar vel, en þetta er líka bara pottþétt stórsveitarfönkplata. Fær bestu meðmæli.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Samúel Jón Samúelsson og stórsveitin hans í miklum ham á frábærri fönkplötu.



**LISBETH SALANDER** Rooney Mara í gervi hinnar óútreiknanlegu Lisbeth Salander.

# Nýtt útlit Salander

**Fyrsta opinbera ljósmyndin af Rooney Mara í gervi Lisbeth Salander hefur verið birt í tímaritinu W. Kvikmyndin The Girl With The Dragon Tattoo, sem er Hollywood-endurgerð Karlmanna sem hata konur, verður frumsýnd 21. desember og þar leikur Mara hina óútreiknanlegu Salander.**

**Eins og sjá má á ljósmyndinni er hin nýja Salander töluvert horaðri en forveri hennar og virðist ívið grimmari, sem er meira í takt við lýsingarnar á henni í Millennium-þríleik Stiegs Larsson. Tökur á The Girl With The Dragon Tattoo fara fram í Svíþjóð og leikstjóri er David Fincher, sem síðast sendi frá sér The Social Network.**


SMÁRABÍÓ / HÁSKÓLABÍÓ - FULLKOMIN GÆÐI!



SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| BURLESQUE | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| BURLESQUE LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 3.30 | L |
| THE TOURIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| LITTLE FOCKERS | Kl. 8 - 10.20 | 12 |
| GAURAGANGUR | KL. 5.50 | 7 |
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | KL. 3.40 | L |
| NARNIA 3 3D | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| BURLESQUE | kl. 8 - 10.30 | L |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 6 | L |
| THE TOURIST | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | KL. 5.50 | L |
| DEVIL | KL. 10.20 | 16 |
| GAURAGANGUR | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| NARNIA 3 2D | KL. 8 | 7 |

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| BURLESQUE | kl. 8 - 10.10 | L |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 6 | L |
| THE TOURIST | kl. 10 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 8 | L |
| LITTLE FOCKERS | kl. 10 | 12 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

facebook /smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SAW 3D | 8 og 10 | 16 |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | 4 og 6 | L |
| THE TOURIST | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| GULLIVER'S TRAVELS 3D | 4 | L |
| LITTLE FOCKERS | 4, 6 og 8 | L |
| DEVIL | 10 | 16 |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 3:30 - 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| ROKLAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| YOU AGAIN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| HEREAFTER | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5:20 - 8 | 10 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 10:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HERE AFTER | kl. 5:50 | 12 |
| YOU AGAIN | kl. 8 | L |
| ROKLAND | kl. 10:10 | 10 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ROKLAND | kl. 3.30 - 5.40 - 8 og 10.30 | 12 |
| KLOVN: THE MOVIE | kl. 3.30 - 5.50 - 8 og 10.15 | 14 |
| HEREAFTER | kl. 8 og 10.40 | 12 |
| TRON: LEGACY-3D | kl. 8 og 10.40 | 10 |
| GUILIVERS TRAVEL-3D | kl. 3.30 - 5.40 | L |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 3.30 - 5.40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5 - 7 - 8 - 9 - 10:20 | 14 |
| YOU AGAIN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| UPPÁTÆKI (MICMACS)(L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| EINHVERSSTAÐAR (SOMEWHERE)(L) | 18:10, 20:10, 22:10 |
| THE NEXT THREE DAYS(12) | 18:00, 20:10, 22:20 |
| KILLER INSIDE ME(16) | 18:00, 20:20, 22:40 |

HERBERGI Í RÓM — HABITACIÓN EN ROMA — EFTIR JULIO MEDEM — DJÖRF OG ÁLEITIN! — FRUMSÝND 21. JAN.

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

# Rachel Zoe hannar eigin fatalínu

Ofurstílistinn Rachel Zoe hefur hannað sína fyrstu fatalínu og ber hún heitið The Rachel Zoe Collection. Zoe er einn eftirsóttasti stílistinn í Hollywood og hefur unnið með stórstjörnum á borð við Nicole Richie, Keiru Knightley, Cameron Diaz, Jennifer Garner, Kate Hudson, Kate Beckinsale, Demi Moore og Liv Tyler,

Zoe hefur unnið að línunni undanfarna mánuði og lýsir hún henni sem klassískri og dramatískri. „Ætli fólk búist ekki við einhverju sem er blanda af hippatísku og bóhematísku frá mér, en þessi lína er það alls ekki,“ sagði Zoe, en hún hefur hingað til verið þekkt fyrir að klæðast síðum, flæðandi kjólum og stóru, áberandi skarti. Nýja línan inniheldur þó ekkert slíkt heldur fallega sniðin jakkaföt, smekklega sparikjóla og himinháa hæla.

Víst er að línan á eftir að falla í kramið meðal Hollywood-stjarnanna enda eru þær almennt mjög hrifnar af öllu því sem Zoe kemur nálægt. **- sm**





**VINSÆL** Stílistinn Rachel Zoe er mjög vinsæl meðal Hollywood-stjarnanna. Hún hefur sent frá sér sína fyrstu fatalínu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Erfitt að fá hlutverk

**Leikarinn Harrison Ford segir að eldri karlar í Hollywood eigi alveg jafn erfitt með að fá góð hlutverk og eldri konur. „Ég skil mjög vel þessar kvartanir um að það séu engin góð hlutverk fyrir eldri konur , en ég vil að það sé ljóst að það eru engin góð hlutverk heldur fyrir eldri karla,“ sagði hann.**

**Nýjasta mynd Fords, sem verður 69 ára á þessu ári, nefnist Morning Glory. Þar leikur hann fréttamanninn Mike Pomeroy sem þolir ekki að starfa við morgunsjónvarp. Á móti honum leika Rachel Adams og Patrick Wilson.**




TÆKI Á TILBOÐSVERÐI!

UPPÞVOTTAVÉL
12 manna stell · Mjög hljóðlát 47db
FAVORIT 45001-W
AEG
Listaverð: 134.900,-
Hér sparar þú: 35.000,-
TILBOÐSVERÐ – 99.900,-

ÞVOTTAVÉL
1400 sn · Taumagn 7 kg
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
LAVAMAT 74850
AEG
Listaverð: 169.900,-
Hér sparar þú: 40.000,-
TILBOÐSVERÐ – 129.900,-

Tefal ACTIFRY
NÝJUNG !!
Nýtt snilldartæki frá Tefal
ACTIFRY djúpsteikingarpottur.
Djúpsteikir í örlítilli olíu!
ACTIFRY tryggir holla og næringaríka eldamennsku.
Komið og kynnist ACTIFRY af eigin raun í verslunum okkar.
Verð: 45.900,-

ÞVOTTAVÉL
1200 sn · Taumagn 6 kg
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
LAVAMAT 52840
AEG
Listaverð: 129.900,-
Hér sparar þú: 30.000,-
TILBOÐSVERÐ – 99.900,-

ÞURRKARI
Barkalaus · Rakaskynjari · Taumagn 6 kg
LAVATHERM T55460
AEG
Listaverð: 119.900,-
Hér sparar þú: 30.000,-
TILBOÐSVERÐ – 89.900,-

OBH NORDICA 2451
ÍTALSKT ESPRESSÓ
Kaffivél
MARTELLO
STÓRSKEMMTILEG!
Verð: 29.900,-

Tefal
20% afsláttur
FRÁBÆRIR POTTAR OG PÖNNUR
Margar stærðir og gerðir

ALLIR KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR FRÁ AEG
20% afsláttur

DRAUMA RYKSUGAN ER FRÁ AEG
ÞÆR GERAST EKKI BETRI!
20% afsláttur AF ÖLLUM RYKSUGUM

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
Níu mánaða vaxtalausar raðgreiðslur í boði!



Pssst!
Ertu með heimasíma hjá Símanum?

Öll símtöl úr heimasíma til útlanda eru á 0 kr. frá klukkan 19 til 24 í kvöld.

Sama hvort hringt er í erlendan heimasíma eða farsíma.

Frábærir föstudagar með Símanum

Það er Síminn
siminn.is

Greiða þarf mánaðargjald skv. verðskrá. Gildir ekki um símtöl í erlend símatorg.

ENNEMM / SÍA / NM44851

**ODDUR GRETARSSON** verður í stúkunni í kvöld en Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari tilkynnti í gærkvöldi inn 16 manna hóp á HM í Svíþjóð. Oddur gæti þó enn spilað á HM því Guðmundur getur tvisvar sinnum gert breytingar á hópnum á meðan keppninni stendur.



**ALLIR AÐ GERA SIG KLÁRA** Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson sést hér slappa af á æfingu íslenska landsliðsins í gær á meðan sænskir sjónvarpsmenn gera allt klárt á bak við hann, FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Góð teikn á lofti fyrir HM

**Ólafur Stefánsson er líklega að spila á sínu síðasta heimsmeistaramóti í Svíþjóð. Hann segir allt vera til staðar hjá liðinu svo það geti náð árangri á mótinu. Hann segist ekki vera þreyttur eins og margir vilja meina.**

**HANDBOLTI** Einn fræknasti íþróttamaður íslenskrar íþróttasögu er án vafa Ólafur Stefánsson. Þessi 37 ára gamli leikmaður er enn á meðal bestu leikmanna heims og algjör lykilmaður hjá íslenska landsliðinu þar sem hann er fyrirliði.

Ólafur er mættur á HM í Svíþjóð þar sem hann mun leiða íslenska liðið til leiks enn eitt skiptið og líklega í síðasta skipti á heimsmeistaramóti.

„Verkefnið leggst vel í mig. Það eru góð teikn á lofti. Þótt svo sé er það engin ávísun á árangur. Það þarf að hafa fyrir þessu og það vita allir í hópnum. Það er létt spenna í hópnum. Menn eru léttir en samt vel einbeittir. Hláturinn minnkar á leikdegi og einbeitingin eykst. Ég hef trú á því að við mætum tilbúnir til leiks,“ sagði Ólafur eftir lokaæfingu landsliðsins í gær.

„Ég held að allt sé nokkuð gott og ég veit ekki hvað ætti að gerast. Þetta lítur vel út finnst mér. Það eru allir í góðu formi og mér líst vel á nýju strákana og þar höfum við ákveðna plúsa. Þessir strákar gætu komið á óvart.“

Ólafur er vanur því að setja sér markmið fyrir stórmót og frægt er þegar hann fékk félaga sína í landsliðinu til þess að setja markið á verðlaun á Ólympíuleikunum í Peking. Hann lét þá meðal annars ímynda sér að þeir væru með medalíu um hálsinn. Hvaða markmið setur Ólafur að þessu sinni?

„Að verða sér ekki til skammar,“ sagði Ólafur léttur og hló við. „Maður hefur alltaf áhyggjur og verður að vera á tánum. Ég ætla að reyna að vera góður og falla vel inn í hópinn eins og ég hef alltaf gert. Kannski aðeins betur en það. Það er mikil dýnamík í þessum hópi og ef maður nær að falla vel inn í hann er maður nokkuð sáttur. Ég mun vinna mína vinnu og opna fyrir hina eins og krafist er af mér,“ sagði Ólafur en strákarnir hafa passað sig á því að vera ekki með hástemmdar yfirlýsingar þó svo að þeir viti vel hvað í þeim býr.

Mikið álag hefur verið á Ólafi í vetur og hann hefur spilað meira í ár en síðustu ár. Margir spekingar hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því að Ólafur sé þreyttur en hann gefur lítið fyrir það.

„Nei, ég er ekkert þreyttur. Ég slekk á öllu slíku alveg um leið. Ég hef sjaldan verið glaðari og ánægðari með að fara í mót. Í fyrsta lagi þá er þetta líklega mitt síðasta HM, þó svo að maður eigi aldrei að segja aldrei. Það gefur mér innspýtingu og svo er ég alltaf að rannsaka þennan skrítna leik og reyna að komast að einhverjum nýjum vinklum í honum,“ sagði Ólafur, sem á góðar stórmótaminningar frá Svíþjóð en hann varð markakóngur á EM í Svíþjóð árið 2002 er Ísland lenti í fjórða sæti.

„Minningarnar eru góðar allt upp að úrslitaleikjunum. Við hefðum mátt vinna verðlaun þar. Það var klassalið og mikil dýnamík í því liði. Ég stefni að því að eignast fleiri góðar minningar frá Svíþjóð.“

**Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason**


fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is

Guðjón Valur Sigurðsson segist vera klár í að spila 60 mínútur í leik á HM:

# Ætlaði mér alltaf að komast á HM

**HM 2011** Hornamaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson er kominn á fulla ferð eftir langvinn meiðsli og var ekki annað að sjá á æfingu landsliðsins í dag en að hann væri í fínu formi. Guðjón sagði sjálfur fyrir mótið að hann myndi ekki vera með nema hann væri klár í slaginn.

„Ég tók þá ákvörðun að ef ég færi á HM þá væri ekkert væl og ég myndi ekkert tala um hnéð á mér. Ég er ekki kominn hingað til þess að væla yfir verkjum eða vorkenna sjálfum mér. Ég er hérna til þess að standa mig ásamt strákunum,“ sagði Guðjón en er hann klár í heilan leik? „Að sjálfsögðu. Svo er það þjálfarans að ákveða hvort hann spilar með mig allan leikinn.“



Guðjón var í fríi í tíu mánuði og er tiltölulega nýkominn af stað. Hann er þakklátur fjölskyldu sinni fyrir þann stuðning sem hann fékk í meiðslunum.

„Þetta er búið að vera ágætis ferðalag. Fór í aðgerðir í febrúar og maí. Ég sagði samt við konuna mína þegar ég lá inni á spítala með tvær slöngur út úr hnénu og vel undir áhrifum verkjalyfa að ég skyldi fara á HM. Ég er glaður yfir að það hafi tekist en ég hef fengið mikinn stuðning að heiman til þess að ná þessu markmiði. Fjölskyldan á heiður skilinn fyrir að hafa þolað mig í allan þennan tíma,“ sagði Guðjón.

Hann mun í dag hefja þátttöku á sínu þrettánda stórmóti, sem er ansi vel af sér vikið hjá 31 árs gömlum leikmanni.

„Þetta er farið að verða skemmtilegra aftur. Þetta var erfitt á tímabili eins og í Slóveníu og Túnis árin 2004 og 2005. Þá voru mikil vonbrigði. Eftir að við unnum Svía fyrir HM 2007 hefur þetta allt verið á uppleið. Það hefur verið mikil þróun hjá landsliðinu síðustu árin og það er gaman að taka þátt í þessu.“ - hbg





**STAFFAN OLSSON** Er annar þjálfara sænska liðsins. MYND/NORCID PHOTOS/AFP

Opnunarleikur HM í gær:

# Létt hjá Svíum

**HANDBOLTI** Svíar unnu öruggan tíu marka sigur á Síle, 28-18, í Opnunarleik HM í handbolta í Gautaborg í gær. Svíar voru 15-8 yfir í hálfleik og náðu mest tólf marka forustu í leiknum.

Kim Ekdahl skoraði sex mörk fyrir Svía og þeir Fredrik Petersen og Oscar Carlen skoruðu báðir fimm mörk. Emil Feuchtmann var markahæstur hjá Síle með fjögur mörk en bróðir hans Erwin Feuchtmann skoraði þrjú mörk eins og Rodrigo Salinas. **- óój**

Leikir Íslands og Ungverja:

# Tveir sigrar í sjö leikjum á HM

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið hefur sjö sinnum mætt Ungverjum í úrslitakeppni HM, síðast í 8 liða úrslitum á HM í Kumamoto fyrir fjórtán árum (25-26 tap). Ungverjar hafa unnið fimm af þessum sjö leikjum en Ísland vann leiki þjóðanna á HM í Svíþjóð 1993 og á HM á Íslandi tveimur árum seinna. Ungverjar hafa unnið tvo síðustu sigra sína með aðeins einu marki (26-25 á HM í Kumamoto 1997 og 21-20 á HM í Sviss 1986). **- óój**












Strákar! Gangi ykkur vel á HM.

Strákarnir okkar eru svo skemmtilega ólíkir og okkur þykir óskaplega vænt um þá alla. VÍS er stoltur styrktaraðili íslenska landsliðsins á HM í Svíþjóð.



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is




Íslenska handboltalandsliðið getur brotið blað í sögu HM á móti Ungverjum í kvöld:

# Aldrei unnið Evrópuþjóð í fyrsta leik

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið fær tækifæri í kvöld til þess að brjóta blað í sögu landsliðsins á HM í handbolta. Ísland spilar þá sinn fyrsta leik á HM í Svíþjóð á móti Ungverjum en strákunum okkar hefur aldrei tekist að vinna Evrópuþjóð í fyrsta leik á HM.

Íslenska handboltalandsliðið hefur unnið fyrsta leik sinn á sex heimsmeistarakeppnum af fimmtán og þar af hafa fimm sigranna komið í síðustu átta heimsmeistarakeppnum íslenska liðsins.

Allir sigurleikirnir hafa komið á móti þjóðum utan Evrópu (Ástralía 2003 og 2007, Japan 1997, Bandaríkin 1995, Kúba 1990 og Egyptaland 1964).

Ísland hefur átta sinnum mætt Evrópuþjóð í fyrsta leik sínum á HM, sjö leikjanna hafa tapast en besti árangurinn er 34-34 jafntefli á móti Tékkum fyrir sex árum.

Íslenska landsliðið var reyndar átta mörkum undir í þeim leik þegar aðeins fimmtán mínútur voru eftir en tókst að tryggja sér jafntefli og enda sjö leikja taphrinu sína í fyrsta leik á móti þjóðum frá Evrópu. - óój



**RÓBERT GUNNARSSON** Sést hér í leiknum á móti Tékkum á HM 2005. NORDICPHOTOS/AFP

# Strákunum allir vegir færir

**Silfur- og bronsstrákarnir okkar eru klárlega til alls líklegir á HM í Svíþjóð. Þeir virðast vera klárir í slaginn og gangi allt upp mun liðið fara ansi langt á þessu móti. Liðið hefur getuna til þess að ná aftur í verðlaun.**

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar hefja leik á HM í dag og eins og svo oft áður eru gerðar miklar væntingar til liðsins. Að þessu sinni eru þær væntingar ekki byggðar á sandi. Staðreyndin er nefnilega sú að við eigum stórkostlegt landslið sem er á meðal þriggja bestu landsliða heims að mínu mati.

Þessir strákar hafa brotið hvern múrinn á fætur öðrum síðustu árin og geta á góðum degi unnið öll lið í heiminum. Það er staðreynd. Til þess að ná eins frábærum árangri og undanfarin ár þarf aftur á móti ansi margt að ganga upp. Það er ekki nóg að vera bara með gott lið.

Leikmenn þurfa að haldast heilir, stemningin þarf að vera í lagi og svo þurfa öll lið smá skammt af heppni ef við nefnum nokkur atriði. Ég er fullviss um að strákarnir ætla sér stóra hluti á þessu móti þó svo að þeir gefi það ekki upp opinberlega. Þeir hafa unnið silfur og brons á síðustu tveimur mótum og með það í huga væri annað galið en að stefna aftur á verðlaun. Ég efast líka ekkert um að þá langar í gull og þeir stefna á það. Þeir vita að ef allt gengur upp er það möguleiki.

Þetta lið er samt orðið það þroskað að það gerir sér fullkomlega grein fyrir því að hámarksárangur næst ekki án mikillar vinnu. Þeir vita vel að þeir eru góðir en þeir vita einnig að þeir þurfa að gefa 110 prósent í alla leiki ef þeir ætla sér aftur á pall.

Liðið fékk vænan kinnhest í lok síðasta árs sem ég held að hafi gert því gott. Það minnti menn hraustlega á hvað þarf til að ná topparangri. Eins og háklassaíþróttamenn brugðust þeir við á hárréttan hátt. Það mátti bersýnilega sjá í leikjunum gegn Þjóðverjum að neistinn er kominn aftur. Viljinn til þess að ná árangri er mikill og strákarnir vita nákvæmlega hvað þarf að gera. Hungrið í meira er svo sannarlega til staðar.

Utan vallar stendur síðan hópur mikilla fagmanna sem vinna dag og nótt að því að markmiðum hópsins. Þessu liði, og hópnum í heild sinni, eru svo sannarlega allir vegir færir hér í Svíþjóð. Með viljann að vopni og hugarfarið í lagi getur þetta mót orðið að veislu fyrir Íslendinga í skammdeginu.



**GUÐMUNDUR BROSMILDUR DAGINN FYRIR HM** Það var létt yfir landsliðsþjálfaranum Guðmundi Guðmundssyni á æfingu í Svíþjóð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**UTAN VALLAR**
**Henry Birgir Gunnarsson**
segir sína skoðun

Sæti á Ólympíuleikunum í Lundúnum 2012 eru í húfi á HM í Svíþjóð:

# Sjö efstu sætin á HM gefa möguleika á ólympíusæti

**HANDBOLTI** Það er mikið í húfi á heimsmeistaramótinu í handbolta sem hófst í Svíþjóð í gær. Ekki aðeins sjálfur heimsmeistaratitillinn heldur einnig möguleiki á sæti á Ólympíuleikunum sem haldnir verða í Lundúnum árið 2012.

Heimsmeistararnir fá sjálfkrafa þátttökurétt á leikunum en liðin sem verða í sex næstu sætunum, 2.-7. sæti, fara í umspilskeppni sem haldin verður í apríl á næsta ári.

Meistarar í álfukeppnunum fá einnig sæti á Ólympíuleikunum ásamt gestgjöfunum Breta.

Áttunda sætið á HM í Svíþjóð gæti dugað til að komast í umspilskeppnina um ólympíusæti. Það var tilfellið árið 2007 er Ísland varð í áttunda sæti á HM í Þýskalandi. En þar sem Danir, sem urðu í þriðja sæti á HM 2007, urðu Evrópumeistarar í Noregi ári síðar tryggðu þeir sér þar með sjálfkrafa sæti á Ólympíuleikunum í Peking. Ísland fékk sæti Dana í umspilskeppninni.

Alls komast tólf lið í umspilskeppnina og verður liðunum skipt í þrjá riðla. Af þessum tólf eru sex lið af HM en útreikningar á því hvaða sex lið til viðbótar komast í umspilskeppnina eru nokkuð flóknir. Alþjóðahandknattleikssambandið mun væntanlega úthluta þeim sætum þegar úrslit úr öllum álfukeppnunum liggja fyrir.

Þetta fyrirkomulag þykir nokkuð umdeilt, sérstaklega þar sem álagið þykir fyrir vera mikið á handboltamönnum. Þjálfurum og leikmönnum þykir mörgum illmögulegt að bæta við enn einu landsliðsverkefninu, eins og umspilskeppni um sæti á Ólympíuleikum. - esá



**SILFRINU FAGNAÐ** Guðmundur Guðmundsson og Ólafur Stefánsson á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Ólympíuleikarnir 2012**

**Hvaða lið komast til Lundúna?**

| | |
|---|---|
| Gestgjafar | Bretland |
| HM 2011 í Svíþjóð | 1 sæti |
| EM 2012 í Serbíu | 1 sæti |
| Asíumótið 2011 | 1 sæti |
| Afríkumótið 2011 | 1 sæti |
| Ameríkumótið 2011 | 1 sæti |
| Umspilskeppni 2012 | 6 sæti |

Jói útherji
síðan 1999

ÚTSÖLULOK

Útsölunni lýkur á laugardag

50% afsláttur af öllum skóm........

Opið til kl. 16:00 á laugardaginn

FÓTBOLTASKÓR HANDBOLTASKÓR

KÖRFUBOLTASKÓR

MARKMANNSHANSKAR OG LEGGHLÍFAR

REUSCH NIKE ADIDAS MITRE

30 – 50% AFSLÁTTUR

Jói útherji
síðan 1999

Ármúla 36 - 108 Reykjavík s. 588 1560

www.joiutherji.is




Svínahnakki úrb.

**998,kr./kg**

verð áður 1.498,-/kg




Svínalundir

**1.398,kr./kg**

verð áður 2.198,-/kg



Fjallalamb - frosin verkuð svið

**359,kr./kg**

verð áður 449,-/kg



Fjallalamb - frosið lambalæri

**998,kr./kg**

verð áður 1.437,-/kg

# Fjarðarkaup

## 14. - 15. janúar



Fjallalamb
Hangiframpartur úrb.

**1.891,kr./kg**

verð áður 2.364,-/kg




FK kjúklingabringur

**2.138,kr. /kg**




Ísfugl - kjúklingalundir frosnar

**1.798,kr./kg**



Skólaostur, sneiðar

**1.318,kr./kg**

verð áður 1.648,-/kg

20%
afsláttur




AB ostur

**1.183,kr./kg**

verð áður 1.479,-/kg




Berjablanda 2,5kg

**1.798,kr./pk.**




Jarðaber 2,5kg

**1.698,kr./pk.**




Tropical-mix 2,5kg

**1.693,kr./pk.**



Appelsínur

**158,kr./kg**



Gala epli

**198,kr./kg**




Ota haframöl 950g

**388,kr.**




Ota haframjöl epli/kanill

**398,kr.**

verð áður 438,-




Cheerios 992g

**898,kr.**




KEA Hindberja/
jarðaberja og bláberja

**219,kr./stk.**

verð áður 283,-/stk.




Trópí appelsínu 1L

**198,kr.**




Kelloggs Kornflögur 750g

**598,kr.**




Kelloggs Special K 750g

**698,kr.**

verð áður 798,-




Kelloggs All-Bran 500g

**398,kr.**

verð áður 438,-




Kelloggs Just Right

**598,kr.**

verð áður 715,-



Soya Jógúrt ýmsar teg.

**109,kr./stk.**

verð áður 117,-/stk.




Hleðsla - 2 bragðteg.

**648,kr./pk.**







Pampers þurrkur - fylling

**398,kr.**

verð áður 469,-

Pampers Maxi 56stk.
allar stærðir

**1.798,kr.**

verð áður 1.889,-

# ein-stök verslun



Kiwi

**248,kr./kg**




Heilsutvenna

**598,kr.**




Sportþrenna

**1.198,kr.**

verð áður 1.398,-




Æskubrunnur

**898,kr.**

verð áður 1.248,-

20% afsláttur




Biotta safi

verð frá **332,kr./stk.**

**Tilboð gilda til laugardagsins 15. janúar**

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

FK
FJARÐARKAUP

## > Ryan Reynolds

„Ég trúi á ill öfl. Ég tel að ef fjölskylda flytur inn í hús þar sem sex morð áttu sér stað, þá eigi eftir að verða slæm stemning í húsinu. En á móti kemur, af hverju í fjandanum var fjölskyldan að flytja inn í húsið til að byrja með?“

***Ryan Reynolds leikur mann sem reynir að útskýra fyrir 11 ára dóttur sinni fyrri sambönd sín en hana langar að vita allt um líf föður síns fyrir hennar tíð í gamanmyndinni Definitely, Maybe sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON MÁLAR SIG Í FÁNALITUNUM

# *Þjóðarveislan hefst um helgina*

Tveir stórviðburðir í sjónvarpslífi þjóðarinnar hefja göngu sína um helgina. Annars vegar Eurovision á RÚV og hins vegar HM í handbolta sem nú er sýnt fyrir luktum dyrum á Stöð 2 Sport (kannski óþarfi að strá salti í sár þeirra sem ekki eru með áskrift).

Eurovision-aðdáun mín hefur farið þverrandi undanfarin ár en þar sem verðandi unglingur býr á heimilinu er alveg nauðsynlegt að glápa á þetta, mynda sér skoðun á ósköpunum og kjósa síðan eins og eitt lag. Ef ekki tvö.

Ég skal alveg viðurkenna að ég horfi með athygli á úrslitakvöldið en Eurovision er eins og aftaná-árekstur, maður keyrir aðeins hægar til að sjá hver varð fyrir því óláni að rústa bónusnum frá tryggingafélaginu en brunar síðan í burtu, skömmustulegur á svip fyrir þessa ógeðslegu njósnafýsn. Að hata eða elska Eurovision er hluti af því að vera til í íslensku samfélagi og hin brotna þjóðarsál hefur gott af þessari keppni, hún er þrætuepli sem veldur því þó ekki að fólk kveiki elda fyrir utan Útvarpshúsið ef það er ósátt við niðurstöðuna (þótt vissulega hafi gefist mörg tækifæri til að mótmæla fyrir utan sjónvarpshúsið að undanförnu).

HM sameinar aftur á móti þjóðina þegar hún er búin að reyta hár sitt og skegg yfir þeim lögum sem komust ekki í úrslitin. Þessir blessuðu „strákar okkar“ hafa marga fjöruna sopið en einhvern veginn eiga þeir alltaf sinn stað í huga og hjörtum íslensku þjóðarinnar. Kannski er það af því að þeir elska að leika fyrir landið sitt, kannski er það af því að þeir vinna alltaf einhverja leiki, ólíkt öðru A-landsliði sem nú situr í 113. sæti á styrkleikalista FIFA.



**SYNGUR** Pétur Örn Guðmundsson syngur í Eurovision og fólk mun deila hvort lag hans eigi skilið sæti í úrslitum eður ei. Það er snilld Eurovision.

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Tjarnarkvartettinn**

**17.05 Átta raddir** (1:8)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Otrabörnin** (4:26) (PB&J Otter)

**18.22 Frumskógarlíf** (12:13) (Jungle Beat)

**18.27 Danni** (2:4) (Danni) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Lið Hafnarfjarðar og Norðurþings eigast við. Umsjónarmenn: Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Spurningahöfundur og dómari: Ólafur B. Guðnason.

**21.15 Heilluð** (Enchanted) Bandarísk bíómynd frá 2007. Vond drottning sendir ævintýraprinsessu til raunheima og þar verður hún ástfangin af lögfræðingi á Manhattan. Leikstjóri er Kevin Lima og meðal leikenda eru Amy Adams, Patrick Dempsey, Susan Sarandon og Timothy Spall. Myndin var tilnefnd til þrennra Óskarsverðlauna.

**23.05 Wallander – Sekt** (Wallander: Skulden) Sænsk sakamálamynd frá 2006. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Leif Magnusson og meðal leikenda eru Krister Henriksson, Lena Endre, Sverrir Gudnason, Nina Zanjani og Stina Ekblad. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Snow Cake**

**10.00 First Wives Club**

**12.00 Alvin and the Chipmunks**

**14.00 Snow Cake**

**16.00 First Wives Club**

**18.00 Alvin and the Chipmunks**

**20.00 Definitely, Maybe**

**22.00 10.000 BC**

**00.00 Glastonbury**

**02.15 You Don't Mess with the Zohan**

**04.05 10.000 BC**

**06.00 Köld slóð**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 60 mínútur**

**11.05 Mercy** (13:22)

**11.50 Hopkins** (7:7)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Making Over America With Trinny & Susannah** (1:7)

**13.45 The Queen**

**15.35 The Big Bang Theory** (23:23)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2**

**17.10 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (22:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Auddi og Sveppi**

**19.50 Logi í beinni** Lauféttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.

**20.40 Total Wipeout** (6:12) Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur með nýju tvisti sem ekki nokkur maður getur staðist.

**21.40 Mission. Impossible 2** Mögnuð hasarmynd með Tom Cruise og Thandie Newton í aðalhlutverki. Sérsveitarmaðurinn Ethan Hunt er kominn aftur á stjá og fær nú sitt erfiðasta verkefni til þessa. Spurnir hafa borist af lífshættulegu efni og yfirvöld mega ekki til þess hugsa að það komist í rangar hendur.

**23.40 Art School Confidential** Gamanmynd með dramatísku ívafi um strák sem vill ólmur komast í listaskóla en kemst að því að hlutirnir eru ekki eins og hann hafði vænst. Anjelica Huston og John Malkovich eru meðal aðalleikara í myndinni.

**01.20 Reality Bites**

**02.55 After School Special**

**04.25 Total Wipeout** (6:12)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Svíþjóð - Chile**

**15.00 Þorsteinn J. og gestir** Þorsteinn J. fær til sín handboltasérfræðinga og aðra góða gesti til að hita upp fyrir leiki dagsins á HM í handbolta.

**15.50 Ísland - Ungverjaland** Bein útsending frá leik Íslands og Ungverjalands í HM í handbolta. Leikurinn er sýndur í opinni dagskrá.

**18.00 Þorsteinn J. og gestir** Þorsteinn J. og gestir hans kryfja leik Íslands og Ungverjalands til mergjar.

**19.00 Noregur - Japan** Bein útsending frá leik Noregs og Japans í B-riðli.

**20.50 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.

**21.20 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**22.10 European Poker Tour 6 - Pokers**

**23.00 Ísland - Ungverjaland**

**00.35 Þorsteinn J. og gestir**

**01.05 Noregur - Japan**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Man. Utd. - Stoke** Útsending frá leik Manchester United og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.

**19.15 Blackburn - Liverpool** Útsending frá leik Blackburn Rovers og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu. Allar helstu breytingarnar á liðunum skoðaðar, viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.

**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

**22.00 Football Legends** Að þessu sinni verður fjallað um hinn magnaða Pele sem af mörgum er talinn einn af bestu knattspyrnumönnum heims frá upphafi.

**22.30 Premier League Preview 2010/11**

**23.00 West Ham - Man. City**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**15.50 Rachael Ray**

**16.35 Dr. Phil**

**17.20 Seven Ages of Love** (e)

**18.15 Life Unexpected** (6:13) (e)

**19.00 Melrose Place** (11:18) (e)

**19.45 Will & Grace** (6:22)

**20.10 Rules of Engagement** (10:13)

**20.35 The Ricky Gervais Show** (10:13) Bráðfyndin teiknimyndasería frá snillingunum Ricky Gervais og Stephen Merchant, sem eru þekktastir fyrir gamanþættina The Office og Extras.

**21.00 Got To Dance** (2:15) Got to Dance er raunveruleikaþáttur þar sem hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín á milli um að verða besti dansarinn.

**21.50 The Bachelorette** (2:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi 25 myndarlegra piparsveina.

**23.20 30 Rock** (6:22) (e)

**23.45 Law & Order: Special Victims Unit** (22:22) (e)

**00.35 Saturday Night Live** (1:20) (e)

**01.20 Whose Line is it Anyway?** (13:39) (e)

**01.45 The Others** (e) Mögnuð spennumynd frá árinu 2001 með Nicole Kidman í aðalhlutverki. Bönnuð börnum.

**03.30 Jay Leno** (e)

**05.00 The Ricky Gervais Show** (10:13) (e)

**05.25 Will & Grace** (6:22) (e)

## SKJÁRGOLF

**13.10 Golfing World**

**14.00 Sony Open in Hawaii** (1:4)

**17.30 ETP Review of the Year 2010** (1:1)

**18.20 Golfing World**

**19.10 PGA Tour - Highlights** (1:45)

**20.05 Inside the PGA Tour** (2:42)

**20.30 Sony Open in Hawaii** (1:4)

**00.00 Sony Open in Hawaii** (2:4)

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Smallville** (9:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag**

**21.50 NCIS. Los Angeles** (21:24) Spennuþættir sem gerast í LA og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni.

**22.35 Human Target** (11:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst. Grínspenna í anda Chuck, Louise og Clark og Quantum Leap.

**23.20 Life on Mars** (7:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjallar um lögreglustjórann Sam sem lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður á 8. áratugnum. Þættirnir eru frábær endurgerð á samnefndum breskum þáttum.

**00.05 Smallville** (9:22)

**00.50 Hopkins** (7:7)

**01.35 Auddi og Sveppi**

**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin og raunhæfar tillögur um atvinnulífsuppbyggingu.

**21.00 Ævintýraboxið** Stefán Drengsson og félagar.

**21.30 Heilsuþáttur Jóhönnu** Dr. Sigmundur og Sóley Elíasdóttir leikkona tala um eiturefni í umhverfinu.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 15.50
### Ísland - Ungverjaland



Fyrsti leikur Íslands á HM í handbolta. Mótherjarnir eru Ungverjar, sem eru með sterkt lið og enduðu í 6. sæti á HM í Króatíu fyrir tveimur árum. Leikurinn er sýndur í opinni dagskrá. Allir leikir Íslands á mótinu eru sýndir í HD.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.03** Útvarpssagan: Höll minninganna **15.25** Heiðursdoktorahátíð) **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir. **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**09.30** QI **10.00** Whose Line Is It Anyway? **10.25** Waterloo Road **11.15** My Family **11.45** Doctor Who **12.30** Deal or No Deal **13.05** Deal or No Deal **13.45** QI **14.15** QI **14.40** Only Fools and Horses **15.10** Only Fools and Horses **15.40** Doctor Who **16.30** New Tricks **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** Wrong Door **20.00** The Office **20.30** Mistresses **21.20** QI **21.50** QI **22.20** Last of the Summer Wine **22.50** New Tricks **23.40** My Family **00.10** Wrong Door

### DR 1

**11.10** Jersild Live **11.35** Min italienske drøm **12.30** Den lille forskel **13.00** Vores Liv **13.30** Forsvundne danskere **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Ih! siger den lille bamse **15.15** Babar **15.30** Det kongelige spektakel **15.40** Peddersen og Findus **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** Det søde liv **17.00** Tæt på dyrene i Kalahari orkenen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** VM-håndbold **19.45** TV Avisen **20.00** VM-håndbold **21.10** Tears of the Sun **23.25** The Fan **01.15** Godnat

### NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Sjukehuset i Aidensfield **12.00** NRK nyheter **12.05** Migrapolis **12.35** Urix **12.55** V-cup alpint **13.40** V-cup skiskyting **15.00** NRK nyheter **15.10** Anne & Ronny møter 8 med vilje **15.50** Filmavisen 1960 **16.00** NRK nyheter **16.10** Koht på jobben **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.40** Norge rundt **19.05** Lyngbø og Hærlands Big Bang **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Detektimen **22.10** Kveldsnytt **22.25** Elskerinner **23.15** Pop-perler fra 60-tallet

### SVT 1

**09.20** Alpint **10.30** Inför Idrottsgalan 2010 **10.40** Rebecca och Fiona **11.00** Rapport **11.05** Hjalmar på Örebroadway **12.05** Veronica Mars **12.50** Alpint **14.00** Engelska Antikrundan **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Antikrundan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Max Manus **22.55** Inför Idrottsgalan 2010 **23.05** The Pacific **00.00** Veronica Mars





Kíktu á netverslunina
www.orninngolf.is

ÖRNINN GOLFVERSLUN

HÚSGAGNAHÖLLINNI Sími: 577 2525






Ekki missa af Fréttablaðinu um helgina

Meðal annars efnis:

**Alfræðivefurinn Wikipedia**
Tíu ára stanslaus vöxtur.

**Vannýtt auðlind**
Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður vill meiri uppbyggingu á Þingvöllum.

**Góðir hælar og einföld snið**
Straumar og stefnur í tískunni 2011.




Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga





*„Núna er það Time of My Life með Black Eyed Peas. Þetta er stuðlag sem kemur manni í gírinn og kveikir á löngun til að fara að dansa.“*

Kiddi Bigfoot, plötusnúður.

# Júlli Kemp gerir breska spennumynd

Júlíus Kemp hefur verið ráðinn leikstjóri breska sálfræðitryllisins Bait. Hann hefur lesið handritið og líst ágætlega á, segir myndina vera í svipuðum anda og Sleepy Hollow eftir Tim Burton, bara aðeins nútímalegri. „Þetta kom upp á svipuðum tíma og við vorum að klára Reykjavik Whale Watching Massacre fyrir einu og hálfu ári,“ segir Júlíus, sem tekur þessu öllu með stökustu ró og er lítið að æsa sig yfir hugsanlegri útrás sinni. „Maður er ekkert að gera neitt stórmál úr þessu. Þeir eru núna að setja saman leikarahóp og velja tökustaði.“

Fyrirtækið sem Júlíus er í sambandi við heitir NyAC og var stofnað af Phil nokkrum Parker. Hann hafði getið sér gott orð fyrir þróun kvikmynda á borð við Wallace & Gromit en ákváð að stofna sitt eigið framleiðslufyrirtæki. Fyrsta mynd fyrirtækisins verður eftir stuttmyndaleikstjórann Michael Baig-Clifford en hann hefur tvívegis verið tilnefndur til bresku Bafta-verðlaunanna fyrir stuttmyndir sínar.

Samkvæmt kvikmyndavefsíðunni imdb.com er Karl Júlíusson, leikmyndahönnuður Íslands númer eitt, skráður á myndina en Júlíus efast um að hann hafi einu sinni lesið handritið. Eins og Fréttablaðið greindi frá mun Karl hanna leikmyndina fyrir stórmynd Kathryn Bigelow sem Tom Hanks leikur aðalhlutverkið í. Júlíus segist raunar ekkert vita meira um málið, hann bíði bara eftir kallinu og þegar það komi sé hann klár í bátana.

- fgg



**TIL BRETLANDS** Júlíus Kemp hefur verið ráðinn til að leikstýra breska sálfræðitryllinum Bait. Hann er þó pollrólegur yfir eigin útrás.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Felix Bergsson** og Margrét Blöndal hafa skemmt hlustendum Rásar 2 á laugardagsmorgnum með magasínþættinum sínum Bergsson&Blöndal. Aðdáendur þeirra geta nú einnig hlakkað til síðasta sunnudagsins í hverjum mánuði því útvarpsstöðin hefur ákveðið að ráðast í gerð metnaðarfulls skemmtiþáttar sem sendur verður út í beinni útsendingu frá menningarhúsi Norðurlands, Hofi. Boðið verður upp á lifandi tónlist, fólk getur sest inn og séð útvarpsþátt með eigin augum og ekki er útilokað að bæði Felix og Margrét taki jafnvel lagið.



Áhuganum á Áramótaskaupinu virðist engin takmörk sett. Rúmlega sjötíu prósent horfðu á frumsýninguna á gamlárskvöld eða nær allir sjónvarpsbærir landsmenn. Hvort þjóðin hafi verið komin í annarlegt ástand um það leyti sem Skaup **Gunnars Björns Guðmundssonar** hófst 31. desember skal hins vegar ósagt látið en ljóst er að endursýning á því er alltaf vel þegin. Rúm fjörutíu prósent landsmanna horfðu á endursýnt Skaup síðastliðið laugardagskvöld. Sem verða að teljast ótrúlegar tölur.



- fgg

World Class ICELAND

SKRÁÐU ÞIG NÚNA

á worldclass.is og í síma 55 30000

Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík - Spönginni Grafarvogi
Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi - Lágafellslaug Mosfellsbæ
Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn U | Fim 27.1. Kl. 20:00 Ö | Lau 12.2. Kl. 20:00 |
| Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn Ö | Fös 28.1. Kl. 20:00 Ö | |
| Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn Ö | Fös 11.2. Kl. 20:00 | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 20.1. Kl. 20:00 Ö | | |
| Sun 30.1. Kl. 20:00 U | | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 15.1. Kl. 19:00 U | Sun 23.1. Kl. 19:00 Ö | Lau 5.2. Kl. 19:00 Ö |
| Sun 16.1. Kl. 19:00 U | Lau 29.1. Kl. 19:00 Ö | |
| Lau 22.1. Kl. 19:00 U | Fös 4.2. Kl. 19:00 Ö | |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 3.2. Kl. 18:00 U | Sun 13.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 20.2. Kl. 17:00 |
| Sun 6.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 13.2. Kl. 17:00 | Sun 27.2. Kl. 14:00 |
| Sun 6.2. Kl. 17:00 Ö | Sun 20.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 27.2. Kl. 17:00 |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 15.1. Kl. 20:00 U | Fim 20.1. Kl. 20:00 U | Sun 23.1. Kl. 17:00 Allra síð.sýn. Ö |
| Sun 16.1. Kl. 20:00 U | Lau 22.1. Kl. 20:00 U | Sun 23.1. Kl. 20:00 Síð. sýn. U |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 16.1. Kl. 13:00 | Sun 23.1. Kl. 13:00 | |
| Sun 16.1. Kl. 15:00 Ö | Sun 23.1. Kl. 15:00 Ö | |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 13.2. Kl. 13:30 | Sun 20.2. Kl. 13:00 | |
| Sun 13.2. Kl. 15:00 | Sun 20.2. Kl. 15:00 | |

**Hvað EF – skemmtifræðsla** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Þri 18.1. Kl. 20:00 | Þri 25.1. Kl. 20:00 | |
| Mið 19.1. Kl. 20:00 | Mið 26.1. Kl. 20:00 | |




**BORGARSTJÓRINN OG STJÓRNANDINN** Þótt Jón Gnarr sé æðsti maðurinn í embættismannakerfi Reykjavíkurborgar verður hann samt sem áður að lúta vilja þáttarstjórnandans Sigurjóns Kjartanssonar í sjónvarpsþættinum Tvímælalaust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**JÓN GNARR:** TVÍHÖFÐI SNÝR AFTUR Á ÖLDUR LJÓSVAKANS

# Borgarstjóri með sinn eigin spjallþátt í sjónvarpi

„Mér finnst ekki alltaf dregin upp sanngjörn mynd af mér í fjölmiðlum, mig grunar að þeir séu oft tengdir stjórnmálaflokkum. Ef ekki, þá biðst ég afsökunar. En allavega, ég tel að það sé mjög mikilvægt að borgarstjórinn geti fundið sér vettvang sem sé hlutlaus og að þetta muni efla lýðræðið og gegnsæi,“ segir Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík.

Hann snýr aftur í sjónvarp á fimmtudaginn í næstu viku þegar hann verður fastur gestur í þættinum Tvímælalaust á Stöð 2. Stjórnandi þáttarins er enginn annar en Sigurjón Kjartansson, hitt höfuðið á Tvíhöfðadúettinum.

Jón hefur staðið í ströngu í borgarmálunum að undanförnu en hann óttast ekki að verða auðvelt skotmark minnihlutans. „Nei, síður en svo, ég á ekki von á því enda ekki tilefni til. Ég lít heldur ekki á minnihlutann sem einhverja andstöðu heldur samstarfsfólk, ég segi stundum minnihluti en aldrei kosningabarátta heldur kosningaleikur. Enda er hún bara leikur,“ útskýrir Jón.

Jón tekur fram að hann fái ekkert greitt fyrir þátttöku sína í sjónvarpsþættinum. „Við ætlum að kryfja þjóðfélagsmálin, Sigurjóni gefst tækifæri til að spyrja mig út í hluti og síðan bjóðum við fólki úr öllum stéttum þjóðfélagsins að koma og ræða við okkur um landsins gagn og nauðsynjar.“

Sigurjón Kjartansson er að vonum ánægður með samstarfið við Jón Gnarr. Hann segir þáttinn eiga að vera umræðuþátt um allt sem skiptir máli í þjóðfélaginu og vill að gefnu tilefni taka fram að hann verði í opinni dagskrá.

„Ég er mjög spenntur fyrir þessu, þetta er vissulega ný nálgun á okkar samstarf. Við höfum hingað til verið að stjórna þessum útvarpsþætti og verandi ekkert sérstaklega merkilegir var alltaf erfitt að fá einhver alvöru „celeb“ [frægðarfólk]. Ég held að við höfum til dæmis aðeins náð því einu sinni að fá viðtal við borgarstjóra áður en nú er bara annar okkar orðinn borgarstjóri og það verður mjög athyglisvert að vinna með það.“

freyrgigja@frettabladid.is

# H&M ekki til Íslands í bráð

Ísland virðist vera úti í kuldanum hjá sænsku fatakeðjunni H&M. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu heimsóttu fulltrúar frá sænsku fatakeðjunni Reykjavík fyrir jól og skoðuðu hentugt verslunarhúsnæði í miðborginni, Kringlunni og Smáralind. Þeir sem lóðsuðu þá um verslunarkjarnana sögðu fulltrúana hafa verið nokkuð spennta fyrir að opna hér verslun en H&M hefur verið ákaflega vinsæl verslun meðal íslenskra ferðalanga erlendis.

Håkan Andersson hjá fjölmiðladeild H&M sagði hins vegar ekkert í plönunum hjá H&M um að opna hér verslun. „Það eru margar H&M-búðir sem eru í burðarliðnum en það er ekkert staðfest að H&M sé að opna á Íslandi og þangað til er þetta bara orðrómur. Auðvitað hafa mörg markaðssvæði áhuga á að fá H&M til sín og þessi mál eru í sífelldri endurskoðun,“ segir Håkan.

Hann bætir því við að verslanakeðjan sjái sjálf um að opna sínar búðir í hverju landi fyrir sig en sé ekki með umboðsaðila eins og stundum tíðkast. Íslendingar geta huggað sig við að fleiri lönd bíða enn eftir innrás sænsku fatakeðjunnar, flest Balkanlöndin eru ekki með H&M-verslanir, sem og fyrrverandi lýðveldi Sovétríkjanna eins og Litháen, Lettland, Hvíta-Rússland og Eistland.

- fgg



**EKKI OPNUÐ Á NÆSTUNNI** Einhver bið verður á því að H&M opni á Íslandi. Fjölmiðlafulltrúi fyrirtækisins segir það í það minnsta ekki á dagskránni. NORDICPHOTOS/GETTY

ÓUMFLÝJANLEGT FRAMHALD PABBANS

SIGGI SIGURJÓNS ER

# AFINN

HÖFUNDUR OG LEIKSTJÓRI:
BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON



Tryggðu þér miða strax!

## Frumsýnt í kvöld kl. 20 | UPPSELT

| | | |
|---|---|---|
| lau. 15/1 kl. 20 UPPSELT | lau. 22/1 kl. 19 UPPSELT | fös. 28/1 kl. 22 örfá sæti |
| sun. 16/1 kl. 20 UPPSELT | lau. 22/1 kl. 22 aukasýning | lau. 29/1 kl. 19 laus sæti |
| mið. 19/1 kl. 20 UPPSELT | sun. 23/1 kl. 20 örfá sæti | lau. 29/1 kl. 22 örfá sæti |
| fim. 20/1 kl. 20 UPPSELT | mið. 26/1 kl. 20 UPPSELT | sun. 30/1 kl. 20 örfá sæti |
| fös. 21/1 kl. 19 UPPSELT | fim. 27/1 kl. 20 UPPSELT | |
| fös. 21/1 kl. 22 aukasýning | fös. 28/1 kl. 19 UPPSELT | |

„Landsþekktur leikari með ofurskammt af Viagra gripinn í Grindavík"

LYFJA – Lífið heil

Miðasala | 568 8000
borgarleikhus.is

THORSSON PRODUCTIONS TP

Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



NÝTT ÍSLENSKT




GOSVERKSMIÐJAN ★ KLETTUR

www.gosogvatn.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Mýrdal matreiðir fyrir milljónir

Íslandsheimsókn breska kokksins Hestons Blumenthal verður áberandi í þætti hans á Channel 4 í Bretlandi í kvöld. Þátturinn kallast Heston's Fishy Feast og má búast við að milljónir Breta fylgist með ævintýrum hans hér á landi. **Jón Mýrdal Harðarson**, kokkur og fjölmiðlamaður, var við störf á Fjöruborðinu á Ísafirði þegar Blumenthal bar þar að garði síðasta haust. Jón eldaði steinbít ofan í kokkinn þekkta, sem var hæstánægður með frammistöðuna. Svo ánægður að Jón á inni heimboð hjá Blumenthal á veitingastað hans í Bretlandi.



### Aftur til Íslands

Veitingastaður **Hestons Blumenthal** heitir The Fat Duck og skartar hann þremur Michelin-stjörnum. Hefur staðurinn nokkrum sinnum verið valinn besti veitingastaður Bretlands og þykir einn af þeim bestu í heiminum. Kokkurinn er fyrir vikið mjög þekktur og er fastagestur í sjónvarpi. Blumenthal hefur síður en svo fengið nóg af Íslandi og mun vera væntanlegur aftur hingað um næstu mánaðamót. Þá er ráðgert að taka upp auglýsingu fyrir bresku verslanakeðjuna Waitrose þar sem hann verður í aðalhlutverki. - hdm



## Mest lesið VISIR.IS

1. Gróft hótunarbréf sent aðstoðarmanni ráðherra
2. Hugsanlega stærsti skjálfti síðan 1934
3. Bifreið Matthíasar fannst brunnin
4. Hákarlaþjófnaður: Meistari á Múlakaffi aldrei heyrt annað eins
5. Íslendingur sakaður um árás á góðan smekk Svisslendinga


OFFICE OUTLET

50%

50% 50% 50% 50% 50% 50% 50% 50% 50% 50% 50% 50%

afsláttur af öllu
Á KORPUTORGI

Asláttur reiknast á kassa






**Verð sem eiga sér engan samanburð**

**Hringdu** er nýtt sjálfstætt fjarskiptafyrirtæki sem þjónustar einstaklinga með internet og heimasíma á verðum sem ekki hafa boðist hingað til.

**Hringdu** mun bjóða uppá þjónustu um allt land frá fyrsta degi á miklu betra verði.

www.hringdu.is Hringdu í **537 7000**

Opnum í dag klukkan 15:00 Grensásvegi 22.

Hringdu
- Það er ódýrara